**ÁSGEIR HELGI MAGNÚSSON**

*Dans er ekki bara starf heldur lífsstíll*

• Heilsa • Jólin koma

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**




**FRIÐRIK KARLSSON**

*Hefur spilað inn á 400 plötur og 50 topplög*

Vinnur náið með Simon Cowell í X-Factor í Bretlandi

**FÓLK 46**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. nóvember 2006 — 319. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Lofsverður broddur líður fyrir hæverskugrobb



Jakob Bjarnar Grétarsson rýnir í skáldverk Ellerts B. Schram, Á undan sinni samtíð.

**MENNING 32**

### Rýr hlutur kvenna



Elísabet Ronaldsdóttir og aðrar konur í kvikmyndageiranum eru ósáttar við hlut kvenna á Edduverðlaunahátíðinni.

**FÓLK 46**

### Áhrif Latabæjar

„Latibær einkennist af svo hröðum klippingum að því hefur verið líkt við tónlistarmyndbönd. Hvaða áhrif hefur það á markhóp þáttanna?“ spyr Dagný Kristjánsdóttir.

**UMRÆÐAN 24**

### Mæta Aserum í dag



Íslenska kvennalandsliðið í handbolta er komið til Rúmeníu þar sem forkeppni HM hefst í dag.

**ÍÞRÓTTIR 42**

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÁKA** - Í dag verður norðaustanstormur á norðvesturfjórðungi landsins, annars eitthvað hægari. Rigning eða slydda víða um land. Hiti 1-8 stig, mildast sunnan til.

**VEÐUR 4**




# Norðmenn vænta þátttöku í kostnaði varnarsamstarfs

**Varnarmálaráðherra Noregs segir eigið mat Íslendinga á varnarþörfum sínum vera forsendu fyrir viðræðum um aukna þátttöku Norðmanna í að tryggja þær. Yfirmaður varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins segir stjórnvöld hafa þetta mat á hreinu. Norski ráðherrann segir að einnig muni þurfa að ræða um kostnað.**

**VARNARMÁL** Forsenda fyrir viðræðum um hugsanlega aukna aðkomu Norðmanna að því að tryggja varnir Íslands er að fyrir liggi trúverðugt mat á varnarþörfum landsins. Þetta segir Anne-Grete Strøm-Erichsen, varnarmálaráðherra Noregs, í samtali við Fréttablaðið.

Á föstudaginn var urðu forsætisráðherrar Íslands og Noregs, Geir H. Haarde og Jens Stoltenberg, ásáttir um að í næsta mánuði skyldu hefjast formlegar viðræður milli landanna um framtíðarsamstarf á sviði öryggis- og varnarmála og eftirlit í Norðurhöfum.

Strøm-Erichsen segir að það fyrirkomulag sem kunni að verða samið um til að styrkja varnir Íslands og eftirlit á Norður-Atlantshafi, eigi að sínu áliti að vera innan ramma NATO-samstarfsins. Eftirlitið með lofthelgi sem NATO hefur annast í Eystrasaltslöndunum gæti nýst sem fyrirmynd að því fyrirkomulagi. Hugsanlegt sé að norskar orrustuþotur og P-3 Orion-eftirlitsflugvélar taki þátt í því, enda sameiginlegir hagsmunir í húfi. En hún ítrekar að frumforsendan sé að fyrir liggi mat á þörfinni og að frumkvæðið komi frá Íslendingum.

Íslensk stjórnvöld hafa grundvallarmat á varnarþörfum Íslands á hreinu og þar með forsendurnar fyrir því að fara út í viðræður við Norðmenn, að sögn Jóns Egils Egilssonar, yfirmanns varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Strøm-Erichsen tekur fram, að þegar niðurstaða sé fengin í það hvernig Noregur og önnur bandalagsríki í NATO geti komið að því að hlaupa undir bagga með Íslendingum, þurfi að ræða hvernig deila eigi kostnaðinum af hinu nýja fyrirkomulagi. Norski herinn hafi úr takmörkuðum fjármunum að spila.

„Fyrst verðum við að sjá hvaða viðbúnað Íslendingar sjálfir telja að sé þörf á og þeir fá ekki lengur frá Bandaríkjamönnum. Þá getum við rætt hvað við Norðmenn, og aðrir NATO-bandamenn, getum lagt af mörkum. Þegar niðurstaða er fengin í þær viðræður er röðin komin að því að ræða hver skuli greiða reikninginn. Noregur hefur úr takmörkuðum sjóðum og búnaði að spila til að taka á sig slík aukin verkefni og því eðlilegt að rætt verði um kostnaðinn,“ segir Strøm-Erichsen.

Spurð hvort hún vænti þess að málið verði rætt á leiðtogafundi NATO, sem hefst í Ríga í Lettlandi í dag, segist hún vonast til að tækifæri gefist til að ráðfærast eitthvað um framhaldið. Bæði Geir H. Haarde forsætisráðherra og Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra sitja fundinn í Ríga.

**- aa/** **sjá síðu 12**



**LETTNESKIR HERMENN MARSERA** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra situr leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins sem hefst í Lettlandi í dag. Á fundinum verður meðal annars rætt um aukið vægi bandalagsins á alþjóðavettvangi og stríðið í Afganistan.

Banaslys á Jótlandi:

## Töldu sig hafa ekið yfir dýr

**DANMÖRK** Danska lögreglan hefur haft afskipti af minnst tólf bílstjórum, sem um síðustu helgi óku yfir lík manns sem látist hafði í bílslysi á þjóðveginum skammt fyrir utan Sønderborg á Jótlandi. Frá þessu var greint í danska blaðinu Politiken.

Maðurinn, sem var 37 ára, varð fyrir bíl á veginum með þeim afleiðingum að hann kastaðist yfir á hinn vegarhelminginn. Hann er talinn hafa látist samstundis. Lík mannsins lá á veginum þar sem fjöldi bíla ók yfir hann.

Bílstjórarnir höfðu sjálfir samband við lögreglu eftir að fréttir af slysinu voru birtar í fjölmiðlum. Að sögn lögreglunnar töldu flestir bílstjórarnir að þeir hefðu ekið yfir dautt dýr á veginum. Þá grunaði ekki að um lík manns væri að ræða. **- smk**

Pétur og Svava færðu Hvanneyrarkirkju andvirði tveggja ákavítisflaskna:

## Fundu flöskuskeyti og uppfylltu sextíu ára gamalt áheit

**HVANNEYRI** Hjónin Pétur Jónsson og Svava Kristjánsdóttir, eigendur Árdals á Hvanneyri, færðu nýlega Hvanneyrarkirkju andvirði tveggja ákavítisflaskna til að uppfylla sextíu ára gamalt áheit sem þau fundu í flösku undir súð í húsi sínu.

Pétur og Svava fundu flöskuskeytið þegar verið var að gera upp íbúðarhús þeirra fyrir nokkru. Á miða í flöskunni höfðu fimm karlar ritað nafn sitt eigin hendi undir skilaboð þar sem heitið var á finnanda flöskunnar að gefa Hvanneyrarkirkju hundrað krónur.

Húsráðendur lentu ekki í miklum vandræðum með að framreikna þá upphæð því utan á flöskunni var miði þar sem kom fram að hún hafði innihaldið ákavíti og að hún hefði kostað fimmtíu krónur.



**SVAVA OG PÉTUR** Með flöskuna og skeytið sem þau fundu undir súð í húsi sínu.

Það var svo hinn 21. nóvember 2006, sextíu árum eftir að miðinn í flöskunni hafði verið skrifaður, að Pétur og Svava færðu Ingibjörgu Jónasdóttur, sóknarnefndarmanni Hvanneyrarkirkju, andvirði tveggja ákavítisflaskna, eða um átta þúsund krónur.

Að sögn Ingibjargar er ekki vitað hverjir fimmmenningarnir voru eða hvaða hlutverk þeir höfðu. Flöskuskeytið er hins vegar skrifað aftan á auða vinnuskýrslu frá Húsameistara ríkisins sem getur verið vísbending um að þeir hafi verið iðnaðarmenn eða verkamenn.

Um þessar mundir stendur yfir viðgerð á innviðum hinnar hundrað ára gömlu Hvanneyrarkirkju þannig að fjárstuðningurinn kemur sér vel. **- ghs**




## SPURNING DAGSINS



*Ína, er þessi bið ekki ónáttúruleg?*

Jú, hún er ónáttúruleg. Náttúrulega eiga menn að semja.

Eitt og hálft ár er síðan endurskoðun á kjarasamningi náttúrufræðinga átti að fara fram og hefur samningsaðilum gengið illa að ná saman. Ína Hjálmarsdóttir er formaður íslenskra náttúrufræðinga.

Færri börn bíða eftir vistun á frístundaheimilum borgarinnar en í fyrra:

# Styttri bið og fleiri komast að

**MENNTAMÁL** Staðan á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar er mun betri nú en á sama tíma í fyrra þegar um 150 börn voru á biðlista eftir vistun að sögn Björn Inga Hrafnssonar, formanns Íþrótta- og tómstundaráðs. Dofri Hermannsson, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar, gagnrýndi framgöngu meirihluta borgarstjórnar í málinu í Fréttablaðinu í gær.

Í dag eru 68 börn á biðlista sem mun vonandi styttast í vikunni þar sem tekist hafi að ráða í nokkrar stöður á síðustu dögum, að sögn Björns Inga.

„Auk þess er mun meiri aðsókn núna í vistun. Þannig erum við bæði að koma fleiri börnum að og erum með styttri biðlista. En engu að síður teljum við of mikið að hafa eitt einasta barn á biðlista."



BJÖRN INGI HRAFNSSON FORMAÐUR ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐS

Borgaryfirvöld eru með margs konar aðgerðir í gangi, fullyrðir Björn Ingi, og er nú í gangi þjónustukönnun hjá foreldrum allra barna sem eru á biðlista. „Við erum meðal annars að kanna hvort einhver þeirra þurfi bara hluta úr vistun svo hægt sé að koma fleirum fyrir inni á sama degi. Einnig erum við að upplýsa fólk um stöðuna."

Hingað til hefur sú regla gilt varðandi umsókn um vistun að fyrstir koma fyrstir fá. Nú hefur því verið breytt á þann veg að yngstu börnin og þau sem hafa sérþarfir fá forgang, að sögn Björns Inga. „Það leysir vanda ákveðinna barna. Og miðað við þá þróun sem er núna virðist mér að við getum klárað þetta á allra næstu vikum." - sdg

Innbrot í Mosfellsbæ:

## Stálu tækjum og skartgripum

**LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í tvegg ja hæða einbýlishús í Mosfellsbæ síðdegis á fimmtudaginn.**

**Þjófurinn eða þjófarnir spenntu upp glugga, rótuðu í skápum og skúffum og stálu heimabíómagnara, leikjatölvu, upptökuvélum og ýmsum öðrum rafeindatækjum. Auk þess var skartgripum, peningum og gjaldeyri stolið úr húsinu.**

**Að sögn lögreglunnar í Reykjavík nemur andvirði þýfisins hundruðum þúsunda, eða jafnvel milljónum króna. Málið er í rannsókn hjá lögreglunni. - ifv**

Leit í Hvammsvík:

## Kajakræðarinn fannst látinn

**SLYS Karlmaður á fimmtugsaldri fannst látinn úti fyrir Hvammsvík í Hvalfirði aðfaranótt mánudags.**

**Maðurinn fór í róður á kajak í víkinni rétt eftir hádegi á sunnudag. Þegar ekki hafði spurst til mannsins á sunnudagskvöldið hafði ættingi hans samband við lögreglu sem gerði björgunarsveitum og varðskipi, sem var í mynni Hvalfjarðar, viðvart. Áhöfn varðskipsins fann manninn laust fyrir klukkan tvö um nóttina þar sem hann lá við hliðina á bát sínum úti á sjó.**

**Tildrög slyssins eru ókunn. Ekki er hægt að greina frá nafni mannsins að svo stöddu. - ifv**

Tilefnislaus árás upplýst:

## Játar barsmíðar í Öskjuhlíðinni

**LÖGREGLUMÁL** Ungur piltur hefur játað að hafa ráðist á karlmann á sjötugsaldri í Öskjuhlíðinni síðastliðið föstudagskvöld. Pilturinn og þrír félagar hans veittust að manninum á Flugvallarvegi eftir að hafa komið upp að bíl mannsins og spurt hvort hann væri samkynhneigður.

Fórnarlambið hlaut slæma áverka á andliti í árásinni og missti auk þess fjórar tennur. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík liggur nú fyrir að einungis einn piltanna lagði hendur á manninn og telst málið að fullu upplýst. Fórnarlambið og piltarnir þekktust ekkert. - þsj

# Óttast að Tamiflu geti valdið geðsýki

**Tilkynnt hefur verið til lækna í Bandaríkjunum um alvarlegar geðrænar aukaverkanir hjá 120 börnum sem fengið hafa inflúensulyfið Tamiflu. Um 89.000 skammtar af lyfinu hafa verið keyptir hingað vegna hættu á fuglaflensu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tilkynnt hefur verið um alvarlegar geðrænar aukaverkanir hjá á annað hundrað börnum sem fengið hafa inflúensulyfið Tamiflu og eru þær hugsanlega afleiðingar af notkun þess. Tugþúsundir skammta af lyfinu hafa verið keyptir hingað til lands til að bregðast við heimsfaraldri inflúensu, til að mynda fuglaflensu.

„Þetta hefur komið til skoðunar áður, en engar tilkynningar hafa borist frá ábyrgum yfirvöldum enn um að þarna sé raunveruleg tenging," segir Haraldur Briem, sóttvarnalæknir hjá Landlæknisembættinu. Hann bætir við að samkvæmt síðustu upplýsingum sem hann hafi fengið hafi þessara hugsanlegu aukaverkana gætt í Japan. Þar í landi sé lyfið mikið notað handa börnum.

Hjá Landlæknisembættinu eru nú til 89 þúsund skammtar af Tamiflu, sem eiga að nægja þriðjungi þjóðarinnar ef heimsfaraldur breiðist út.

„Við höfum ekki einungis keypt Tamiflu, heldur einnig lyf sem heitir Relenza til þess að hafa ekki öll eggin í einni körfu," segir Haraldur. „Við erum að kaupa um fjögur þúsund skammta af því á þessu ári og væntanlega um sextán þúsund á því næsta. Vitaskuld á alltaf að skoða upplýsingar eins og þessar af fullri alvöru, en ég hef enga staðfestingu á því að Tamiflu valdi geðrænum truflunum hjá börnum. Þetta er eitthvað sem menn hafa tekið eftir en svo getur verið að það sé mikið um geðrænar truflanir almennt. Þá þarf að athuga hvort þetta sé einungis tengt lyfinu eða hvort þetta sé eitthvað sem hægt er að búast við að gerist."



**TAMIFLUBIRGÐIR** Birgðir inflúensulyfja sem keyptar hafa verið hingað til lands vegna hættu á heimsfaraldri, til að mynda fuglaflensu, eru nær einungis Tamiflu.

> Við höfum ekki einungis keypt Tamiflu, heldur einnig lyf sem heitir Relenza til þess að hafa ekki öll eggin í einni körfu.
>
> HARALDUR BRIEM
> SÓTTVARNALÆKNIR

Haraldur segir enn fremur að heilbrigðisyfirvöld muni fylgjast náið með þróun mála. Fullvíst sé að Tamiflu valdi ekki aukaverkunum af þessu tagi hjá fullorðnu fólki.

Framleiðandi lyfsins hefur í samráði við bandarísku lyfjastofnunina FDA sent tilkynningu til lækna í Bandaríkjunum þar sem greint er frá 120 tilvikum geðrænna aukaverkana hjá börnum sem fengið hafa Tamiflu, að því er fram kemur á vefsíðu Lyfjastofnunar. Þessar upplýsingar eru einnig til skoðunar hjá heilbrigðisyfirvöldum í Evrópu.

jss@frettabladid.is



**FJÖLDAMORÐINGJA LEITAÐ** Fimm veiðimenn fundust myrtir í Grikklandi á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjöldamorð í Grikklandi:

## Fimm myrtir í veiðiferð

**GRIKKLAND, AP** Fimm ungir veiðimenn, sem allir voru í sömu fjölskyldu, fundust myrtir í miðhluta Grikklands á laugardag. Mennirnir, sem voru á aldrinum 17 til 33 ára, voru saman í veiðiferð þegar harmleikurinn varð. Tveir þeirra voru bræður en hinir þrír voru frændur bræðranna. Faðir bræðranna fann líkin á akri, en hann hóf leit að mönnunum eftir að annar sonur hans hringdi í hann úr farsíma sínum. Sambandið slitnaði þó áður en feðgarnir náðu að tala saman.

Gríska lögreglan hefur hafið morðrannsókn og leitar nú morðingjans. - smk

Lögregla höfuðborgarsvæðis:

## Jón H.B. varalögreglustjóri

**STJÓRNSÝSLA Jón H.B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, verður aðstoðarlögreglustjóri hjá nýju embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem tekur til starfa um áramótin. Fréttastofa NFS greindi frá þessu í kvöldfréttum sínum í gær. Jón vildi ekki staðfesta þetta við fréttastofuna.**

**Stefán Eiríksson, lögreglustjóri hins nýja embættis, vildi ekki tjá sig um málið og vísaði á dómsmálaráðuneytið. Ekki náðist í dómsmálaráðherra. -sdg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Falsaðir peningar í umferð

Tveimur fölsuðum 5.000 króna seðlum var framvísað í verslunum í Reykjavík um helgina. Seðlarnir voru ljósritaðir og báru báðir sama númer. Því ætlar lögreglan að þeir komi báðir fá sama aðila.






Vinstrisinnaður hagfræðingur sigrar í forsetakosningum í Ekvador:

# Vill hjálpa fátækum og draga úr áhrifum Bandaríkjanna

**EKVADOR, AP** Rafael Correa, 43 ára vinstrisinnaður hagfræðingur, sigraði með glæsibrag í forsetakosningunum í Ekvador á sunnudaginn. Þegar helmingur atkvæða hafði verið talinn í gær hafði Correa fengið tvisvar sinnum fleiri atkvæði en andstæðingur hans, auðjöfurinn Alvaro Noboa.

Ekvador bætist því í hóp þeirra Suður-Ameríkuríkja þar sem vinstrimaður er við völd. Fyrir eru vinstrimenn við stjórnartauminn í Bólivíu, Brasilíu, Argentínu, Chile og Venesúela.

Þeim Correa og Hugo Chavez, forseta Venesúela, er vel til vina, en Chavez hefur verið einn hvassyrtasti andstæðingur Bandaríkjanna.

Correa hóf kosningabaráttu sína með því að líkja sér við Chavez, en hætti því þegar hann sá að það kæmi ekki vel út í skoðanakönnunum. Nú eru þær afstaðnar og Correa segist vonast til þess að geta gert svipaða hluti og Chavez.

Correa hefur lofað því að bæta mjög stöðu fátækra í Ekvador, landi þar sem fátækt er mikil.



**RAFAEL CORREA OG EIGINKONA HANS FAGNA SIGRI** Correa hafði fengið tvisvar sinnum fleiri atkvæði en andstæðingur hans þegar helmingur atkvæða hafði verið talinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann vill einnig breyta stjórnarskrá landsins til þess að draga úr valdi gömlu flokkanna og takmarka starfsemi Bandaríkjanna í Ekvador.

Andstæðingur Correas í forsetakjörinu, Noboa, vildi þó ekki viðurkenna ósigur sinn í gær og sakaði Correa um kosningasvindl. - gb




# Tala meira. Borga minna.

**0,00** kr./mín.
Hringt í SKO GSM síma.

**14,90** kr./mín.
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

SMS **4,90** kr.
í alla GSM síma á Íslandi.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**www.sko.is**

SKO býður jafngóða GSM þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

## GENGIÐ 27.11 2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,96 | 70,3 |
| Sterlingspund | 135,51 | 136,17 |
| Evra | 91,71 | 92,3 |
| Dönsk króna | 12,311 | 12,382 |
| Norsk króna | 11,103 | 11,169 |
| Sænsk króna | 10,156 | 10,216 |
| Japanskt jen | 0,6024 | 0,606 |
| SDR | 105,14 | 105,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,822

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eignarnám á 863 hektara landi úr Vatnsendajörð rædd í bæjarstjórn Kópavogs:

# Uppbygging á undan áætlun

**KÓPAVOGUR** Bæjarstjórn Kópavogs ræðir í dag fyrirhugað eignarnám bæjarins á 863 hektara landi úr Vatnsendajörðinni.

Að því er segir í greinargerð bæjarlögmanns hefur eftirspurn eftir lóðum í Vatnsenda verið mikil og uppbyggingin verið langt á undan áætlunum. Geri megi ráð fyrir að íbúðarbyggð þróist áfram á þessu svæði: „Kópavogsbær þarf á frekara byggingarlandi að halda og svæðum til að tryggja fullnægjandi þjónustu við byggðina.“

Bæjarlögmaður segir Kópavogsbæ hafa skuldbundið sig til að útvega Hestamannafélaginu Gusti nýtt svæði í stað þess sem félagið hefur nú en verður tekið til annarra nota. Unnið sé að deiliskipulagi fyrir hesthúsabyggð á Vatnsendasvæðinu. Einnig sé gert ráð fyrir skógrækt á svæðinu og þar sé framtíðarvatnsöflunarstaður bæjarins.



**FÉLAGAR Í GUSTI** Hestamenn í Gusti fá nýtt svæði fyrir starfsemina í Vatnsendalandinu. MYND/BJARNLEIFUR BJARNLEIFSSON

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu getur bærinn ekki keypt land af eiganda Vatnsendajarðarinnar vegna kvaða í erfðaskrá. Til að komast fram hjá því er farin sú leið að taka landið eignarnámi. Drög að samningi um verð munu vera tilbúin en ekki hefur enn verið greint frá innihaldinu. Eins og áður hefur verið gert mun ætlunin vera sú að greiða eiganda landsins, Þorsteini Hjaltested, hvort tveggja með byggingarrétti og reiðufé. **- gar**

Framsókn í Reykjavík suður:

# Auglýsir eftir frambjóðendum

**STJÓRNMÁL Framsóknarflokkurinn hefur auglýst eftir framboðum fyrir flokkinn í Reykjavíkurkjördæmi suður.**

**Einnig er óskað eftir ábendingum um áhugaverða og líklega frambjóðendur.**

**Stillt verður upp á lista flokksins í kjördæminu.**

**Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra var í fyrsta sæti listans í síðustu kosningum en flokkurinn fékk einn mann kjörinn. Björn Ingi Hrafnsson, sem skipaði annað sætið, hefur þegar lýst yfir að hann sækist ekki eftir sæti á lista á nýjan leik. - bþs**

Vinnuslysið á Kárahnjúkum:

# Ekki talinn í lífshættu

**SLYS Líðan mannsins sem slasaðist á Kárahnjúkavirkjun á laugardagskvöld er stöðug að sögn svæfingalæknis á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi.**

**Maðurinn, sem vann við að stjórna krana, féll niður úr honum og dróst um fimmtíu metra eftir stífluveggnum og hafnaði á steypustyrktarjárni.**

**Honum er haldið sofandi í öndunarvél en er ekki talinn í bráðri lífshættu.**

**Maðurinn fór í aðgerð í gær og í fyrradag vegna áverka á kviðar- og brjóstholi. - ifv**

Fíkniefni finnast í Árneshverfi:

# Ellefu manns handteknir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi handtók ellefu manns í Árneshverfi á sunnudag og lagði hald á lítilræði af fíkniefnum.

Lögreglan fékk tilkynningu um útafkeyrslu á svæðinu um hálftólfleytið. Þegar hún kom á vettvang kom í ljós að ökumaðurinn var í annarlegu ástandi. Kom í ljós að hann hafði verið í gleðskap á svæðinu. Við húsleit fannst lítilræði af amfetamíni og hassi. Ellefu ungmenni um tvítugt voru handteknir. Þeim hefur verið sleppt úr haldi. **- ifv**

## ÁRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær birtist grein þar sem „nokkrar cappuccino-sötrandi miðbæjarrottur“, eins og það var orðað, völdu „mestu krummaskuð Íslands“. Greinin átti að vera græskulaus en af viðbrögðum að dæma þótti sumum lesendum gamanið grátt og einhverjum ófyndið með öllu. Eru þeir beðnir velvirðingar enda var ekki hugmyndin að særa neinn.

# Lögin skilgreina nauðgun öðru vísi en almenningur

**Almenn hegningarlög skilgreina nauðgun allt öðruvísi en almenningur. Núgildandi skilgreining nauðgunar felur ekki í sér viðurkenningu á þungamiðju kynferðisafbrota. Viðhorf samfélagsins hafa mikil áhrif á lagasetningu og umfjöllun um kynferðisafbrot. Nýtt frumvarp er til mikilla bóta en væri hægt að bæta.**

**MANNRÉTTINDAMÁL** Leggja ætti áherslu á kynfrelsi við skilgreiningu á nauðgun því innan hugtaksins sameinast virðing fyrir persónu þolanda, athafnafrelsi og síðast en ekki síst sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins. Lagalegar skilgreiningar á kynferðisbrotum í dag endurspegla ekki eðli og inntak brotanna í núgildandi kynferðisafbrotakafla almennu hegningarlaganna. Þannig eru gerendur í kynferðisofbeldismálum dæmdir eftir þremur ólíkum greinum laganna þó að brotið sé í eðli sínu það sama.

Þetta var meðal þess sem kom fram í erindi Þorbjargar S. Gunnlaugsdóttur, Afbrotið nauðgun, sem byggt var á efni meistararitgerðar hennar í lögfræði sem hún flutti á málfundi Mannréttindaskrifstofu Íslands í gær. Málþingið er hluti af 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi sem nú stendur yfir í sextánda sinn en þar er þess freistað að draga kynbundið ofbeldi fram í dagsljósið sem mannréttindabrot.

Þorbjörg bendir á að skilningur laganna á nauðgun sé allt annar en almennings. Samkvæmt lögunum sé aðeins um nauðgun að ræða ef ofbeldi eða hótun um ofbeldi kemur til. Sé það hins vegar ekki til staðar felur afbrotið ekki í sér nauðgun heldur ólögmæta kynferðisnauðung eða misneytingu sem varðar að hámarki sex ára fangelsi en nauðgun varðar allt að sextán ára fangelsi.

Þorbjörg segir að núgildandi skilgreining nauðgunar feli ekki í sér næga viðurkenningu á því sem er í raun þungamiðja í afbrotinu nauðgun, það er kynfrelsi. „Kynferðislegt sjálfsforræði er einfaldlega ekki að fullu viðurkennt þegar það skiptir máli hvort gerandi er maki, hvort þolandi er ölvaður eða andlega fatlaður eða hvort „nauðgun“ náðist fram með ofbeldi eða hótun um ofbeldi. Slík nálgun leggur kynfrelsi ekki til grundvallar, heldur nær því eingöngu fram að flokka kynferðisbrot eftir mismunandi verknaðaraðferðum.“

Þorbjörg segir að miða mætti skilgreiningu um nauðgun við það hvort samþykki var fyrir hendi eða ekki. Ef svarið er nei þá sé gerandinn sekur um nauðgun. Þorbjörg tók fram að frumvarp um breytingu á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, væri mjög til bóta frá því sem nú er.

> …það skiptir máli hvort gerandi er maki, hvort þolandi er ölvaður eða andlega fatlaður…

Í erindi sínu fjallaði Þorbjörg einnig um viðhorf til kynferðisafbrota í samfélaginu. Þar benti hún á að aðstæður skipti miklu máli og viðhorf samfélagsins hafi áhrif á lagasetninguna.

svavar@frettabladid.is



**ÞORBJÖRG S. GUNNLAUGSDÓTTIR** Segir að miða mætti skilgreiningu um nauðgun við það hvort samþykki var fyrir hendi eða ekki.

## ALMENN HEGNINGARLÖG

**1. 194. gr.** Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst sviptting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

**2. 195. gr.** Hver sem með annars konar ólögmætri nauðung þröngvar manni til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

**3. 196. gr.** Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

**4. Frumvarp: 194. gr. laganna orðast svo:**
Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi eða hótunum gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst sviptting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.


FERSKIR



Safaríkar upplýsingar í Xerox litum gera það að verkum að útkoman er lesandanum í fersku minni.



Xerox litaprentarar, fjölnota kerfi og stafrænar prentvélar.

XEROX® EJS




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MILT FRAMUNDAN**

Gangi spár eftir bendir allt til þess að frostlaust verði á láglendi í dag og næstu daga. Það er reyndar svo að það tekur á að fjarlægja kalt þungt loft burt af landinu og það er kraftur í þessari lægð sem þessu veðri stýrir. Takist henni ætlunarverk sitt verður láglendið yfirleitt frostlaust síðdegis í dag. Þar sem vindur nær sér ekki á strik þar gæti kalda loftið setið sem fastast.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Allhvöss norðaustanátt með morgninum en síðan hægari. Lítils háttar væta. Hiti 3-6 stig.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*



*» á morgun*



5- 10 m/s.

*» fimmtudagur*



5-10 m/s , en þó hvassara á Vestfjörðum.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C hálfskýjað | London | 14°C rigning | Alicante | 21°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 11°C rigning | París | 15°C skúrir | Mallorca | 19°C heiðskírt |
| Osló | 9°C skúrir | Frankfurt | 14°C hálfskýjað | Algarve | 19°C skúrir |
| Stokkhólmur | 9°C alskýjað | Friedrichshafen | 11°C léttskýjað | Krít | 20°C léttskýjað |
| Gautaborg | 10°C alskýjað | Berlín | 13°C heiðskírt | Las Palmas | 23°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




ADSL extra er ný leið fyrir kröfuharða viðskiptavini sem vilja enn meiri hraða fyrir send gögn eða allt að 2 Mb/s.

| Hraði | Gagnamagn | Verð | Hámark |
|---|---|---|---|
| 8 Mb/s | ótakmarkað | 7.990 kr. | 7.990 kr. |
| 12 Mb/s | ótakmarkað | 8.990 kr. | 8.990 kr. |
| 14 Mb/s | ótakmarkað | 9.990 kr. | 9.990 kr. |

12 mánaða samningur skilyrði. Þessi þjónusta er eingöngu í boði fyrir búnað sem styður AnnexM staðalinn.
Hraði á ADSL tengingu getur verið háður vegalengd frá næsta ADSL tengipunkti.

**Komdu í næstu Vodafone verslun, smelltu þér á www.vodafone.is eða hringdu í 1414 til að fá nánari upplýsingar.**

vodafone

## KJÖRKASSINN



*Eiga íslensk stjórnvöld að biðjast afsökunar á stuðningi við innrásina í Írak?*

| | |
|---|---|
| Já | 77,0% |
| Nei | 33,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á RÚV að vera á auglýsingamarkaði?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Þjóðskjalavörður svarar Ólafi Hannibalssyni um símhleranir:

# Sími þingmanns var hleraður

**SÍMHLERANIR** Dómsúrskurður um að lögreglunni í Reykjavík væri leyfilegt að hlera síma Hannibals Valdimarssonar var kveðinn upp sunnudaginn 26. febrúar 1961, en þá sat Hannibal á þingi og naut því þinghelgi. Þetta kemur fram í gögnum sem Ólafur, sonur Hannibals, hefur fengið frá þjóðskjalaverði.

Að sögn Ólafs var úrskurðurinn fenginn að beiðni dómsmálaráðuneytisins og Baldur Möller deildarstjóri skrifaði undir beiðnina fyrir hönd ráðuneytisins. Sakadómari, Valdimar Stefánsson, kom þann sama dag upp í ráðuneyti og kvað upp dómsúrskurð um að hlerun væri heimil á heimasíma Hannibals


HANNIBAL VALDIMARSSON

og vinnusíma hans hjá Alþýðusambandi Íslands, en Hannibal var forseti þess. Einnig var veitt heimild til hlerunar á símanúmerum annarra, en yfir þau hefur verið strikað. Annar af tveimur vottum að úrskurðinum var Sigurjón Sigurðsson, þáverandi lögreglustjóri.

Dómsúrskurður Valdimars byggist á tveimur röksemdum. Að þeir sem hleraðir skuli, liggi undir grun um að vilja trufla starfsfrið Alþingis og að þeir séu grunaðir um að ógna öryggi ríkisins.

Á þessum tíma var Hannibal annar af tveimur leiðtogum stjórnarandstöðunnar, búinn að sitja á þingi í hálfan annan áratug, eða síðan 1946. Hann hafði verið í ríkisstjórn skömmu áður, gegndi embætti félags- og heilbrigðismálaráðherra til ársloka 1958.

Ekki fylgir upplýsingum þjóðskjalavarðar hversu lengi hleranirnar stóðu yfir né hver nýtti sér upplýsingar úr þeim. Ekki heldur hvað um þær varð. **- kóþ**

Karlmaður slasaðist alvarlega:

# Á gjörgæslu eftir fallhlífarslys

**SLYS Karlmaður á fertugsaldri slasaðist alvarlega í fallhlífarslysi við Svignaskarð í Borgarfirði rétt eftir hádegið á sunnudaginn.**

**Maðurinn var að fljúga fallhlíf, sem útivistarmenn nota til að láta draga sig í vindi, þegar hlífin lenti í snarpri vindhviðu. Dróst maðurinn með henni tíu metra og brotlenti ofan í skurði.**

**Maðurinn rifbeinsbrotnaði og hlaut brjóstholsáverka. Hann var fluttur á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þar sem hann gekkst undir aðgerð. Að sögn svæfingalæknis er manninum haldið sofandi í öndunarvél.**

**- ifv**




# Auðmenn ráði ekki útliti miðbæjarins

**Húsafriðunarnefnd og fjöldi íbúa mótmæla niðurrifi gamalla húsa og byggingu stórs verslunarhúss á Laugavegi. Séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir segir óþolandi að fjársterkir menn geti rifið gömul hús og byggt í staðinn það sem þeim sýnist.**

**SKIPULAGSMÁL** „Það er óþolandi að fjármunir megi ráða útliti miðbæjarins," segir séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir sem er ein fjölmargra sem mótmæla fyrirhuguðum breytingum á svokölluðum Frakkastígsreit.

Samkvæmt hugmyndum Vatns og lands ehf., eiganda lóðarinnar sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg og Hverfisgötu, verða húsin á reitnum rifin og 11.300 fermetra verslunarhús byggt í staðinn. Undir húsinu á að auki að vera bílakjallari á þremur hæðum. Mótmælin hafa streymt til borgaryfirvalda.

Húsafriðunarnefnd ríkisins segir yfirdrifið byggingarmagnið vera algerlega úr takti við umhverfið og spilla einkennum Laugavegarins. Eindregið sé mælt með því að húsin númer 41, 43 og 45 verði ekki rifin. Varðveislan dragi ekki úr möguleikum á nýtingu reitsins: „Þvert á móti leysir hún mikinn vanda sem felst í því að laga alltof stóra nýbyggingu að smágerðum og litríkum mælikvarða Laugavegarins."

Íbúar við Frakkastígsreitinn mótmæla uppbyggingunni kröftuglega. Auk þess að nefna fagurfræðilegar ástæður segjast þeir myndu tapa bæði útsýni og sólarljósi og verða fyrir miklum óþægindum vegna torgs sem verði í bakgarði nýja verslunarhússins. Búast megi við gífurlegu ónæði á framkvæmdatímanum.

Rýnihópur um útlit bygginga í miðborginni segir nýbygginguna eiga að vera svo stóra að erfitt verði að hanna útlit hennar án þess að „misbjóða" umhverfinu. Að minnsta kosti ætti að leyfa steinhúsinu á Laugavegi 43 að standa áfram. Eigandi lóðanna segir reyndar í nýjustu tillögu sinni að „horft verði til þess" að halda útliti framhliðar Laugavegar 43.

Séra Auður Eir segir í sínu mótmælabréfi til borgarinnar sem vitnað var til hér í upphafi að gamli húsastíllinn í miðbænum sé fjársjóður sem glapræði sé að eyðileggja með því að færa stíl nýrri hverfa inn í miðbæinn. Óþolandi sé að þeir sem eigi peninga til að kaupa gömul hús fái að rífa þau og byggja það sem þeim sýnist:

„Þetta er jafn óþolandi og það væri ef auðfólk keypti Tjörnina og breytti henni í bílastæði, eða keypti Dómkirkjuna eða Landakotskirkju til að flytja burt eða gera við þær það sem þeim sýndist," segir séra Auður Eir.

**gar@frettabladid.is**



**SÉRA AUÐUR EIR VILHJÁLMSDÓTTIR** „Ég hugsa með skelfingu til niðurrifs hinna gömlu húsa og nýrra óviðeigandi bygginga í staðinn," segir í mótmælabréfi séra Auðar Eirar sem vill að húsin á Laugavegi 41, 43, og 45 fái að standa áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LAUGAVEGUR** Rífa á húsin á Laugavegi 41 og 45 en „horfa til þess" að halda útliti framhliðar hússins númer 43. MYND/ATELIER ARKITEKTAR




Stillt til friðar á geðdeild Landspítalans með því að færa starfsmann til:

# Hjúkrunarfræðingur til starfa á Kleppi gegn vilja sínum

**DÓMSMÁL** Atvik milli tveggja hjúkrunarfræðinga að næturlagi heima hjá öðrum þeirra varð til þess að yfirmaður þeirra taldi ófært að þeir störfuðu áfram saman á geðsviði Landspítalans við Hringbraut. Annar hjúkrunarfræðingurinn, 36 ára gömul kona, var því flutt til í starfi og sagt að mæta til vinnu á Kleppi.

Konan sættir sig ekki við flutninginn og hefur stefnt spítalanum fyrir dómstóla. Málið kann að leiða til uppsagnar hennar.

Atburðurinn sem leiddi til þess að ákveðið var að flytja konuna á Klepp varð aðfaranótt laugardagsins 3. september. Hinn hjúkrunarfræðingurinn, sem er karlmaður, kvartaði undan konunni og hinn 17. október var henni tilkynnt í bréfi frá deildarstjóra móttökugeðdeildar að ágreiningur þeirra tveggja myndi valda röskun á starfinu. Hún ætti því að mæta til vinnu á Kleppi.

„Lýsing á atviki frá báðum aðilum, leiðir líkum að því að farsælast sé að hjúkrunarfræðingarnir vinni ekki náið saman á næstunni," segir í bréfi deildarstjórans.

Hvorki lögmaður konunnar né spítalinn vilja upplýsa hvað á að hafa gerst umrædda nótt. Konan sótti um flýtimeðferð á málinu fyrir dómstólum sem höfnuðu því þar sem í ráðningarsamningi konunnar væri ákvæði um að hún gæti flust á milli deilda og að vinnutími og laun væru eins og áður. Þá myndi hún eftir sem áður verða styrkt af geðsviði í endurmenntun í hugrænni atferlismeðferð. **- gar**



**KLEPPUR** Hjúkrunarfræðingur sem starfað hefur á bráðageðdeildinni á Hringbraut í fimm ár sættir sig ekki við að vera flutt á Kleppsspítala. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Landslið matreiðslumeistara er samstarfsaðili Hagkaupa

# Besti hryggurinn

## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**







# Gæða hangikjöt

## í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka, þú smellir bara pokanum með hangikjötinu beint í pottinn og sýður skv. leiðbeiningum. **Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða fyrrverandi forsætisráðherra Ítala fékk aðsvif í beinni sjónvarpsútsendingu um helgina?*

2 *Hverjir urðu Íslandsmeistarar karla í knattspyrnu innanhúss á sunnudag?*

3 *Hver var kjörinn Herra Ísland á Broadway síðastliðinn fimmtudag?*

SVÖRIN ERU Á BLS.46

Maður skotinn af lögreglu stuttu áður en hann ætlaði að kvænast:

# Hundruð mótmæltu lögregluofbeldi

**BANDARÍKIN** Lögregla í New York borg í Bandaríkjunum varð manni að bana og særði tvo í skothríð á laugardag. Hundruð manna komu saman á sunnudaginn til þess að mótmæla þessum verknaði lögreglunnar og kröfðust sumir þess að lögreglustjóri borgarinnar segði af sér.

Maðurinn sem lést átti að gifta sig nokkrum tímum síðar. Atvikið átti sér stað fyrir utan nektardansstað þar sem mennirnir höfðu verið að skemmta sér. Þeir voru óvopnaðir, en allir þeldökkir.

„Við getum ekki leyft að þetta haldi áfram,“ sagði Al Sharpton, prestur og mannréttindafrömuður, sem tók sér stöðu með mótmælendum fyrir utan sjúkrahús í borginni þar sem annar hinna særðu lá.

„Við verðum að átta okkur á því að við vorum öll í þessum bíl,“ bætti hann við. Borgarstjóri New York borgar, Michael Bloomberg, sagði lögreglumennina hafa haft ástæðu til að halda að mennirnir væru vopnaðir. Fimm lögreglumenn, sem áttu þarna hlut að máli, hafa verið sviptir skotvopnum sínum og sendir í leyfi. Lögregla skaut fimmtíu sinnum á bíl þeirra og hæfði 21 sinni. Annar eftirlifandi mannanna er þungt haldinn á sjúkrahúsi með ellefu skotsár. Engin vopn fundust í bílnum eða á mönnunum. **- sun/gb**



**MÓTMÆLI** Blökkumönnum í New York er nóg boðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líkamsárás í London:

# Haraldi enn haldið sofandi

**LONDON** Líðan Haraldar Hannesar Guðmundssonar, sem lenti í fólskulegri líkamsárás í London um þarsíðustu helgi, er óbreytt. Honum er haldið sofandi í öndunarvél.

Um helgina var svefnlyfjaskammtur Haralds minnkaður til að athuga hvort hann myndi vakna. Hann komst hins vegar ekki til meðvitundar að sögn Harðar Helga Helgasonar, vinar hans. Aftur verður reynt að vekja Harald á næstu dögum.

Að sögn Roberts Gurr, hjá lögreglunni í Bethnal Green í London, hefur rannsókn málsins ekki skilað árangri. **- ifv**

# Tíu banaslys á sjö árum rakin til þreytu ökumanns

**Frá 1998 til 2005 létust tíu einstaklingar í umferðarslysum á Íslandi þar sem þreyta ökumanns var slysavaldur. Syfja er talin jafnhættuleg og ölvun við akstur. Sérfræðingur segir brýnt að vitundarvakning verði.**

**UMFERÐARMÁL** Tíu einstaklingar létust í umferðarslysum á Íslandi frá 1998 til 2005 vegna þess að ökumaður sofnaði undir stýri. Árið 2001 voru fjögur banaslys rakin til þessa en í öllum tilfellum lést farþegi í framsæti. Ástand þar sem einstaklingur er svo þreyttur að hann missir stjórn á bifreið sinni er talið jafn hættulegt og ef ökumaður er ölvaður undir stýri. Slysatíðni vegna syfju er talin stórlega vanmetin þar sem ökumenn viðurkenna ekki alltaf raunverulega orsök slyss og slys eru aldrei skráð nema öruggur vitnisburður sé fyrir hendi.

Þetta kom fram í máli Gunnars Guðmundssonar, lungnalæknis á Landspítala, sem flutti erindi um syfju og akstur á umferðarþingi í gær. Einnig kom fram að tölur frá Umferðarstofu sýna að 13 prósent allra framanákeyrslna og 12 prósent tilfella þar sem ökumaður ekur útaf vegi eru vegna syfju. Erlendis eru 30 prósent framanákeyrslna og útafaksturs rakin til syfju og fjórir af hverjum tíu viðurkenna að hafa dottað undir stýri.

Í umræðum um erindið kom fram sú spurning hvernig tengsl syfju og slysa eru metin. Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa, sat fyrir svörum og sagði að syfja væri aldrei skráð sem orsök slyss nema öruggur vitnisburður væri fyrir hendi. Þess vegna telur hann öruggt að syfja sem orsök slysa sé stórlega vanmetin.

Gunnar segir Íslendinga í mörgum tilfellum hvílast of lítið og tiltók margar ástæður þess vegna. Kæfisvefn er ein þessara ástæðna og hefur verið mikið rannsakaður. Fjögur prósent karla og tvö prósent kvenna á Íslandi þjást af kæfisvefni. „Það er staðreynd að akstur skiptir miklu máli við kæfisvefn og tölur sýna að syfja getur verið jafn hættuleg og ölvun við akstur. Meðferð við kæfisvefni lagar dagsyfju og eykur færni til aksturs. Tölur sýna að ef 500 einstaklingar með kæfisvefn eru meðhöndlaðir eigum við að geta forðað einu banaslysi, 75 slysum þar sem fólk meiðist og 200 slysum þar sem verður tjón.“

Gunnar telur að vitundarvakning þurfi að verða hjá Íslendingum varðandi syfju og akstur. Eins bendir hann á nauðsyn þess að aðvörunarkerfi verði sett í bíla og vegi auk þess að gert verði ráð fyrir aðstöðu til hvíldar í vegakerfinu. **svavar@frettabladid.is**



**GUNNAR GUÐMUNDSSON, LÆKNIR**



**ÓHAPP Í REYKJAVÍK** Tíu banaslys á sjö ára tímabili eru rakin til syfju ökumanns. Myndin tengist fréttinni ekki á nokkurn hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Tölur sýna að ef 500 einstaklingar með kæfisvefn eru meðhöndlaðir eigum við að geta forðað einu banaslysi, 75 slysum þar sem fólk meiðist og 200 slysum þar sem verður tjón.“
>
> **GUNNAR GUÐMUNDSSON** LUNGNALÆKNIR



**AF MIÐUNUM** Stofnvísitala þorsks hefur lækkað síðan í síðustu mælingu. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Stofnmæling botnfiska:

# Vísitala þorsks lækkar nokkuð

**SJÁVARÚTVEGUR Stofnmæling botnfiska að haustlagi var gerð í ellefta sinn dagana 28. september - 30. október síðastliðinn. Rannsóknasvæðið miðast við landgrunn Íslands allt niður á 1.500 metra dýpi og er skipt í grunn- og djúpslóð.**

**Til rannsóknanna voru notuð bæði rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunarinnar, Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson. Alls var togað á 381 stað allt í kringum landið.**

**Helstu niðurstöður eru þær að stofnvísitala þorsks lækkar, ýsa, grálúða og djúpkarfi standa nokkurn veginn í stað en stofnvísitala gullkarfa hefur hækkað. - shá**


GÖNGUSKÓR Í JÓLAPAKKANN



Gefðu göngugreiningu í jólagjöf

• Gjafakort •

FLEXOR ORKUHÚSIÐ

Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900

• Aðalfundir í hverfafélögum Samfylkingarfélaganna í Reykjavík • Aðalfundir í hverfafélögum Samfylkingarfélaganna í Reykjavík •

Þingmenn og borgarfulltrúar ræða stjórnmálin á hverfafundum Samfylkingarinnar í Reykjavík



**Aðalfundur hverfafélags Samfylkingarinnar í Breiðholti**
verður haldinn þriðjudaginn 28. nóvember í Gerðubergi kl. 20.
*Gestir fundarins eru:* Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður
og Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi.

**Aðalfundur hverfafélags Samfylkingarinnar í Grafarvogi**
verður haldinn miðvikudaginn 29. nóvember á Korpúlfsstöðum kl. 20
*Gestir fundarins eru:* Össur Skarphéðinsson þingmaður
og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi.

**Aðalfundur hverfafélags Samfylkingarinnar í Hlíða- og Vogahverfi**
verður haldinn fimmtudaginn 30. nóv. í Vogaskóla kl. 20 (gengið inn frá Ferjuvogi)
*Gestir fundarins eru:* Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður
og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarfulltrúi

**Aðalfundur hverfafélags Samfylkingarinnar í Mið- og Vesturbæ**
verður haldinn fimmtudaginn 30. nóvember á Hallveigarstíg 1, kl. 20:30.
*Gestir fundarins eru:* Ingibjörg Sólrún Gísladóttir þingmaður
og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi.

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

www.sffr.is

Aðalfundir í hverfafélögum Samfylkingarfélaganna í Reykjavík

Aðalfundir í hverfafélögum Samfylkingarfélaganna í Reykjavík

• Aðalfundir í hverfafélögum Samfylkingarfélaganna í Reykjavík

# JÓLIN KOMA!



## „LUXURY" HORNSÓFI

Glæsilegur lúxus tunguhornsófi með þykku, dökk-brúnu bycast leðri. Sessur fylltar með fjaðrandi svampi sem er mjög þægilegt að sitja í. Bakpúðar fylltir með svampi sem eru mjúkir og veita þægilegan stuðning. Glæsilegur hornsófi á frábæru verði! Stærð: 296 x 217 x 82 sm. Hægt að fá á báða vegu.

**199.900,-**



## „ESSEN" HORNSÓFI / SVEFNSÓFI / HÆGINDASTÓLL

Þessi hornsófi er draumur fjölskyldunnar. Hérna hefur þú allt sem þú þarft í einum og sama sófanum. Hægt að breyta í svefnsófa eða hægindastól. Frábær hornsófi með míkrófíber áklæði sem einstaklega þægilegt er að þrífa. Dýna fylgir með. Stærð á sófa er 260 x 300 sm.

HORNSÓFI / SVEFNSÓFI / HÆGINDASTÓLL

**149.900,-**




VERÐ FRÁ:

**189,-**

## JÓLASERÍUR TIL AÐ NOTA INNI EÐA ÚTI

Mikið úrval af góðum jólaseríum til að nota innan- eða utanhúss. Fást í glæru, rauðu og marglituðu. Komdu og gerðu góð kaup í Rúmfatalagernum!



## SNJÓKÚLUR

Eigum nokkrar gerðir af fallegum snjókúlum til að hrista. Stóra snjókúlan er einnig spiladós, verð 2.**990,-**

VERÐ FRÁ:

**199,-**

# ALLT TIL JÓLANNA Í RÚMFATALAGERNUM!



1 STK.

**690,-**

## LJÓSAKÚLA MEÐ LJÓSI

Gullfalleg jólakúla með ljósi. Hægt að hengja upp.



1 STK.

**1.490,-**

## LJÓSASTJARNA

Jólaleg og falleg stjarna með ljósum. Hæð 30 sm. Hægt að hengja upp, stórglæsileg í gluggann!



TEKETILL

**990,-**

## SNJÓKARLALÍNA

Falleg keramik snjókarlalína. Bakki, bolli og teketill í stíl. Bakki **590,-** Bolli **199,-**



## GJAFA-POKAR

Flottir gjafapokar fáanlegir með mörgum fallegum mynstrum.

VERÐ FRÁ:

**99,-**

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



1 STK.

**299,-**

## ENGLAR ÚR KERAMIKI

Fallegar, hvítir keramikenglar á góðu verði.



**HUNDAJÓL** Þessi tíu vikna gamli Chihuahua-Pomeranian blandaði hvolpur var ákaflega glaður yfir að hitta jólasveininn í Montana í Bandaríkjunum á sunnudag og gaf honum marga kossa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öryggis- og vopnaleit í Leifsstöð færð frá einkaaðilum til ríkisins:

# Öryggiseftirlit til sýslumanns

**ÖRYGGISMÁL** Stjórnvöld eru að færa ríkisstofnunum verkefni á silfurfati að sögn Guðmundar Arasonar, framkvæmdastjóra Securitas, sem hefur, ásamt Öryggismiðstöðinni, annast öryggisleit á Keflavíkurflugvelli í samstarfi við Flugmálastjórn. Utanríkisráðuneytið hefur ákveðið að Flugmálastjórn geri þjónustusamning við sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli fyrir árið 2007 um framkvæmd þess hluta öryggisleitar sem Securitas og Öryggismiðstöðin hafa sinnt.

Guðmundur segist hafa upplýsingar um að þeirra þjónusta sé ódýrari en þjónusta sýslumannsembættisins og þetta gangi gegn útvistunarstefnu stjórnvalda sem snýst um að þar sem einkageirinn geti framkvæmt hluti hagkvæmar en hið opinbera sé forstöðumönnum skylt að bjóða verkefnið út. „Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli hefur tekið þessa stefnu upp og beitt í sínum ákvörðunum en er núna rekinn öfugur til baka. Þetta er slæmt merki til annarra ríkisstofnana,“ segir Guðmundur.

Gert er ráð fyrir 160 milljónum króna í samninginn við sýslumannsembættið að sögn aðstoðarmanns utanríkisráðherra. Á meðan verður gerð úttekt á mögulegum útfærslum á rekstri vopna- og öryggisleitar og ákvörðun um framtíðarútfærslu tekin í kjölfarið. Ekki náðist í utanríkisráðherra. - sdg



**LEIFSSTÖÐ** Bráðabirgðasamningur var gerður um framkvæmd öryggisleitar í sumar sem rennur út um áramót.

Ósátt ungmenni í Danmörku:

## 90 handteknir vegna mótmæla

**DANMÖRK** **Lögreglan í Rødovre í nágrenni Kaupmannahafnar handtók 90 mótmælendur á unglingsaldri við samkomuhús trúfélagsins Faderhuset á sunnudag. Vildu ungmennin mótmæla fyrirhuguðum flutningi æskulýðsstarfs trúfélagsins í bygginguna sem nú hýsir Ungdomshuset, samkomustað ungs fólks á Norðurbrú í Kaupmannahöfn.**

**Faderhuset keypti húsið fyrir skömmu og hefur sótt um leyfi til að rífa það og reisa nýtt. Borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn hafa reynt að koma að lausn málsins en án árangurs. Nýir eigendur eiga að fá húsið afhent 14. desember. - ks**


## Á AÐ VERA LANDBÚNAÐUR Á ÍSLANDI?

**Morgunverðarfundur Bændasamtaka Íslands, Sunnusal Hótels Sögu, miðvikudaginn 29. nóvember, kl. 8:15.**

Erindi flytja:



**Valdimar Einarsson**, ráðgjafi á Nýja-Sjálandi, kynnir breytt umhverfi í nýsjálenskum landbúnaði og ber það saman við íslenskan veruleika.



**Aðalsteinn Árni Baldursson**, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, fjallar um afleidd störf í landbúnaði og mikilvægi fyrir byggðir landsins.



**Anna Sigríður Ólafsdóttir**, lektor í næringarfræði við KHÍ, ræðir um heilsusamleg matvæli af heimaslóðum.

**Fundurinn er öllum opinn, aðgangur er ókeypis og veitingar verða í boði.**

Bændasamtök Íslands
Upptökur af erindum verða aðgengilegar á www.bondi.is


Fíkniefnasali handtekinn:

## Fundu fíkniefni í söluumbúðum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Kópavogi handtók tæplega tvítugan mann aðfaranótt föstudags. Við leit á manninum fundust fíkniefni í söluumbúðum. Í kjölfarið var gerð húsleit á heimili mannsins og fannst töluvert magn fíkniefna til viðbótar. Við yfirheyrslur viðurkenndi maðurinn að hafa ætlað að selja efnin. Honum var sleppt að yfirheyrslu lokinni.

Efnin sem tekin voru af manninum eru hass, maríjúana, amfetamín og ofskynjunarefni. Rannsókn málsins er ekki lokið. - þsj

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### 65 óhöpp um helgina

Lögreglunni í Reykjavík var tilkynnt um 65 umferðaróhöpp um liðna helgi. Í einu tilviki þurfti að flytja slasaðan mann með sjúkrabíl en flest óhöppin voru minniháttar. Tólf voru teknir fyrir ölvunarakstur, sjö fyrir að keyra yfir á rauðu ljósi og allmargir fyrir hraðakstur.

### Sveiflaði hnífi

Lögreglan á Selfossi handtók þrítugan karlmann á veitingastaðnum Ölfusi aðfaranótt laugardagsins. Maðurinn, sem var mjög ölvaður, sveiflaði hnífi og hótaði gestum staðarins. Hann var látinn laus að loknum yfirheyrslum.

# Ehud Olmert hvetur til friðar

**Forsætisráðherra Ísraels lýsti því yfir í gær að Palestínumenn gætu myndað sjálfstætt ríki, komi þeir að samningaborðinu með Ísrael. Palestínumenn segja að um innantóm loforð sé að ræða.**

**JERÚSALEM, AP** Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, bauð Palestínumönnum í stefnuræðu sinni í gær víðtækar friðarviðræður, hverfi þeir frá ofbeldi. Jafnframt sagði hann að slíkar viðræður við Ísraela myndu gera Palestínumönnum kleift að mynda sjálfstætt ríki á Vesturbakkanum og á Gaza-svæðinu.

Olmert talaði beint til Palestínumanna og lofaði að fækka eftirlitsstöðvum, greiða skatta Palestínumanna sem Ísrael hefur haldið síðan leiðtogar Hamas-hreyfingarinnar voru kosnir til valda í þingkosningum Palestínumanna í janúar, og að leysa fanga úr haldi, komi til alvarlegra friðarviðræðna. Jafnframt myndu Ísraelar þá yfirgefa Vesturbakkann og hernumin svæði.

„Ég rétti palestínskum nágrönnum okkar hönd mína í friði og vona að ég komi ekki tómhentur til baka,“ sagði Olmert. „Við getum ekki breytt fortíðinni og við munum ekki geta endurheimt fórnarlömbin beggja vegna landamæranna. Allt sem við getum gert í dag er að koma í veg fyrir frekari harmleiki.“

Þó verða Palestínumenn að velja sér nýja hófsama ríkisstjórn sem væri tilbúin til að fylgja friðaráætlun sem Bandaríkjamenn styðja, sem og að leysa ísraelskan hermann úr haldi, en gíslataka hans var uppspretta átakanna í sumar. Fyrr kemur Olmert ekki til þessara „alvöru, opnu, heiðarlegu, einlægu viðræðna“, sagði hann.

Friðarumleitanir Ísraela og Palestínumanna hafa legið niðri mánuðum saman, eða frá umræddum kosningum. Þótt leiðtogar Hamas-samtakanna hafi verið lýðræðislega kosnir á þing hafa Ísraelar neitað að eiga samskipti við þá, enda er eitt af takmörkum samtakanna að eyða Ísrael.

Tilboð Olmerts um að hefja aftur friðarumleitanir kom degi eftir að vopnahlé milli Hamas-liða og Ísraela hófst á Gaza-svæðinu, sem ætlað er að binda enda á fimm mánaða átök. Yfir 300 Palestínumenn hafa látist í átökunum seinustu mánuði, þar af fjölmargir óbreyttir borgarar. Einnig hafa fimm Ísraelar farist.

Talsmaður palestínska ráðuneytisins sagði þingmenn taka tilboði Olmerts með fyrirvara. „Þetta er samsæri. Þetta er nýtt herbragð. Olmert talar um palestínska ríkið án þess að gefa upplýsingar um landamærin,“ sagði Ghazi Hamad, talsmaður stjórnarinnar. smk@frettabladid.is



**EHUD OLMERT** Forsætisráðherra Ísraels bauð Palestínumönnum að koma aftur að friðarsamningaborðinu í gær, svo fremi sem þeir fallist á kröfur hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveggja mánaða fangelsi og fjársekt:

# Dæmdur fyrir kynferðisbrot og klám

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn ungri stúlku. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða henni 300 þúsund krónur með vöxtum í miskabætur og 200 þúsund króna sekt til ríkissjóðs. Loks var honum gert að greiða nær 300 þúsund krónur í sakarkostnað.

Maðurinn sýndi stúlkunni tvær klámmyndir í tölvu sinni í júlí 2005. Þar á meðal var mynd sem sýndi barn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Í tölvu mannsins fann lögreglan síðan fimm ljósmyndir og 21 hreyfimynd sem sýndu börn á klámfenginn hátt. Loks fundust 35 ljósmyndir á hörðum diski í tölvu hans, en hann hafði afmáð myndirnar af diskinum er lögregla lagði hald á tölvuna. Þessar myndir sýndu einnig börn með sama hætti og að ofan er getið.

Maðurinn viðurkenndi fyrir dómi að hafa haft myndirnar í tölvunni, en neitaði að það hefði verið af ásetningi. Þær hefðu halast niður á tölvu hans þegar hann ætlaði að ná sér í löglegt klámefni, sér og konu sinni til skemmtunar.

Hann neitaði hins vegar að hafa sýnt stúlkunni klámmyndirnar en dómurinn mat hana staðfasta í framburði sínum þrátt fyrir að hún hafi verið látin endurtaka frásögn sína. - jss





Sala hefst í dag
kl. 12.00
ALICANTE
Verð frá:
16.990,-
fram og til baka með sköttum
Árið 2007 aukum við sætaframboð til Alicante enn frekar og fjölgum
flugdögum í fjóra á viku í sumar. Markmið okkar er sem fyrr að vera
ávallt besti kosturinn til Alicante.
Þú færð aukinn sveigjanleika á betra verði hjá okkur.
Kynntu þér ferðaáætlunina 2007 á www.sumarferdir.is.
Mundu eftir
MasterCard
ferðaávísuninni
www.kreditkort.is
Allar frekari upplýsingar eru á www.sumarferdir.is
Sími 575 1515 – Laugavegi 26 (gengið inn Grettisgötumegin)
www.sumarferdir.is
Sími 575 1515
SUMAR
FERÐIR
– ERU BETRI EN AÐRAR!











Nýjar upplýsingar frá Vinnumálastofnun um stöðu mála í nóvember:

# Starfsmannaleigum fækkar

**VINNUMARKAÐUR** Starfsmannaleigum hefur fækkað um þrjár hér á landi það sem af er nóvembermánuði, samkvæmt nýjum upplýsingum frá Vinnumálastofnun. Alls voru 28 starfsmannaleigur skráðar á Íslandi í síðustu viku, en 22 þeirra voru með virka starfsemi og 798 erlenda starfsmenn.

Nokkurn tíma mun hafa tekið að fá sumar starfsmannaleignanna til að skrá sig hjá Vinnumálastofnun eftir gildistöku nýrra laga um áramót og starfsmenn stofnunarinnar voru önnum kafnir fyrstu mánuði ársins við að reka á eftir starfsmannaleigunum að skrá sig í kerfið.

Alls hafa 0,5 til 0,6 prósent vinnuafls á Íslandi unnið á vegum starfsmannaleigna á árinu og er það mun lægra hlutfall en þekkist víðast hvar í Evrópu. Einna hæst mun hlutfall starfsmanna hjá leigum vera í Þýskalandi og Frakklandi og sérstaklega í Hollandi, en þar er hlutfallið um fjögur prósent, að sögn Jóns Sigurðar Karlssonar, verkefnisstjóra Vinnumálastofnunar.



**ERLENDIR STARFSMENN Í KAFFITÍMA** „Erfiðustu“ starfsmannaleigunum mun hafa fækkað mest, því fyrirtæki vildu ekki nýta sér þjónustu sem leit út fyrir að vera ólögleg. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýjustu tölur um starfsmannaleigur má nálgast á heimasíðu Vinnumálastofnunar. **- kóþ**

# Ekki horfið frá fyrra mati á varnarþörf

**Jón Egill Egilsson, yfirmaður varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, segir íslensk stjórnvöld hafa grundvallarmat á varnarþörf Íslands á hreinu og þar með grundvallarforsendurnar fyrir viðræðum við Norðmenn og aðra bandamenn.**

**VARNARMÁL** Íslensk stjórnvöld hafa grundvallarmat á varnarþörfum Íslands á hreinu. Þau hafa þar með forsendurnar fyrir því að fara út í viðræður við Norðmenn og aðra bandamenn í NATO um hugsanlega aukna aðkomu þeirra að því að tryggja þessar þarfir eftir brottför bandaríska varnarliðsins héðan. Þetta segir Jón Egill Egilsson, yfirmaður varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

„Við höfum grundvallarforsendurnar fyrir þörf á vörnum Íslands. Við teljum hins vegar að þetta sé ekki aðgreinanlegt frá vörnum Atlantshafsbandalagsins í heild sinni og bandamanna okkar. Þetta komi fleirum við en okkur einum,“ sagði Jón Egill er Fréttablaðið bar undir hann ummæli sem norski varnarmálaráðherrann Anne-Grete Strøm-Erichsen lætur falla í viðtali við blaðið í dag, þess efnis að eigið mat Íslendinga á þörfinni á varnarviðbúnaði hérlendis sé forsenda fyrir viðræðum um eflt varnarsamstarf.

„Þessi mál þurfum við að reka í góðu samstarfi bæði við bandalagið sem slíkt, og einnig við þá bandamenn sem hlut eiga að máli, ekki bara Norðmenn, og þá fyrst og fremst Bandaríkin þar sem fyrir liggur að vinna skuli úr þeirri niðurstöðu sem náðist í viðræðunum um framhald varnarsamstarfsins,“ áréttar Jón Egill.

Hann segir þessi ummæli norska ráðherrans mjög í samræmi við það sem áður hefur komið fram, að Norðmenn séu reiðubúnir til viðræðna við Íslendinga um þessi mál, en frumkvæðið verði að koma frá Íslendingum.



**F-15-ÞOTA VARNARLIÐSINS** Bandarísku þoturnar fóru frá Keflavík fyrir fullt og allt í sumar, en íslensk stjórnvöld hafa ekki horfið formlega frá því mati að viðvera orrustuþotna hér sé „lágmarksvarnarviðbúnaður“. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**ANNE-GRETE STRØM-ERICHSEN**



**JÓN EGILL EGILSSON**

„Þeir hafa lengi sagt að þeir séu til reiðu ef við viljum tala við þá. Það sem þeir vilja forðast er að það líti út fyrir að þeir séu að þröngva sér upp á okkur,“ útskýrir Jón Egill. Norðmenn séu hvorki að þröngva sér upp á Íslendinga, né láti þeir í það skína að „þeir þurfi að kenna okkur stafrófið,“ það er Íslendingar séu fullfærir um það sjálfir að skilgreina sínar varnarþarfir. Eins og kunnugt er var það lengi mat íslenskra stjórnvalda að föst viðvera fjögurra orrustuþotna á Keflavíkurflugvelli væri lágmarksviðbúnaður til að tryggja varnir landsins. Spurður hvort horfið hafi verið frá því mati eftir að Bandaríkjamenn ákváðu að kalla allt sitt lið héðan, segir Jón Egill að svo sé í raun ekki.

„Það hefur aldrei verið sagt að við höfum horfið frá því mati. Við höfum ítrekað sagt að við hljótum að falla innan þess heildarmats sem NATO og allir okkar bandamenn byggja á. Þar er í gildi grundvallarstefna og við hljótum að hafa hana sem einn útgangspunktinn þegar við metum okkar varnarþarfir,“ segir Jón Egill.

**audunn@frettabladid.is**

Kæra fimm einstaklinga er tengjast Baugsmálinu var tekin fyrir í dómi í gær:

# Efnahagsbrotadeildin skilar greinargerð fyrir 5. desember

**BAUGSMÁL** Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra fékk í gær frest til þriðjudagsins 5. desember til þess að skila skriflegri greinargerð vegna kæru fimm einstaklinga er tengjast Baugsmálinu.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, Jóhannes Jónsson, Kristín Jóhannesdóttir, Tryggvi Jónsson og Stefán Hilmarsson kærðu meint vanhæfi starfsmanna efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra til héraðsdóms fyrir liðna helgi.

Þau ætla ekki að svara spurningum er tengjast rannsókn efnahagsbrotadeildar á ætluðum skattalagabrotum þar til niðurstaða fæst í kærumálinu.



**Í HÉRAÐSDÓMI Í GÆR** Jón H.B. Snorrason gengur út úr dómsal ásamt Hjördísi Sigurjónsdóttur fréttakonu Stöðvar 2. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kærendur krefjast þess að rannsóknin verði dæmd ólögmæt og til vara að starfsmenn efnahagsbrotadeildar verði dæmdir vanhæfir til þess að fara með rannsókn málsins. Í kröfunni er meðal annars vitnað til orða sem yfirmenn hjá embætti Ríkislögreglustjóra hafa látið falla í fjölmiðlum síðan rannsókn Baugsmálsins hófst.

Jón H.B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, var ekki tilbúinn til þess að veita vilyrði fyrir því að ekki yrðu gefnar út ákærur í skattamálinu áður en niðurstaða fengist í kærumálinu. Eftir stuttan fund lögmanna kærenda og Jóns H.B. náðist samkomulag um frest. Munnlegur málflutningur vegna kærunnar fer fram 6. desember en dómari í málinu er Eggert Óskarsson. **- mh**



# MINNKAÐU HRAÐANN!

## ÞAÐ BORGAR SIG

**Þann 1. desember** næstkomandi tekur gildi breyting á reglugerð um sektir og viðurlög við umferðarlagabrotum. Helsta breytingin er að sektir vegna einstakra umferðarlagabrota hækka umtalsvert, eða um allt að 60%.

Vikmörk varðandi hámarkshraða hafa einnig verið lækkuð. Áður voru þau miðuð við 10 km/klst. yfir hámarkshraða án þess að fá sekt en með nýju reglugerðinni hafa mörkin verði lækkuð niður í 5 km/klst.

## Kynntu þér málið á www.us.is

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ VEGAGERÐIN RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN UMFERÐARSTOFA



**MEIRI SNJÓR, MEIRI SNJÓR** Það snjóar víðar en á Íslandi þessa dagana. Mikill snjór féll við Kyrrahafsströndina í Kanada um helgina, eins og sjá má á þessari mynd sem tekin var í úthverfi Vancouver á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsvarsmenn almannavarna á Keflavíkurflugvelli:

# Endurskoðuð flugslysaáætlun

**ÖRYGGISMÁL** Forsvarsmenn almannavarna á Keflavíkurflugvelli og ríkislögreglustjóri undirrituðu í gær nýja og endurskoðaða flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll.

Áætlunin er virkjuð þegar flugvél lýsir yfir viðbúnaðar- eða hættuástandi um borð eða flugvél brotlendir. Virkjun er tvískipt, annars vegar þegar um er að ræða flugvél með níu manns eða færri eru um borð og hins vegar þegar tíu eða fleiri eru um borð. Einnig er mögulegt að virkja áætlunina á hærra stiginu ef farmur flugvélar getur hugsanlega valdið almannahættu þó svo að níu manns eða færri séu um borð.



**UNDIRRITUN** Frá undirritun nýrrar flugslysaáætlunar, f.v. Björn Ingi Knútsson flugvallarstjóri, Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri og Ásgeir Eiríksson, sýslumaður í Keflavík.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli hefur umsjón með reglubundnum æfingum einstakra verkþátta og að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir að minnsta kosti á tveggja ára fresti í samvinnu við aðgerðastjórn og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Flugslysaáætlun Keflavíkurflugvallar segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í kjölfar flugslyss á Keflavíkurflugvelli eða annars staðar á Reykjanesskaga. Allir viðbragðsaðilar og aðrir aðilar sem hagsmuna hafa að gæta voru hafðir með í ráðum við gerð áætlunarinnar sem tekið hefur alllangan tíma. - jss

Berserksgangur á hóteli:

## Hjartastopp í lögreglubíl

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður gekk berserksgang á Radisson SAS Hótel Sögu í Reykjavík á laugardagskvöldið. Maðurinn, sem var gestur á hótelinu, var með ólæti, truflaði hótelgesti og kastaði til húsgögnum.

Lögreglan var kölluð á vettvang og lenti í átökum við manninn en náði að yfirbuga hann. Maðurinn var fluttur á lögreglustöðina en þegar þangað kom var hann í hjartastoppi. Sjúkralið kom á staðinn og lífgaði hann við og var hann fluttur á gjörgæsludeild Landspítalans. Honum er haldið sofandi í öndunarvél. - ifv



**ABDULLAH II** Tekur á móti Bush í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jórdaníukonungur:

## Hætta á þrem borgarastríðum

**JÓRDANÍA Abdullah II Jórdaníukonungur sagði um helgina hættu á því að borgarastyrjaldir brjótist út í þremur ríkjum Mið-Austurlanda á næsta ári, og nefnir þar Írak, Líbanon og Palestínu.**

**Á morgun kemur George W. Bush Bandaríkjaforseti í tveggja daga heimsókn til Jórdaníu þar sem hann ætlar að hitta að máli Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks.**

**Talsmaður Abdullah segir að konungurinn ætli að leggja mikla áherslu á það við Bush að leitað verði lausna á málefnum Palestínumanna.** - gb

# Takmarkanir á kostun og auglýsingatekjum ræddar

**Útvarpsstjóri segir ekki óeðlilegt að sett séu mörk á hlutdeild stofnunarinnar á auglýsingamarkaði. Stjórnendur 365 og Skjásins eru fylgjandi breytingum á frumvarpinu. Frumvarpið getur aukið fákeppni á markaði segir starfsmaður RÚV.**

**ALÞINGI** Menntamálanefnd Alþingis hefur rætt þrjár mögulegar breytingar á frumvarpi um Ríkisútvarpið, sem það stefnir á að senda frá sér á morgun að sögn Sigurðar Kára Kristjánssonar, formanns nefndarinnar: að takmarka eða setja þak á auglýsingasölu, að takmarka eða banna kostun dagskrárefnis og að banna, eða takmarka, birtingu auglýsinga á vef Ríkisútvarpsins.

Þriðja tillaga nefndarinnar er breyting á 2. tölulið 11. mgr. frumvarpsins, en þar kemur fram að RÚV geti birt auglýsingar í útvarpi eða öðrum miðlum. Samkvæmt greininni myndi RÚV geta birt auglýsingar á vefsvæði sínu, en stofnuninni hefur verið meinað að gera það frá árinu 2003. Menntamálanefnd vill að svo verði áfram.

Páll Magnússon útvarpsstjóri var kallaður á fund menntamálanefndar Alþingis í gærmorgun þar sem tillögur nefndarinnar voru ræddar. Hann segir ekki óeðlilegt að rætt sé hvort, og þá hvernig, beri að setja einhvers konar efri mörk á fyrirferð Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði.



**MAGNÚS RAGNARSSON, SJÓNVARPSSTJÓRI SKJÁSINS.**



**ARI EDWALD, FORSTJÓRI 365.**



**PÁLL MAGNÚSSON ÚTVARPSSTJÓRI.**

Ari Edwald, forstjóri 365, er hlynntur breytingum menntamálanefndar á frumvarpinu. Hann segir að fyrirtæki eins og 365 geti ekki búið við það án breytinga að ríkisfyrirtækið geti eytt meira en hálfum milljarði í fréttir og Kastljós, og geti einnig yfirboðið einkafyrirtæki við kaup á afþreyingar- og íþróttaefni. Hann segir að ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt þurfi 365 að draga úr sinni þjónustu. „Ég hef gengið svo langt að segja að með þessu frumvarpi óbreyttu stefni ríkisstjórnin að því að koma á ríkiseinokun í fréttaflutningi í sjónvarpi,“ segir Ari.

Þorsteinn Þorsteinsson, forstöðumaður markaðssviðs RÚV, segir að þrjátíu prósent af heildartekjum RÚV séu fengnar með sölu auglýsinga og kostana og að hlutdeild stofnunarinnar á auglýsingamarkaði sé um þrettán prósent. Hann telur að hlutdeild RÚV sé ekki það mikil að hún komi sér illa fyrir einkafyrirtæki á markaði. Hann telur að ef hlutdeild RÚV fer yfir til annarra fyrirtækja geti það jafnvel orsakað fábreytni á auglýsingamarkaði ljósvakamiðla.

Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjásins, er hlynntur breytingunum. „Það er einkennilegt hvernig ríkisstofnun eins og RÚV hefur fengið að þróast á auglýsingamarkaði, þrátt fyrir að þetta sé markaður þar sem einkafyrirtæki eru að keppa á,“ segir Magnús. ingifreyr@frettabladid.is


## Ekkert blað?

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.**

**550 5600**



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið




**Í MIÐBORG HELSINKI** Hneyksli skekur finnska Hægriflokkinn en grunur leikur á að framkvæmdastjóri flokksins hafi beitt ofbeldi og miðlað vændi.

Framkvæmdastjóri Hægriflokksins leiddur fyrir dóm:

## Sakaður um miðlun vændis og ofbeldi

**FINNLAND** Harri Jaskari, framkvæmdastjóri Hægriflokksins í Finnlandi, getur átt margra ára fangelsisdóm yfir höfði sér ef hann verður fundinn sekur um að hafa miðlað vændi, haft í hótunum og beitt konur ofbeldi meðan hann var framkvæmdastjóri flokksins, að sögn finnlandssænska dagblaðsins Hufvudstadsbladet.

Jaskari, sem er í leyfi frá starfi sínu, hefur að sögn finnskra fjölmiðla viðurkennt að fyrrum vinkona hans frá Eistlandi hafi tekið á móti viðskiptavinum heima hjá honum eftir að sambandi þeirra var lokið, en segir að hann hafi ekki vitað um starfsemi hennar. Hægriflokkurinn greiddi leiguna á húsnæðinu. Þá er Jaskari talinn hafa beitt konur ofbeldi á eistneskum krám.

Jaskari-málið er til rannsóknar hjá lögreglu og hefur verið til umræðu í finnska þinginu. Hufvudstadsbladet segir að Jaskari hafi engan pólitískan stuðning, ekki einu sinni þingmanna Hægriflokksins, og að hann geti ekki vænst þess að fá starf sitt aftur. Hanna-Leena Hemming, flokkssystir hans, segir að hann ætti að hafa vit á því að gefa ekki kost á sér fyrir þingkosningarnar.

„Þetta er stór persónulegur harmleikur,“ segir Jyrki Katainen, formaður Hægriflokksins. - ghs

Norskur farsímakaupandi:

## Síminn var fullur af klámi

**NOREGUR** Kristinu Birkeland frá Björgvin í Noregi brá heldur betur í brún þegar hún komst að því að nýi farsíminn hennar var stútfullur af klámmyndum.

Í minni símans var að finna fjölda ljósmynda af nakinni konu í kynferðislegum stellingum, að því er segir á fréttavef Aftenposten. Í spegli á einni myndinni mátti sjá að myndirnar höfðu verið teknar á þennan nýkeypta síma.

Síminn var lítillega rispaður, en Birkeland taldi það einungis vera framleiðslugalla. Í ljós kom að síminn var notaður þótt hann hefði verið seldur sem nýr. - sgj

**GRINDAVÍK**

### Mörgum lóðum skilað

Talsvert er til af lausum íbúðarhúsalóðum í Grindavík. Mikil eftirspurn var eftir lóðum við úthlutun síðasta vor en mörgum lóðum mun hafa verið skilað inn aftur. Nú eru til nítján lausar einbýlishúsalóðir, þrjár parhúsalóðir og fjórar raðhúslóðir.

**DÓMSMÁL**

### Sekt fyrir fíkniefni

Karlmaður var í gær dæmdur til að greiða 45 þúsund króna sekt í Héraðsdómi Norðurlands eystra þar sem hann hafði verið með í fórum sínum 0,46 grömm af kókaíni.

**Notaðir bílar. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.**
**Lægra verð. Lægri vextir. Lægri lántökugjöld - Lægri afborgun.***
**Aðeins í 4 daga. Komdu strax.**

# Lækkaðu mánaðar-greiðslurnar. Núna

## Lægri vextir. Lægri lántökugjöld. Lægri afborgun.* Aðeins 32 bílar í 4 daga. Komdu strax

**Opið frá kl. 9-18**

**Tökum notaðan uppí notaðan**

NATURALIS

## Tilboðsverð undir 1.700 þús kr.




Toyota Avensis Terra 1,8 beinsk. skrd. 05/2002 ek: 89.000 km.
Verð ~~1.220.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.090.000 kr. Útborgun 109.000 kr.
17.272 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. TS-192.




Citroën Picasso 2,0 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 35.000 km.
Verð ~~1.690.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
23.328 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. AO-623.




Ford Mondeo Trend 2,0 sjálfsk. skrd. 10/2004 ek: 20.000 km.
Verð ~~1.890.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.690.000 kr. Útborgun 169.000 kr.
26.494 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. VA-583.




Citroën Picasso Exclusive 2,0 sjálfsk. skrd. 10/2004 ek: 34.000 km.
Verð ~~1.990.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.690.000 kr. Útborgun 169.000 kr.
24.857 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. JR-456.

## Tilboðsverð 1.700 - 2.800 þús kr.




Ford Escape XLS 2,3 sjálfsk. skrd. 03/2004 ek: 72.000 km.
Verð ~~2.150.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.890.000 kr. Útborgun 189.000 kr.
29.944 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. OZ-073.




Peugeot 407 1,8 beinsk. skrd. 03/2006 ek: 9.000 km.
Verð ~~2.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.890.000 kr. Útborgun 189.000 kr.
29.629 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. TM-406.




Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 09/2005 ek: 15.000 km.
Verð ~~2.650.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.390.000 kr. Útborgun 239.000 kr.
37.466 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. LP-427.




Ford Explorer XLT 4,0 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 38.000 km.
Verð ~~3.190.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.790.000 kr. Útborgun 279.000 kr.
43.379 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. VN-503.

## Tilboðsverð 2.800 - 3.500 þús kr.




Ford Expedition Eddie B. 5,4 sjálfsk. skrd. 12/2002 ek: 101.000 km.
Verð ~~3.490.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.990.000 kr. Útborgun 299.000 kr.
54.481 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. NN-872.




Ford Explorer XLT 4,0 sjálfsk. skrd. 05/2004 ek: 48.000 km.
~~Verð 3.320.000~~ kr. Tilboðsverð 3.090.000 kr. Útborgun 309.000 kr.
48.440 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. LR-872.




Suzuki Grand Vitara 2,7 sjálfsk. skrd. 03/2006 ek: 7.000 km.
Verð ~~3.490.000 kr.~~ Tilboðsverð 3.290.000 kr. Útborgun 329.000 kr.
46.220 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. UP-782.




Volvo V70 XC 2,5 sjálfsk. skrd. 11/2003 ek: 49.000 km.
Verð ~~3.690.000 kr.~~ Tilboðsverð 3.490.000 kr. Útborgun 349.000 kr.
49.991 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AY-016.

## Tilboðsverð yfir 3.500 þús kr.




Ford Expedition Eddie Bauer 5,4 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 40.000 km.
Verð ~~4.290.000 kr.~~ Tilboðsverð 3.790.000 kr. Útborgun 379.000 kr.
59.413 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. TL-612.




Ford Expedition Eddie Bauer 5,4 sjálfsk. skrd. 12/2004 ek: 62.000 km.
Verð ~~4.490.000 kr.~~ Tilboðsverð 3.990.000 kr. Útborgun 399.000 kr.
62.549 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. PP-179.




Subaru B9 Tribeca 3,0 sjálfsk. skrd. 02/2006 ek: 12.000 km.
Verð ~~4.690.000 kr.~~ Tilboðsverð 4.290.000 kr. Útborgun 429.000 kr.
59.637 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TZ-846.




Ford Expedition Eddie Bauer 5,4 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 56.000 km.
~~Verð 4.550.000~~ kr. Tilboðsverð 4.390.000 kr. Útborgun 439.000 kr.
62.549 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. NX-744.

**Þig vantar bíl. Komdu núna.**
**Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.**
**Vertu á betri bíl frá Brimborg um jólin.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis.

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is**




Starfsmenn Norðuráls fá 3,65 prósenta launahækkun um áramótin:

# Liður í að brúa launabilið

**VINNUMARKAÐUR** Laun starfsmanna Norðuráls hækka um 3,65 prósent um næstu áramót. Einnig kemur fimm hundruð króna aukahækkun ofan á launataxta hjá verkamönnum, að því er fram kemur á vef Verkalýðsfélags Akraness. Samkvæmt kjarasamningi Norðuráls áttu laun að hækka um þrjú prósent um næstu áramót. Í kjarasamningi Norðuráls var kveðið á um að ef aðilar vinnumarkaðarins myndu ná samkomulagi um endurskoðun á kjarasamningum á árinu 2005 og 2006 þá myndi það einnig gilda fyrir kjarasamning Norðuráls.

Í fyrra náðist samkomulag á milli ASÍ og SA um 0,65 prósenta hækkun 1. janúar 2007 til handa félögum ASÍ til viðbótar við þá hækkun sem kveðið er á um í einstökum samningum. Almennt munu laun hækka um 2,9 prósent um næstu áramót. Umframhækkunin hjá Norðuráli er liður í að brúa það launabil sem er á milli Norðuráls og annarra verksmiðja í sambærilegum iðnaði. - ghs



VILHJÁLMUR BIRGISSON



**NORÐURÁL** Hækka launin um áramót.

# Hluti mæðraeftirlits nú á Landspítala

**Eftirlit með konum í áhættumeðgöngu hefur færst frá miðstöð mæðraverndar yfir á Landspítala eftir að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur flutti af Barónsstíg upp í Mjódd. Skiptar skoðanir eru um hið nýja fyrirkomulag.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Við flutning Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur frá Barónsstíg í Mjódd hefur mæðraeftirlit vegna áhættumeðgöngu verið flutt á Landspítala – háskólasjúkrahús, þar sem kvennadeildin er til húsa. Félag ljósmæðra hefur meðal annars gagnrýnt þær breytingar, sérstaklega það að konur sem hafa verið í meðgöngueftirliti á miðstöð mæðraverndar þurfi að flytja sig annað, ýmist á LSH eða til heilsugæslustöðvanna eftir því hvort meðganga þeirra telst eðlileg eða þær eigi við meðgöngutengd vandamál að stríða.

Sigríður Sía Jónsdóttir hefur gegnt stöðu yfirljósmóður á miðstöð mæðraverndar en hefur kosið að láta af störfum við breytingarnar. Hún er ósátt við hvernig að málum hefur verið staðið. „Þetta er afskaplega sorglegt og erfitt fyrir margar konur að skipta um lækni og ljósmæður. Það voru aðeins veikustu konurnar sem voru í eftirliti hjá okkur. Hinar heilbrigðu voru flestar hverjar í eftirliti á heilsugæslustöðvunum,“ segir hún.

„Það er mjög sérstakt af hverju ekki var hægt að gera þetta á mýkri hátt, til að mynda með því að við fengjum að sinna þeim áfram sem voru í eftirliti hjá okkur og LSH tæki við nýjum sjúklingum. Þannig hefði verið hægt að láta starfsemina fjara út,“ segir Sigríður.

Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu, segir að það hefði verið of dýr kostur fyrir ríkið að láta þjónustuna við verðandi mæður á Barónsstíg fjara út og reka þannig tvær einingar samhliða, á LSH og Barónsstíg.

„Við gerðum þetta eins mildilega og unnt var,“ segir Ragnheiður og bendir á að rætt hafi verið við hverja einustu konu sem hafði samband við ráðuneytið og útskýrt í hverju breytingarnar væru fólgnar. „Ég er stolt af því hvernig starfsfólk beggja eininganna hefur unnið þetta mál á lokasprettinum,“ segir hún.

Að sögn Hildar Harðardóttur, yfirlæknis á kvennasviði LSH, tók kvennadeild LSH við um hundrað konum í eftirliti vegna áhættumeðgöngu á föstudag. Hún segir málum betur fyrir komið með þessum hætti því þá þurfi konur í áhættumeðgöngu nú aðeins að fara á einn stað.

Alls flytjast rúm tvö stöðugildi ljósmæðra á LSH en fleiri flytjast út til heilsugæslustöðvanna í Reykjavík. Búist er við því að eftirlit vegna áhættumeðgöngu á LSH muni sinna um fimmtán prósentum barnshafandi kvenna, sem eru um þúsund konur á ári.

„Með þessari breytingu er einfaldlega verið að skipta þjónustu við verðandi mæður eftir áhættuþáttum. Þær sem eru ekki í áhættuhópum verða í eftirliti á heilsugæslustöðvunum en hinar hér,“ segir Hildur.

Konur sem ekki eru með heimilislækni eiga eftir sem áður rétt á mæðraeftirliti á þeirri heilsugæslustöð sem þær kjósa sér.



**HEILSUVERNDARSTÖÐ REYKJAVÍKUR** Einar Sveinsson, arkitekt og húsameistari Reykjavíkur, teiknaði Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg árið 1947. Bygging þess hófst árið 1949 og var fyrsta deildin tekin í notkun fjórum árum síðar. Húsið var vígt árið 1957.



HILDUR HARÐARDÓTTIR



SIGRÍÐUR SÍA JÓNSDÓTTIR

Heilsuverndarstöð Reykjavíkur ekki lengur til húsa að Barónsstíg:

# Hálfrar aldar starfsemi lokið

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur flutti á föstudag úr húsnæði sínu við Barónsstíg eftir rúmlega hálfrar aldar starfsemi þar.

Í húsnæðinu voru starfræktar fimm deildir sem flytjast á tvo staði í Mjódd, Þönglabakka og Álfabakka; miðstöð mæðraverndar, miðstöð heilsuverndar barna, lungna- og berklavarnadeild, deild atvinnusjúkdóma og ónæmisvarna og stjórnsýsla heilsugæslunnar í Reykjavík.

Að sögn Guðmundar Einarssonar, forstjóra heilsuverndarstöðvarinnar, hafa flutningar gengið vel fyrir sig og ættu að hafa sem minnsta röskun í för með sér fyrir sjúklinga. Hann er ánægður með hvernig til tókst með innréttingar húsnæðisins í Mjódd, sérstaklega þann hluta sem hýsir heilsuvernd barna, og þakkar það góðu samstarfi millistjórnenda og arkitekta.

Húsnæðið í Mjódd verður ekki að fullu tilbúið fyrr en í vor en Guðmundur segir að það muni ekki koma að sök nema að því leyti að þröngt verði um stjórnsýsluna. - sda



**GUÐMUNDUR EINARSSON** Forstjóri Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

# Því þetta land var sál vorri fengið til fylgdar

*Hannes Pétursson*










**Kemur út í dag**

Enginn ljósmyndari hefur snortið jafn marga með myndum sínum af Íslandi og Sigurgeir Sigurjónsson. Bækur hans hafa selst í hundruðum þúsunda eintaka og orðið táknmyndir um allan heim fyrir íslenskt landslag: kyrrðina, víðáttuna, fegurðina. Í Landinu okkar talar hann til okkar Íslendinga. Hann lýkur upp fjársjóðum íslenskrar náttúru og sýnir okkur í allri sinni dýrð landið sem okkur var fengið til fylgdar.

„Ljósmyndarar eins og Sigurgeir Sigurjónsson hafa stækkað landið í hugum okkar og breytt því hvernig við horfum á það."

Úr formála Andra Snæs Magnasonar

Edda
edda.is

## „ORÐRÉTT“

### *Taumlaus efnishyggja*

**„Á Íslandi er taumlaus efnishyggja í gangi og hún gengur fyrir öllu.“**

KRISTÍN STEINSDÓTTIR RITHÖFUNDUR UM EFNISHYGGJU ÍSLENDINGA SEM VINNA MEST ALLRA Í EVRÓPU.

**Fréttablaðið 27. nóvember.**

### *Byrjaður að kaupa?*

**„Það er heiður fyrir West Ham ef hann er orðaður við liðið.“**

EGGERT MAGNÚSSON VARÐIST ALLRA FRÉTTA UM HUGSANLEG KAUP Á DAVID BECKHAM Í VIÐTALI Á BBC RADIO 5.

**Morgunblaðið 27. nóvember.**

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BJARNI JÚLÍUSSON STANGVEIÐIMAÐUR

# *Núna er tíminn til að tala um veiði*

„Það er allt gott að frétta hjá mér, stangveiðifélagið var að halda aðalfund núna um daginn þar sem við gerðum upp síðasta veiðisumar og helltum okkur í verkefni fyrir komandi veiðitímabil,“ segir Bjarni Júlíusson, formaður Stangveiðifélags Reykjavíkur, og ekki er erfitt að greina tilhlökkun í röddinni. „Það er gífurleg fjölgun hjá félaginu og áhugi á öllu sem félaginu viðkemur. Við erum að fara af stað með leyfaúthlutun og veiðimenn eru í startholunum að undirbúa sig. Ég er einn af þeim.“

„Ég byrja í Norðuránni, sem er auðvitað gamall klassíker, og svo langar mig að fara með fjölskylduna norður í land og veiða á hraunsvæðinu í Laxá í Aðaldal. Þar er silungasvæði sem lætur lítið yfir sér og er ofboðslega fallegt. Þarna ætla ég að tjalda í Vaglaskógi eða Ásbyrgi og taka einn dag í bakaleiðinni. Ég verð að viðurkenna að ég spennist allur upp við að tala um þetta.“



Bjarni er með óslökkvandi veiðiáhuga og hann ætlar að veiða víða í sumar. Hann ætlar að fara í fjölskylduferð í Hítará ásamt systkinum, börnum og öllum sem vettlingi geta valdið. Þar á að reyna að endurtaka frábæra tveggja daga ferð sem farin var í fyrra, að sögn Bjarna. „Þá er komið fram í júlí og þá byrjar sjóbleikjan á Skógarströndinni að hellast upp í Stóru-Langadalsá, og nauðsynlegt að reyna við hana. Í ágúst fer ég aftur í Norðurá og þá ætla ég að láta krakkana mína sjá um veiðina í tvo daga. Þá er gamli maðurinn meira í því hlutverki að segja til.“ Með Bjarna fara tveir synir hans, tuttugu og eins og ellefu ára, og dóttir á fjórtánda ári. Þau eru öll flinkir veiðimenn að sögn Bjarna og veiðiklær af guðs náð. Bjarni ætlar einnig að reyna að ná í veiðileyfi í Stóru-Laxá, sem hefur fengið endurnýjaða lífdaga með upptöku neta í Hvítá, en segir að það gæti reynst erfitt þar sem áhuginn er gífurlegur á ánni.

Það er erfitt að beina viðtali við Bjarna í aðrar áttir en um veiði. Hann segist þó hafa áhuga á útivist með fjölskyldunni. „En núna er tíminn til að tala um veiði og upplifa hana í gegnum minningar og spjall við vini og kunningja.“

**SJÓNARHÓLL**

**FRIÐUN MIÐBÆJARINS**

## *Miðbærinn krúttlegur*



**AÐALSTEINN JÖRUNDSSON** Miðbæjarbúi.

„Mér finnst miðbærinn voðalega sætur og krúttlegur og vil halda honum eins og hann er,“ segir Aðalsteinn Jörundsson auglýsingastjóri varðandi hugmyndir um friðun eða endurbyggingu miðbæjarins. „Ég ólst upp í miðbænum og allar mínar skemmtilegustu minningar eru héðan. Mér finnst gott að vinna og búa í miðbænum og geta gengið allt, og ég geri mikið af að líta í kringum mig á leiðinni.“ Aðalsteinn starfar nú sem auglýsingastjóri á blaðinu Reykjavík Grapevine, en blaðið hefur frá upphafi haft skrifstofur sínar í miðbænum. „Miðbærinn er nátengdur sögu landsins, og mér finnst að það eigi að friða hann. Ef það má rífa einhver hús eru það þau sem ekki passa inn í gamla miðbæinn. Ef til vill mætti til dæmis gamla Moggahöllin fara, en hún hefur þó unnið sér sess með tímanum.“

# Starfið skapar kynþokkann

**Í þættinum Beðmál í borginni fer lögfræðingurinn Miranda á svokallað hraðstefnumót. Henni verður lítið ágengt þar til hún skiptir um starfstitil og segist vera flugfreyja. En er það svo að sum störf séu einfaldlega kynþokkafyllri en önnur?**



**SLÖKKVILIÐSMENN** Ávallt kynþokkafullir í augum bandarískra kvenna, en aldrei jafn mikið og í kjölfar 11. september 2001.

Hagfræðingar í Bandaríkjunum gerðu könnun á þarlendum einkamálavefjum og skoðuðu 30.000 auglýsingar og svör við þeim. Niðurstöðurnar er að finna í bókinni Freakonomics.

Þar kemur í ljós að því efnaðri sem menn sögðust vera, þeim mun fleiri svör fengu þeir frá konum.

En hið sama virtist ekki eiga við varðandi fjárhag kvenna. Það kom í ljós að menn forðuðust vissulega konur úr lægstu launaflokkunum, en að sama skapi virtust þeir smeykir við konur með of há laun, sem útskýrir ef til vill hvers vegna lögfræðingnum Miröndu gekk svona illa. En hvaða störf eru það þá sem ýta undir kynþokka?

Samkvæmt könnuninni vilja menn helst fara á stefnumót með stúdentum, listakonum eða dýralæknum. Á hinn bóginn forðast þeir einkaritara og lögreglukonur, konur á eftirlaunum eða í hernum.

Konur kjósa helst hermenn, lögregluþjóna og slökkviliðsmenn, eða þá lögfræðinga og fjármálastjóra. Þær forðast hins vegar verkamenn, námsmenn, menn í þjónustustörfum og leikara. Væntanlega eru undantekningar gerðar séu leikararnir frægir, karlmenn sýndu frægum konum einnig áhuga, en þar skortir ef til vill upp á raunsæi einkamálanotenda.

Fyrir karlmenn eru aðrir þættir veigameiri en fjárhagur eða menntun hins kynsins, til dæmis fá þær jafnmörg svör fyrir að vera ljóshærðar og þær fá fyrir að vera háskólamenntaðar.

Hagfræðingarnir túlkuðu þessar staðreyndir ekki frekar, en ef til vill má leika sér að því að alhæfa útfrá þeim eins og öðru.

Það vekur furðu að menn skuli sýna einkariturum lítinn áhuga, kannski að þeir óttist samkeppni atvinnurekanda þar. Einnig kemur í ljós að lögreglustörf eru aðlaðandi sinni karlmaður þeim en óaðlaðandi sinni kona þeim.

Hvort þessar niðurstöður endurspegla ríkjandi fordóma í samfélaginu skal ósagt látið, en eitt er þó nokkuð ljóst. Konur í Bandaríkjunum kjósa helst menn í „karlmannlegum“ störfum, svo sem hermennsku, eða störfum sem eru vel launuð. Karlmenn kjósa hins vegar helst konur í „kvenlegum“ störfum, eins og dýralækna eða tilfinningaríkar listakonur.

Þurfa niðurstöðurnar því kannski ekki að koma svo á óvart, konur heillast að hinu karlmannlega og karlmenn að hinu kvenlega. Eða, með öðrum orðum, strákar vilja bleikt og stelpur vilja blátt.

**valurg@frettabladid.is**



**DÝRALÆKNAR** Draumur hvers manns, samkvæmt Freakonomics.

**STÖRF SEM GERA KONUR AÐLAÐANDI**

1. Nemi
2. Listakona
3. Tónlistarkona
4. Dýralæknir
5. Störf í sviðsljósinu

**STÖRF SEM GERA KARLMENN AÐLAÐANDI**

1. Hermenn
2. Lögreglumenn
3. Slökkviliðsmenn
4. Lögfræðingar
5. Fjármálastjórar

**Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni**



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

– Vel lesið

*Gallup maí 2006




ICELANDAIR GROUP HOLDING HF.

# HLUTAFJÁRÚTBOÐ 27. NÓVEMBER – 4. DESEMBER 2006

## Fjárhæð útboðs: 4.995.000.000 kr.

Hlutafjárútboð Icelandair Group Holding hf., kt. 591006-2150, Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík.

### FJÁRHÆÐ ÚTBOÐS

Á hluthafafundi Icelandair Group Holding hf. þann 15. október sl. var samþykkt að sækjast eftir skráningu á öllu hlutafé í félaginu, alls að nafnverði 1.000 milljónir króna, í Kauphöll Íslands. Boðnir verða 185 milljón hlutir í útboði til starfsmanna samstæðunnar, almennings og fagfjárfesta. Í kjölfarið er stefnt að skráningu á aðallista Kauphallar Íslands.

Fyrirtækjaráðgjöf Glitnis banka hf. hefur umsjón með útboðinu og er Glitnir banki hf. eigandi allra hluta sem boðnir verða í útboðinu. Verð í útboðinu verður 27 krónur á hlut.

### TILGANGUR ÚTBOÐS

Tilgangur útboðsins er meðal annars að uppfylla skilyrði Kauphallar Íslands um dreifingu á eignaraðild og fjölda hluthafa og auk þess að gefa starfsmönnum samstæðunnar Icelandair Group Holding hf. tækifæri til að kaupa hluti í félaginu.

### ÚTBOÐSTÍMABIL

Útboð til almennings, til starfsmanna samstæðunnar Icelandair Group Holding hf. og til fagfjárfesta munu öll standa yfir frá kl. 10.00 þann 27. nóvember 2006 til kl. 19.00 þann 4. desember 2006.

### ÚTBOÐ TIL ALMENNINGS

40 milljón hlutir eru til sölu í þessum hluta útboðsins.

Almenningur getur skráð áskrift sína með rafrænum hætti á vefsvæði Glitnis, **www.glitnir.is**, frá kl. 10.00 þann 27. nóvember 2006 til kl. 19.00 þann 4. desember 2006. Áskrift hluta er bindandi fyrir þann sem skráir sig fyrir hlut. Lágmarksáskrift er 100.008 krónur eða 3.704 hlutir en hámarksáskrift í útboði til almennings er 50 milljónir króna eða 1.851.852 hlutir.

Rafræn staðfesting um skráða áskrift er forsenda þess að áskriftin sé tekin gild. Staðfesting birtist að lokinni skráningu og getur áskrifandi prentað hana út og/eða fengið hana senda með tölvupósti. Þeir einstaklingar sem ekki hafa aðgang að Internetinu geta hringt í Þjónustuver Glitnis í síma 440 4000 frá kl. 9.00 til kl. 19.00 virka daga. Þeir sem hringja inn til að skrá áskrift sína fá senda staðfestingu á áskrift með pósti. Ekki verður tekið við áskriftum með öðrum hætti en hér hefur verið lýst.

### ÚTBOÐ TIL STARFSMANNA

35 milljón hlutir eru til sölu í þessum hluta útboðsins.

Hverjum starfsmanni samstæðunnar Icelandair Group Holding hf., sem starfaði hjá samstæðunni þann 15. nóvember 2006 verður gert kleift að skrá sig fyrir ákveðnum fjölda hluta í útboðinu án þess að eiga á hættu að sá fjöldi hluta verði skorinn niður ef eftirspurn í útboðinu verður meiri en framboð. Nýti einhverjir starfsmenn ekki rétt sinn að fullu mun útistandandi hlutum verða úthlutað í útboði til fagfjárfesta. Lágmarksáskrift í þessum hluta útboðsins er 100.008 krónur að kaupverði. Óski starfsmaður eftir að skrá sig fyrir fleiri hlutum en fráteknir eru fyrir hvern þeirra skal það gert á grundvelli ofangreinds útboðs til almennings.

Áskriftum ber að skila með rafrænum hætti á sérstöku áskriftarformi á vef Glitnis, **www.glitnir.is**. Kennitala og lykilorð, sem sent var til starfsmanna með bréfi dagsettu þann 16. nóvember, eru nauðsynleg til að geta skráð áskrift. Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfesting birtist að lokinni skráningu og getur áskrifandi prentað hana út og/eða fengið hana senda með tölvupósti. Þeir starfsmenn sem ekki hafa aðgang að Internetinu geta hringt í Þjónustuver Glitnis í síma 440 4000 frá kl. 9.00 til kl. 19.00 virka daga. Þeir sem hringja inn til að skrá áskrift sína fá senda staðfestingu á áskrift með pósti. Ekki verður tekið við áskriftum með öðrum hætti en hér hefur verið lýst.

### ÚTBOÐ TIL FAGFJÁRFESTA

110 milljón hlutir eru til sölu í þessum hluta útboðsins.

Fagfjárfestar geta haft samband við verðbréfamiðlun Glitnis í síma 440 4499 og lagt fram bindandi tilboð. Fagfjárfestar eru þeir aðilar sem uppfylla skilyrði samkvæmt 7. tl. 2. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti.

Lágmarksáskrift í fagfjárfestaútboðinu eru 370.370 hlutir eða 10 milljónir króna að markaðsvirði.

Glitnir banki hf. hefur heimild til þess að hafna áskriftum í heild eða að hluta.

### NIÐURSTAÐA ÚTBOÐS

Niðurstaða útboðsins verður birt á fréttasíðu Kauphallarinnar, **news.icex.is**, fyrir klukkan 10.00 þann 6. desember 2006. Þátttakendum í útboðinu verður sendur greiðsluseðill þar sem fram koma upplýsingar um úthlutaða hluti og greiðslufyrirkomulag eigi síðar en 6. desember 2006.

### GREIÐSLA

Áskrift í útboðinu er bindandi. Gjalddagi greiðsluseðla vegna hlutafjárkaupa er mánudagurinn 11. desember 2006. Berist greiðsla ekki tímanlega má innheimta skuldina á þann veg sem lög heimila. Í stað þess að grípa til innheimtuaðgerða hefur Glitnir einhliða heimild til að fella ógreiddar áskriftir niður og ráðstafa þeim til þriðja aðila.

### AFHENDING HLUTA

Eigi síðar en 13. desember 2006 verða hlutirnir afhentir til fjárfesta.

### LÝSING

Lýsing á ensku var birt á upphafsdegi útboðsins þann 27. nóvember 2006 og hana má nálgast í fréttakerfi Kauphallar Íslands, **news.icex.is**, á heimasíðu Icelandair Group Holding hf., **www.icelandairgroup.is** og á heimasíðu Glitnis, **www.glitnir.is**.

Í tólf mánuði frá útgáfu lýsingar er hægt að óska eftir útprentuðu eintaki hjá umsjónaraðila: Glitnir banki hf. – Fyrirtækjaráðgjöf, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, **icelandairutbod2006@glitnir.is** og á skrifstofu Icelandair Group Holding hf., Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík.

Reykjavík, 28. nóvember 2006.

GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## Svona erum við

> Hlutfall karla í stjórn ASÍ




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ATLANTSHAFSBANDALAGIÐ

# *Leiðtogafundurinn í Ríga*

Í dag hefst í Ríga í Lettlandi tveggja daga leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins. Síðast var slíkur fundur haldinn árið 2004. Eitt helsta umræðuefni fundarins verður verkefni bandalagsins í Afganistan.

**Hvað er NATO stórt?**
Þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað árið 1946 voru aðildarríki þess 12 en þeim hefur fjölgað í nokkrum áföngum. Stærsta stökkið var tekið árið 2004 þegar sjö ríki bættust í hópinn í einu og aðildarríkjunum fjölgaði úr 19 í 26. Ekki eru uppi nein áform um að fleiri ríkjum verði boðin aðild á leiðtogafundinum í Ríga, en Króatía, Makedónía og Albanía gætu þó átt von á „jákvæðum skilaboðum“ um hugsanlega aðild á árinu 2008.



**Hve víða nær samstarfið?**
Frá 1994 hefur NATO átt reglulega samstarfsfundi með öðrum ríkjum. Fyrsta samstarfið af því tagi hófst þegar stofnað var til Samstarfs í þágu friðar með tuttugu ríkjum, flestum í Austur-Evrópu eða fyrrverandi Sovétríkjum. Þetta samstarf var síðan eflt með stofnun Evrópu-Atlantshafssamstarfsráðsins árið 1997. Sérstakt samráð er einnig haft reglulega við bæði Rússland og Úkraínu. Einnig hefur verið stofnaður sérstakur samstarfsvettvangur fyrir Miðjarðarhafsríki, og annar fyrir nokkur Persaflóaríki. Allt í allt eiga því aðildarríkin 26 í reglulegu samstarfi við 31 ríki. Nú vilja bæði Bandaríkjamenn og Bretar að Japan, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Suður-Kóreu verði boðið í náið samstarf ásamt Svíþjóð og Finnlandi.

**Hver eru verkefnin?**
Nú í sumar tók NATO að sér yfirstjórn alls herliðs í Afganistan. Alveg er á mörkunum að NATO hafi nægan mannafla og fé til þess að sinna því verkefni. Bæði Bandaríkjamenn og yfirmenn herafla NATO leggja mikla áherslu á að aðildarríkin samþykki frekari framlög á leiðtogafundinum. Þar að auki er reiknað með að nýjar viðbragðssveitir bandalagsins verði að veruleika, en það er 25.000 manna herlið sem á að geta brugðist skjótt við hvenær sem þörf krefur.

## SPURT & SVARAÐ
RÚV-FRUMVARP



**MÖRÐUR ÁRNASON**
Þingmaður Samfylkingar og meðlimur í menntamálanefnd.

### *Þarf að ræða málið betur*

Mörður Árnason á sæti í minnihluta menntamálanefndar sem vinnur að breytingum á frumvarpi um Ríkisútvarpið. Meirihluti nefndarinnar hefur sett fram hugmyndir að breytingum sem miða að takmörkunum á hlutdeild RÚV á auglýsingamarkaði. Formaður nefndarinnar, Sigurður Kári Kristjánsson, segir að frumvarpið verði sent frá nefndinni á morgun.

**Ertu hlynntur tillögunum?**
Við höfum bara lesið um þær í blöðunum. Aðalmálið varðandi RÚV snýst hins vegar ekki um auglýsingaheimildir.

**Af hverju eru tillögurnar settar fram?**
Fyrst og fremst til að koma til móts við andstöðu 365 og Skjásins.

**Verður frumvarpið sent úr nefndinni á miðvikudaginn?**
Ég skil ekki þá fullyrðingu Sigurðar Kára. Það þarf að ræða þetta mál miklu betur.




# Hælisleitendur eru í lagalegu og félagslegu tómarúmi

**Umsóknir um pólitískt hæli hafa breyst og þyngri mál koma nú inn á borð Útlendingastofnunar og lögmanna.**

Katrín Theodórsdóttir lögmaður segir að umsóknir um pólitískt hæli komi í auknum mæli frá fólki með uppruna í ríkjum fyrrum Sovétríkjanna. Þessar umsóknir fái gjarnan flýtimeðferð sem leiði jafnvel til þess að fólk sé sent úr landi áður en niðurstaða kærumeðferðar liggur fyrir. Heimild sé til þess samkvæmt lögum. Hún er ósátt við þetta.

Katrín er sérfræðingur í málefnum útlendinga. Hún segir að fagmennska einkenni vinnubrögð Útlendingastofnunar en harkaleg stefna stjórnvalda í útlendingamálum hafi áhrif á lagaframkvæmdina. Hún segir mjög sérstakt að beita flýtimeðferð við hælisumsóknir frá Rússlandi og fyrrum ríkjum Sovétríkjanna.

„Víða er pottur brotinn í Rússlandi, umsóknirnar streyma þaðan og því greinilegt að mikið er að í landinu. Af hverju er þá verið að beita flýtimeðferð í stórum stíl?“ spyr hún.

**Oft án skilríkja**

Katrín telur að hælisleitendur séu í lagalegu og félagslegu tómarúmi hér á landi. Hún bendir á að nýlegar reglur heimili hælisleitendum, sem hafi persónuskilríki, að sækja um dvalarleyfi til bráðabirgða og þá geti þeir fundið sér vinnu. Hælisleitendur séu hins vegar ekki alltaf með skilríki. Þeir tilheyri gjarnan minnihlutahópum og oft hafi mannréttindi verið brotin á þeim. Hún segir að einstaklingarnir séu oft ríkisfangslausir og hafi því engin skilríki en þeir hafi kannski keypt fölsuð skírteini áður en þeir héldu af landi brott og fargað þeim svo.

Fólk sem ekki hefur skilríki getur ekki sótt um dvalarleyfi til bráðabirgða hér á landi. Katrín bendir á að flóttamenn séu oft mjög illa á vegi staddir, þeir hafi gengið í gegnum miklar þrengingar og fái svo ekki að leggja sitt af mörkum, til dæmis í atvinnulífinu þó að hér sé mikill skortur á starfsfólki.

**Tvískinnungur við meðferðina**

Katrín vekur athygli á því að ekki sitji allir útlendingar við sama borð. Reglur hafi verið settar um stöðu og þjónustu við kvótaflóttamenn, hópa flóttamanna sem íslensk stjórnvöld hafa valið til að taka á móti, til dæmis fólk frá Víetnam og Kosovo, en ekkert slíkt sé gert fyrir þá sem bíði eftir afgreiðslu umsókna um dvalarleyfi og ekki séu skýrar reglur um réttindi fólks sem fær dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Þá njóti börn á grunnskólaaldri engra réttinda, til dæmis varðandi menntun, meðan verið er að afgreiða umsókn um dvalarleyfi. Það getur oft tekið marga mánuði.

„Það ríkir tvískinnungur við meðferð umsókna og það vantar að samræma framkvæmdina,“ segir Katrín.

Hún bendir á að auðvitað sé það ákvörðun stjórnvalda hversu mörgum útlendingum utan EES-svæðisins eigi að taka á móti en frjálst flæði gildi um fólk af EES-svæðinu. Íslendingar hafi flutt inn fólk í hópum til að vinna við stórframkvæmdir. Um leið hafi aðgangurinn lokast fyrir fólk frá ríkjum utan EES.

**Of mikil harka**

„Ég tel að það ríki of mikil harka þegar um er að ræða Íslendinga með uppruna utan EES sem eiga börn, foreldra eða maka í þriðja ríki,“ segir Katrín. „Við verðum að hugsa öðruvísi, meira út frá mannréttinda- og mannúðarsjónarmiðum.“

Löggjöfin segir að útlendingurinn geti ekki fengið dvalarleyfi fyrir maka, sem ekki er orðinn 24 ára, foreldra sem eru undir 66 ára aldri og börn eldri en átján ára. Þeir sem ekki eru skilgreindir sem aðstandendur í merkingu laganna verða því að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi og sitja þá við sama borð og allir aðrir umsækjendur frá þriðja ríki með þeim tálmunum sem lög kveða á um.

Katrín nefnir sem dæmi að áður en atvinnuleyfi er gefið út verður vinnuveitandi að leita til EES vinnumiðlunarinnar vegna forgangs nýrra aðildarríkja ESB fram yfir ríkisborgara þriðju ríkja. „Þetta gerir að verkum að nær útilokað er að fá dvalar- og atvinnuleyfi fyrir ríkisborgara þriðja ríkis,“ segir hún.

Annað dæmi er þegar einstaklingur sem hefur fengið dvalar- og atvinnuleyfi vegna hjúskapar við Íslending eða útlending sem er löglegur í landinu og hjónabandið leysist upp. „Þá missir viðkomandi landvistarleyfi og fer á byrjunarreit. Engu breytir þótt viðkomandi hafi komið sér félagslega fyrir í landinu og getið sér gott orð í vinnu og vinnuveitandinn vilji ekki missa góðan starfskraft.“

Katrín bendir á að löggjöfin sé einnig óþarflega harkaleg gagnvart útlendingum frá þriðja ríki þegar forsendur fyrir dvalarleyfi breytist skyndilega. Útlendingarnir séu hér í skjóli vinnuveitenda. Þetta fólk fari á byrjunarreit aftast í röðinni ef forsendur fyrir dvalarleyfi bresta.



**BINDAST TILFINNINGABÖNDUM** „Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum að opna landið fyrir manneskjum sem eru að hasla sér völl hér, eignast vini og bindast tilfinningaböndum við land og þjóð,“ segir Katrín Theodórsdóttir lögmaður.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*„Ég tel nauðsynlegt að breyta lögunum til að koma í veg fyrir að öryggi fólks og einkalíf verði með svo afgerandi hætti háð duttlungum annarra.“*

**Tillit til mannúðarsjónarmiða**

„Þarna ætti að taka meira tillit til mannúðarsjónarmiða. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum að opna landið fyrir manneskjum sem hasla sér völl hér, eignast vini og bindast tilfinningaböndum við land og þjóð,“ segir hún.

Katrín gagnrýnir að of mikið rými sé fyrir frjálst mat stjórnvalda í löggjöfinni og telur það varasamt. „Ég tel nauðsynlegt að breyta lögunum til að koma í veg fyrir að öryggi fólks og einkalíf verði með svo afgerandi hætti háð duttlungum annarra. Síðasta útspil dómsmálaráðherra um íslenskukunnáttu sem skilyrði fyrir veitingu búsetuleyfis og ríkisborgararéttar er enn ein hindrunin í átt til réttaröryggis en þeir sem til þekkja vita að vandamálið er skortur á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga.“



FRÉTTAVIÐTAL
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

## Hælisleitendum fækkar

Hælisleitendum hefur fækkað um rúmlega helming hér á landi í ár frá því í fyrra en mál þeirra sem sækja um hæli eru flóknari og umfangsmeiri en áður. Hælisleitendur eru um þrjátíu það sem af er þessu ári. Í fyrra voru hælisumsóknirnar sjötíu og sex talsins og í hittifyrra sóttu tæplega níutíu manns um hæli hér á landi.

Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, segir að þetta sé í samræmi við þróunina almennt í Evrópu. „Þetta gerist bara seinna hjá okkur,“ segir hún og bendir á að hælisleitendum hafi fækkað í öðrum ríkjum Evrópu í fyrra meðan þeim hafi fjölgað hér.



**HILDUR DUNGAL**

Hildur segir að áður hafi verið mikið um að fólk kæmi í hópum hingað til lands en nú segir hún að þetta séu frekar einstaklingar og nú þurfi að setja meiri rannsóknarvinnu í málin en áður. Útlendingastofnun þurfi nú að senda fleiri í tungumálapróf og staðháttapróf til að staðreyna hvaðan fólk kemur.

„Það er líka tekið harðar á því þegar kerfið er misnotað og fólk til dæmis kært fyrir skjalafals. Það er ekki hægt að líða það að fólk misnoti úrræði sem eru í boði fyrir þá sem þurfa sannarlega aðstoð,“ segir hún.

# Leikbær

# Stóri Stóri Stóri jólabæklingurinn kemur í dag!




## Fékkstu ekki bækling?

Sendu okkur tölvupóst á leikbaer@leikbaer.is eða hringdu í síma: 533 1502 og við sendum þér eintak!



**Skelfirinn á tilboði í dag!**
Með hverjum Skelfi sem keyptur er í dag fylgir 2.000 króna Leikbæjarseðill! **Aðeins í dag!**






Laugavegi - Faxafeni - Mjódd - Firði, Hafnarfirði - Kjarnanum, Selfossi - Háholti, Mosfellsbæ

# skoðun

greinar@frettabladid.is

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi.

## Misneyting er líka nauðgun

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Kynbundið ofbeldi tekur á sig margar myndir. Nauðgun er ein þeirra.

Í núgildandi hegningarlögum er kynferðisleg misneyting ekki skilgreind sem nauðgun nema misneytingin hafi átt sér stað með ofbeldi eða hótun um ofbeldi. Aðrar greinar hegningarlaganna taka til þess að þröngva manni til samræðis eða kynferðismaka og sömuleiðis þess að notfæra sér veikindi eða andlega annmarka til kynferðismaka. Tvennt hið síðarnefnda telst ekki vera nauðgun vegna þess að ekkert ofbeldi er þar talið vera í spilinu og hámarksrefsing er 6 ára fangelsisvistun en 16 ár þegar um nauðgun er að ræða. Á þetta benti Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir lögfræðingur í erindi sem hún hélt á vegum Mannréttindaskrifstofu Íslands í gær.

Nú liggur fyrir þinginu frumvarp þar sem þessi skilnaður er upprættur og það skilgreint nauðgun að hafa samræði eða kynferðisleg mök við einstakling sem ekki hefur gefið samþykki sitt til þess. Þetta er afar mikilvæg breyting og raunar nauðsynleg vegna þess að áherslan flyst frá aðferðinni sem beitt er við nauðgunina yfir á atburðinn sjálfan, nauðgunina sem felst í því að hafa samræði við manneskju sem ekki hefur gefið samþykki sitt fyrir því.

*„Glæpur hans er jafnmikill hvort sem nauðgunin á sér stað í heimahúsi eða úti á götu, hvort sem hún á sér stað milli vina eða fólks sem ekkert þekkist.“*

Þegar fjallað er um nauðganir er verið að fást við margar fyrirframgefnar hugmyndir. Býsna algengt er að varpa ábyrgðinni, að minnsta kosti að hluta, yfir á fórnarlamb nauðgunarinnar. Þá er velt upp hugmyndum eins og að konan sem fyrir nauðguninni varð hefði ekki átt að vera ein á ferð eða að hún hefði átt að gæta sín betur á áfenginu. Um leið og farið er að velta upp slíkum hugmyndum er skollaeyrum skellt við þeirri staðreynd að nauðgun er ofbeldisglæpur sem, eins og aðrir glæpir, er alfarið á ábyrgð gerandans. Glæpur hans er jafnmikill hvort sem nauðgunin á sér stað í heimahúsi eða úti á götu, hvort sem hún á sér stað milli vina eða fólks sem ekkert þekkist. Glæpurinn er jafnstór hvort sem fórnarlamb eða gerandi eru ofurölvi eða hafa aldrei á ævi sinni bragðað áfengi, hann er jafnstór hvort sem fórnarlambið er í fleginni blússu og stuttu pilsi eða í Kraftgalla.

Réttur konu, því það er undantekningalítið konum sem er nauðgað, til að samþykkja ekki kynlíf er skýlaus og kona sem ekki er í ástandi til að samþykkja kynlíf, til dæmis vegna þess að hún sefur áfengissvefni, hafnar kynlífi. Sá sem færir sér slíkt ástand í nyt, eins og sá sem notfærir sér andlega annmarka einstaklings til samræðis, nauðgar, rétt eins og sá sem kemur fram vilja sínum með ofbeldi.

Nú stendur yfir 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Þetta er í þriðja sinn sem ýmis mannréttindasamtök í landinu standa að slíku átaki. Hvern dag frá 24. nóvember fram til 10. desember eru viðburðir sem vekja athygli á ýmsum birtingarmyndum kynbundins ofbeldis. Þetta er átak sem ber að gefa gaum því kynbundið ofbeldi verður að uppræta.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nýr tónn

Uppgjör Jóns Sigurðssonar, formanns Framsóknarflokksins, við Íraksstríðið hefur gert líf margra framsóknarmanna bærilegra. Samúel Örn Erlingsson, vonarstjarna Framsóknarflokksins í Kópavogi, var svo ánægður með ræðu Jóns á miðstjórnarfundinum um helgina að hann setti saman vísu og flutti á staðnum. „Nú höfum fengið nýjan tón, / nú höfum teiknað betri línu. / Þú hefur tekið tonnið Jón / og tekið burt steininn úr hjarta mínu.“



### Orkumikil fjölskylda

Ólöf Nordal náði góðum árangri í prófkjöri sjálfstæðismanna í Norðausturkjördæmi um helgina. Hún stefndi á annað sæti og endaði í því þriðja sem má teljast gott hjá nýgræðingi í framboði. Ólöf er númer fimm af sex börnum Dóru og Jóhannesar Nordal. Frá árinu 2005 hefur hún verið framkvæmdastjóri Orkusölunnar hf. sem selur raforku til almennings. Eiginmaður hennar er Tómas Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls, og búa þau á Egilsstöðum. „Leggjum áherslu á að þau fyrirtæki sem starfa í landinu hafi umhverfismál og sjálfbærni að leiðarljósi,“ segir hún á heimasíðu sinni. Eins gott að Tómas hafi sín mál á hreinu.

### Hörð viðbrögð

Það hefur vakið athygli hvað Kristján Þór Júlíusson, sigurvegari prófkjörsins um helgina, hefur brugðist hart við ummælum Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra og varaformanns Sjálfstæðisflokksins, um framgang kvenna í prófkjörinu. Vill Kristján meina að í þeim hafi falist stuðningsyfirlýsing við Arnbjörgu Sveinsdóttur. Telja sumir þetta vera eftirhreytur af varaformannsslagnum þegar Kristján fór gegn Þorgerði á landsfundi. Engin sárindi eru þó eftir þann slag enda greip Kristján gott tækifæri til að kynna sig – og bæði stóðu sterkari á eftir.



bjorgvin@frettabladid.is

# Umferðarljósið



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

**Í DAG** | Umferðaröryggi

„Umferðaröryggi er meira á Íslandi en í flestum öðrum Evrópulöndum“. Þetta þótti mér áhugaverð frétt, ekki síst í ljósi þess hvernig aðrar fregnir af umferðarmálum þjóðarinnar hafa hljóðað þetta árið. Fyrir nokkrum dögum var maður dæmdur til að greiða nokkrar krónur eftir að hafa ekið á um 140 kílómetra hraða í þéttbýli þar sem búast má við gangandi vegfarendum á öllum aldri og umferð ökutækja er mikil alla daga. Þetta er því miður ekki einsdæmi nema síður sé. Það fylgdi fréttinni af umferðaröryggginu að gæði umferðarmannvirkja skipti sköpum í öryggismálum. Ekki ætla ég að draga það í efa en ég veit hins vegar ekki hvers lags mannvirki þarf til að tryggja öryggi þar sem ökumenn hegða sér eins og berserkir og við höfum haft mýmörg dæmi um á síðustu vikum og mánuðum. Ökumenn sem stíga bensínið í botn og þeytast um á öðru hundraðinu ógna umferðaröryggi og þar með öllum í kringum sig, hvernig svo sem mannvirkin eru hönnuð.

Það hefur verið áhugavert að fylgjast með árangri lögreglunnar á Blönduósi á undanförnum árum. Þar var einfaldlega skorin upp herör gegn alvarlegum umferðarslysum í umdæminu með því að stórauka eftirlit á þjóðvegunum. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa, almenningur hægir á sér í Húnavatnssýslum og veiting Umferðarljóssins á dögunum var verðskulduð. Alvarlegum slysum hefur fækkað og dregið úr hraðakstri. Er ekki hægt að fara að dæmi Blönduósslögreglunnar víðar? Það er enginn vafi á því að tvöföldun Reykjanesbrautarinnar er þarft verkefni og árangursríkt og sama mun gilda um tvöföldun Suðurlandsvegar. En á meðan ökumenn leyfa sér að aka eins og þeir séu í kappakstri erum við hin í stórhættu, hvort sem vegir eru einbreiðir, tvíbreiðir eða fjórbreiðir. Mér finnst óásættanlegt að menn

*Það hefur verið áhugavert að fylgjast með árangri lögreglunnar á Blönduósi á undanförnum árum.*

skuli komast upp með að aka á 140–170 kílómetra hraða, refsingarlítið, og ógna þar með lífi og limum allra í kringum sig. Árangurinn í Húnavatnssýslum segir okkur að vegaeftirlit virkar og þar hefur verið gefið fordæmi sem ber að fylgja. Það þarf að fjölga lögreglumönnum og bílum í eftirliti um allt land, jafnt í þéttbýli sem á þjóðvegum. Það þarf að stórhækka sektir, jafnvel tvöfalda þær, því pyngjan er góður kennari. Það á að hækka bílprófsaldur því það er eðlilegt að ábyrgð ökumanns fylgi sjálfræðisaldri. Þeir sem hafa alið upp og starfað með unglingum vita hversu mikinn þroska þeir taka út á hverju ári milli tektar og tvítugs. Auknum þroska fylgir aukin ábyrgð og þess vegna er eðlilegt að álykta að 18 ára ökumenn séu ábyrgari en 17 ára ökumenn, þótt sjálfsagt sé það ekki einhlítt. Það þarf líka að koma upp æfingasvæði þar sem öllum verðandi ökumönnum verði skylt að finna það á eigin skinni hvað gerist ef eitthvað ber út af, innan allra öryggismarka að sjálfsögðu. Þetta kostar auðvitað allt peninga en ég er viss um að þetta allt saman, samtals, er þó ódýrara en sá fórnarkostnaður sem við færum í umferðarslysum á hverju ári. Og umferðarslys eru ekki óhjákvæmileg eins og hverjar aðrar náttúruhamfarir.

Umferðin hefur verið skelfilega mannskæð á þessu ári og enn eru ökumenn að gera sig seka um glæfralegan akstur. Það er ljóst að í alltof mörgum tilvikum eru vitin ekki til að varast þau og ef fólk getur ekki haft vit fyrir sér sjálft þarf að hafa vit fyrir því. Í þessu samhengi þarf enginn að efast um tilgang eða réttmæti þess að hafa vit fyrir fólki. Öryggi alls almennings er í húfi. Lögreglumenn í Húnavatnssýslum hafa sýnt okkur hvað þarf til. Aukið vegaeftirlit dregur úr ofsaakstri og að auki þarf að þyngja refsingar við afbrotum í umferðinni umtalsvert. Sennilega þarf reyndar að þyngja viðurlög almennt en það er önnur saga. En það er ástæða til að óska húnvetnskum lögreglumönnum til hamingju með verðskulduð verðlaun. Kannski þeir fáist til að halda námskeið í öðrum umdæmum.

# Ekki öll sagan sögð

**UMRÆÐAN**

Frístundaheimili



BJÖRN INGI HRAFNSSON

Fréttablaðið tók í gær viðtal við ungan mann, sem á dóttur sem bíður enn eftir plássi á frístundaheimili í borginni. Ræðir ungi maðurinn, Dofri Hermannsson, þessa stöðu og gagnrýnir mig m.a. sem formann ÍTR fyrir að vera athafnastjórnmálamann en sinna þó ekki þessum skyldum mínum.

Nú er það svo, að enn eru ríflega sjötíu börn á biðlista eftir plássi á frístundaheimilum ÍTR. Það er of mikið. En samt er það um helmingi minna en t.d. á sama tíma og í fyrra og raunar hefur gengið betur að fá fólk til starfa síðustu daga, sem vonandi skilar sér í fækkun barna á biðlista á næstu dögum. Við höfum líka tekið ákvörðun um að veita yngstu börnunum forgang, sem og þeim sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Sömuleiðis hefur aldrei verið auglýst jafnmikið eftir starfsfólki og þetta árið og þá höfum við lagt spurningar fyrir foreldra barna á biðlista og leitað eftir þeim sem aðeins þurfa hlutavistun, svo fleiri komist að.

Allt gerum við þetta vegna þeirrar miklu spurnar sem er eftir vinnuafli. Þetta þekkjum við einnig frá skólum, leikskólum, verslunargeiranum og heilbrigðisþjónustunni. Atvinnuleysi er innan við eitt prósent, atvinnuþátttaka með því mesta í heiminum og ástandið einfaldlega mjög erfitt að þessu leytinu til. Það er erfitt að fá fólk.

En þetta veit Dofri Hermannsson auðvitað. Þótt Fréttablaðið greini ekki frá því, hefur hann einmitt skrifað áður um þessi mál í vetur og ávallt með þeim hætti að reyna að gagnrýna mig persónulega. Það er hans siður, og hann um það. Dofri er nefnilega varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar og starfsmaður flokksins og þess vegna pólitískur andstæðingur, svo ég læt mér slíkt í léttu rúmi liggja.

Það sem mér finnst alvarlegra er að Fréttablaðið skuli birta viðtal við Dofra um þessi mál án þess að geta þess að Dofri sé stjórnmálamaður og varaborgarfulltrúi. Spurningin er: Sagði Dofri Fréttablaðinu ekki frá því, eða taldi Fréttablaðið ekki að lesendur ættu að vita af því?

Ég tel skynsamlegast í þessari umræðu að koma hreint fram, þegar rætt er um viðkvæm pólitísk deilumál. Ef Dofri Hermannsson telur rétt að blanda börnum sem þurfa þjónustu frístundaheimilis inn í pólitískan slag, þá hann um það. En hann á þá að tala um það sem pólitík, en ekki sleppa því þegar honum hentar. Það er ekki sérlega smekklegt.

*Höfundur er formaður borgarráðs.*

Ford
*Nýtt tákn um gæði*

**Sérstakt** jólatilboð á Ford






**Jólapakkinn í ár**
**Verðmæti 140.000 krónur**
í formi afsláttar á beinskiptum,
5 dyra Focus með kraftmikilli 1,6i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.

### Þú kýst mest verðlaunaða bíl heims

# Kauptu Focus á jólatilboði

## Jólin nálgast - gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg



**Jólatilboð 1.990.000 kr.**
Ford Focus Trend Plus 1,6i 5 dyra, beinskiptur.*
Bílasamningur 24.340 kr. Rekstrarleiga 34.990 kr.
Verð án jólatilboðs 2.130.000 kr.
**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn****

► Jólin eru komin í Brimborg og Focus bíður eftir þér. Veldu fimm dyra Ford Focus Trend með skemmtilegri 1,6i vél, beinskiptan eða sjálfskiptan. Kynntu þér jólaverð Brimborgar. Kynntu þér góð kjör, líka á bílasamningi og rekstrarleigu. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Fáðu lægri vexti. Lægra lántökugjald. Byrjaðu jólin á Focus Trend – komdu í Brimborg.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

### Ford tókst hið ómögulega

Gagnrýnendur segja að Ford hafi tekist hið ómögulega; að hanna bíl sem býður allt í senn: einstaka hönnun og hagkvæmni í farþegarými, skemmtilegar vélar og óviðjafnanlega aksturseiginleika. Focus hefur hlotið 1. verðlaun á yfir 65 alþjóðlegum bílasýningum og fullt hús stiga hjá EuroNCAP. Allir bílar frá Ford eru búnir mjög miklum staðalbúnaði. Focus er þar engin undantekning. Skoðaðu staðalbúnað Focus á ford.is. Veldu Ford á jólatilboði Brimborgar.



**Jólapakkinn í ár**
**Verðmæti 140.000 krónur**
í formi afsláttar á beinskiptum,
5 dyra Focus með kraftmikilli 1,6i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.

Jólatilboð Brimborgar

**JÓLIN NÁLGAST**
**OFURJÓLATILBOÐ Á FORD**
**KYNNTU ÞÉR GREIÐSLUKJÖRIN**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru álfelgur og þokuljós.


GCIALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL





# Latibær – alltaf hress, aldrei skemmtilegur!

**UMRÆÐAN**
Barnamenning

Í Fréttablaðinu á sunnudaginn var viðtal við Magnús Scheving um frægð og framgang Latabæjar. Þetta er eitt af fjölmörgum viðtölum og greinum og fréttum um „ólinnandi söngfrægð“ þessa sjónvarpsefnis fyrir börn um heim allan svo vitnað sé í söguna góðu um Garðar Hólm. Nú ber svo við að í síðasta Tímariti Máls og menningar birtist gagnrýnin grein um Latabæ og á því getur bara verið ein skýring að mati Magnúsar: „Án þess að vita neitt um það efast ég um að hún [greinarhöfundur] eigi börn. Það skiptir töluverðu máli þegar maður eignast börn, þá hugsar maður öðruvísi,“ segir Magnús.

Það síðastnefnda get ég, greinarhöfundurinn, tekið undir. Það breytti lífi mínu mjög þegar við hjónin eignuðumst strákana okkar tvo. Þá kviknaði líka áhugi minn á barnamenningu og barnabókmenntum.

## Gróðabrall

Ég vil gera eitt alveg ljóst í upphafi þessa máls. Ég hef ekkert á móti peningum. Ég hef ekkert á móti því að menn fái almennilega borgað fyrir vinnu sína og komi þeir ár sinni fyrir borð og auðgist á heiðvirðan hátt er nákvæmlega ekkert að því heldur, að mínu mati. Það er líka alveg ljóst að Latibær er ekki góðgerðarfyrirtæki heldur stórt og vaxandi menningariðnaðarfyrirtæki sem veltir hundruðum milljóna. Framleiðsla sjónvarpsþáttanna er byrjunin. Framleiðsla leikfanga og hliðarefnis sem tengjast þeim munu velta enn meiri fjármunum ef þættirnir slá í gegn en það er í raun ekki komið í ljós enn. Samkvæmt Brown Johnson, yfirmanni barnaefnis hjá sjónvarpsstöðinni Nikolodeon Junior, þarf að keyra sjónvarpsþættina í eitt til tvö ár áður en hægt er að byrja að selja búninga og leikföng sem byggja á persónum þáttanna. Í grein Morgunblaðsins um Latabæ 29. september 2005 er talað við hann og þar er talað um Latabæjarvörur og segir: „Samkvæmt áætlunum fyrirtækisins verður meira en helmingur tekna Latabæjar af sölu þessara vara innan þriggja til fjögurra ára.“ Í greininni leggur Magnús Scheving markaðsmynd Latabæjar alveg skýrt og heiðarlega fram og það liggur ljóst fyrir að mikið er lagt undir og mikið uppúr framleiðslunni að hafa ef vel tekst til. Það er ekkert leyndarmál.


DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR

## Skyndibiti eða gulrót

Í greininni sem ég skrifaði í síðasta hefti Tímarits Máls og menningar undir yfirskriftinni „Latibær er skyndibiti“ fjalla ég um þróun Latabæjar, frá gamaldags barnabókum með sterku kennslufræðilegu yfirbragði yfir í þá hátækniframleiðslu sem sjónvarpsþættirnir um Latabæ eru orðnir. Mér finnst barnabækurnar hreint ekki góðar og rökstyð það. Mér finnst sjónvarpsþættirnir heldur ekki góðir og rökstyð það líka. Titill greinarinnar vísar til þessar gagnrýni. Titillinn er myndhverfing sem gefur á fíngerðan hátt í skyn að ég telji Latabæ ekki vera staðgott, andlegt fæði fyrir börn heldur hið gagnstæða.

Þetta kýs Magnús Scheving að misskilja sem svo að ég telji Latabæjarvörur tengdar ruslfæði en það hef ég aldrei sagt. Það kemur fram í hverju einasta viðtali og grein um Latabæ að hann tengist ekki óhollustu og þetta er einn veigamesti hlutinn af ímynd og markaðsfærslu fyrirtækisins.

## Fagurfræði

Þeir sem láta sig barnamenningu varða hafa hins vegar haft áhyggjur af samþjöppun fyrirtækja sem gera út á barnamarkað. Þannig hefur útgefendum barnabóka snarfækkað í Bandaríkjunum síðustu tíu árin. Forlög verða stærri, þau eiga bókabúðir og tengjast sjónvarpsstöðvum þar sem markaðsfræðingar eru aðalráðgjafar í gerð barnaefnisins. Þegar allt þetta batterí er samkeyrt er erfitt fyrir foreldra og börn að standa á móti pressunni. Foreldrarnir opna buddurnar, ef ekki börnin sjálf. Menntunarfræðingar hafa haft áhyggjur af leikfangaframleiðslu eða „spin off“ framleiðslu í framhaldi af sjónvarpsþáttum og áhrifum þeirra á leik barna. Sumir segja að það sé verið að stýra dýrmætum leikjum barnanna, hefta ímyndunarafl þeirra og móta það á óæskilegan hátt. Aðrir segja að þetta sé svartagallsraus og ekkert geti stýrt leikjum barna, þau séu litlir stjórnleysingjar og muni alltaf fylgja reglum ímyndunaraflsins en ekki forskriftarinnar. Enn aðrir segja að þó börnin api ekki eftir söguþráðum sjónvarpsþáttanna, komin í búninga Spartacusar og Stephanie, þá taki þau upp hreyfimynstur persónanna auk þess sem þættirnir móti fagurfræðileg viðmið þeirra, hugmyndir um söguframvindu eða fléttu, hraða og takt, liti og form, leiklist, myndlist og tónlist. Hvernig kæmi Latibær út úr slíkri athugun? Latibær einkennist af svo hröðum klippingum að því hefur verið líkt við tónlistarmyndbönd. Hvaða áhrif hefur það á markhóp þáttanna sem eru forskólabörn, þriggja til sjö ára? Hvaða áhrif hafa klisjurnar og endurtekningarnar á hugmyndir barnanna um söguþróun? Væri ekki vert að bankar og nýsköpunarsjóðir legðu peninga í að rannsaka það?

## Að lokum

Latibær hefur fengið mikinn stuðning og ótrúlega velvild á Íslandi og á sér heita aðdáendur frá litlum börnum til æðstu embættismanna. Ef aðeins eru lesnar fréttir af velgengni Latabæjar úti í heimi í íslenskum blöðum birtist lesanda fögur mynd. Hún verður flóknari ef menn nenna að skoða umræður barna og unglinga erlendis um Latabæ á netinu. Margt er þar alls ekki eftir hafandi. Hins vegar er mikil þörf og nauðsyn á gagnrýninni umfjöllun um barnaefni í íslenskum fjölmiðlum og ég lýsi eftir henni.

*Höfundur er prófessor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands.*

# Karlar til ábyrgðar

**UMRÆÐAN**
Kynbundið ofbeldi

Síðastliðið vor urðu þau ánægjulegu tíðindi að verkefnið Karlar til ábyrgðar (KTÁ) var endurreist. Verkefnið er meðferðartilboð fyrir karla sem beita ofbeldi í nánum samböndum. Hafi þeir gert sér grein fyrir því að ofbeldisbeiting þeirra er vandamál og vilji þeir reyna að breyta hegðun sinni þá er KTÁ leið sem þeim stendur til boða. Það er hins vegar algert skilyrði að karlar leiti sér sjálfir aðstoðar, séu reiðubúnir til að taka þetta skref.

Sjálf meðferðin felst í sálfræðilegri aðstoð við að breyta hegðun. Í upphafi er um nokkur einkaviðtöl að ræða en meginþungi meðferðarinnar er yfirleitt í hóp. Þar geta skjólstæðingar rætt reynslu sína og aðstoðað hver annan í breytingaferlinu. Erlend og innlend reynsla hefur sýnt að slíkir hópar geta skipt verulega miklu máli fyrir hvernig til tekst. Margir telja að ofbeldisbeiting þeirra sé einstök og sá vandi sem þeir eru að takast á við sé bundinn við þá eina og samband þeirra. Það skiptir miklu máli að menn komist að því að svo er ekki. Mun fleiri eru í svipuðum sporum og takast á við svipaðan vanda.

Mikilvægt er að undirstrika að meðferðin er ekkert kraftaverk. Ekki er um það að ræða að skyndilega ljúkist upp augu manna og þeir átti sig á hvað hegðun þeirra hefur skemmt mikið í þeirra eigin lífi og hjá þeim sem næst standa. Oft er um að ræða hegðunarmynstur sem lengi hefur verið til staðar og á jafnvel rætur að rekja til æsku. Það tekur tíma að breyta slíku, læra nýja hegðun, ný viðbrögð við erfiðleikum tilverunnar. En erlendar athuganir sýna að það er hægt.

Fyrri tilraun til reksturs þessa meðferðarúrræðis sýndi líka að þetta er hægt hérlendis. Athugun á meðal skjólstæðinga sýndi að þeir voru ánægðir með meðferðina og töldu hana hafa gagnast sér verulega. Enn meira máli skiptir þó að konurnar voru ánægðar og töldu margt hafa breyst til betri vegar. Lífsgæði þeirra höfðu aukist, þær hlógu oftar, fannst þær frjálsari og þótti sem þær gætu rætt fleiri mál við maka sinn en áður.

Allt er þetta gott og blessað en það er þó e.t.v. ekki síst börnin sem vonir eru bundnar við. Það sýndi sig í áðurnefndri athugun að þar sem börn voru í sambandinu höfðu þau undantekningarlaust orðið vitni að ofbeldinu. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvílíkt áfall slíkt er fyrir börnin, þessi reynsla setur mark á þau alla ævi. Það hefur líka sýnt sig að það er verulega aukin hætta á að börn sem hafa orðið vitni að ofbeldi á æskuheimili beiti sjálf ofbeldi á fullorðinsárum. Þetta verður félagslegur vítahringur sem afar mikilvægt er að rjúfa.


INGÓLFUR V. GÍSLASON

Aðstandendur verkefnisins vona auðvitað að skjólstæðingar hætti að beita ofbeldi gegn þeim sem næst standa og öðrum. Vonin er að bæði gerandinn og þolandinn lifi betra lífi eftir meðferðina en áður. En við bindum líka vonir við að sú upplifun barnanna að faðir þeirra sé að leita sér aðstoðar til að hætta að nota ofbeldi geti leitt til þess að síður sé hætta á að þau endurtaki hegðunina þegar þau eru sjálf komin með fjölskyldu. Meðvitundin um að pabbi sé að reyna að hætta stuðli að því að þau geri sér enn frekar grein fyrir því að um sé að ræða hegðun sem ekki sé eðlileg og viðurkennd. Verkefnið Karlar til ábyrgðar er þannig einnig hugsað sem leið til að rjúfa áðurnefndan félagslegan vítahring.

*Höfundur er verkefnisstjóri Karlar til ábyrgðar.*



**GRENI OG KÖNGLAR FARA ALDREI ÚR TÍSKU**
Aðventukransar eiga stóran þátt í að skapa sannan jólaanda og kertaljósin sem kvikna eitt af öðru fram að jólum færa hlýju og frið inn á heimilin.
JÓLIN KOMA 2



**ÚR DIMMU Í DAGSLJÓS**
Dagsljósalampar geta lengt daginn og lífgað upp á tilveruna í svartasta skammdeginu.
HEILSA 4



## ALLT HITT

[ HEILSA JÓLIN KOMA ]

**Ráðleggingar** um mataræði og næringarefni - fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri er nýr bæklingur sem kominn er út á vegum Lýðheilsustöðvar. Bæklingurinn er með góð ráð fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri sem auðvelda val á fæðu. **Nánar:** www.lydheilsustod.is



**Háskóli** Íslands fer í samstarf við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og tekur þar stórt skref í rannsóknum á fötlun og þroskafrávikum. Tilgangurinn með samstarfinu er að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu sem þessir aðilar búa yfir. Þar er einkum lögð áhersla á fötlun barna. Nánar: www.hi.is

**Nýtt** hús SÁÁ opnaði nýlega að Efstaleiti 7. Húsið sem er 1.500 fermetra nýbygging á tveimur hæðum hýsir bæði göngudeild og forvarnastarf. Markmið með opnun forvarnardeildarinnar er að bregðast við ört vaxandi vímuefnaneyslu ungs fólks og dagdrykkju hinna eldri. Nánar: www.saa.is

**Jólaþorpið** í miðbæ Hafnarfjarðar er opið núna. Þar má finna alls kyns skemmtilega hluti sem nýtast við jólaundirbúninginn nú rétt áður en jólamánuður gengur í garð.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 28. nóvember, 332. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.36 | 13.16 | 15.54 |
| Akureyri | 10.42 | 13.00 | 15.18 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Ásgeir hvetur til þess að BA-nám í dansi á Íslandi verði lengt úr einu í þrjú ár, meðal annars vegna þess hversu dýrt er að fara í nám erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Dans er ekki bara starf heldur lífsstíll

***Ásgeir Helgi Magnússon æfir dans af krafti við Listaháskóla Íslands.***

„Ég var sumpart rekinn áfram af hégómagirnd í upphafi, vildi bara komast í form til að líta vel út á skólaböllum,“ segir Ásgeir hlæjandi. „Dansáhuginn var auðvitað líka fyrir hendi og kviknaði um átján ára aldur en þá fór ég að sækja Jassballettskóla Báru, þar sem ég vann mig upp úr byrjendaflokki.“

Ásgeir segir dansinn lengi vel hafa verið áhugamál. Eftir að hann lauk stúdentsprófi ákvað hann að sækja um inngöngu í Ballettakademíuna í Stokkhólmi, en var viðbúinn því að innrita sig í nám við Háskóla Íslands fengi hann synjun.

„Það kom mér eiginlega í opna skjöldu að fá inngöngu,“ segir Ásgeir og bætir við að dansinn hafi í kjölfarið breyst úr áhugamáli í alvöru. „Ég átti ævintýranlegan tíma úti, þau tvö ár sem ég var við skólann og lærði heilmikið. Þarna gerði ég mér fyrst grein fyrir að dans er ekki aðeins atvinna heldur lífsstíll.“

Ásgeir segir gífurlega þjálfun liggja að baki dansinum. Hann æfir nánast sleitulaust fimm daga vikunnar og eitthvað um helgar. Að eigin sögn borðar hann eins og hestur þar sem brennslan sem fylgir er gríðarleg. „Ég borða að meðaltali fimm sinnum á dag,“ segir Ásgeir og telur það í raun of lítið með hliðsjón af öllum æfingunum. „Það er ekki ofsögum sagt að maður leggi blóð, svita og tár í dansinn, skal ég segja þér.“

*roald@frettabladid.is*

## Æfingar fyrir verðandi mæður

FYRSTI ÍSLENSKI ÆFINGAMYNDDISKURINN FYRIR ÓLÉTTAR KONUR ER KOMINN ÚT.



Krisztina G. Aqueda gefur út íslenskan disk fyrir barnshafandi konur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bumbufimi – leikfimi fyrir þungaðar konur er heiti nýja mynddisksins, sem inniheldur bæði líkamsræktaræfingar og leiðbeiningar ljósmóður fyrir verðandi mæður á öllum stigum meðgöngu. Þolfimiþjálfarinn og þriggja barna móðirin Krisztina G. Agueda útfærir líkamsæfingarnar en hún annast jafnframt útgáfuna. Guðlaug María Sigurðardóttir ljósmóðir er með leiðbeiningar um grindarbotns-, slökunar- og æðaæfingar sem henta vel fyrir barnshafandi konur. Þá er Yesmine Olsson með innslag á disknum. Nánari upplýsingar um diskinn eru á heimasíðu Hreyfilands, www.hreyfiland.is, eða með því að hafa samband við Hreyfiland í síma 577 2555.

*- rve*



**Jólastressið** er handan hornsins og best að vera vakandi fyrir álaginu til að verða ekki stressinu að bráð. Gefið ykkur tíu mínútur dag hvern til að slaka á og tæma hugann.

















# Greni og könglar fara aldrei úr tísku

***Aðventukransar eiga stóran þátt í að skapa sannan jólaanda og kertaljósin sem kvikna eitt af öðru fram að jólum færa hlýju og frið inn á heimilin í mesta skammdeginu. Fréttablaðið fékk Ráðhúsblóm til að gefa lesendum hugmynd að fallegum aðventukrönsum.***



Rauði liturinn er alltaf klassískur í bland við mismunandi gerðir af greni.

Jólaskreytingar eru háðar tískusveiflum eins og annað í þjóðfélaginu og það á ekki hvað síst við um aðventukransana.

Á hverju ári eru nýir straumar og stefnur sem þykir nauðsyn að fylgja auk þess sem unnið er úr efniviðnum á mismunandi hátt. Að sögn Rúnu Bjargar Magnúsdóttur sem ásamt Agnesi Lind Heiðarsdóttur rekur blómaverslunina Ráðhúsblóm við Bankastræti í Reykjavík er þó sumt sem fer aldrei úr tísku. „Könglar og greni halda alltaf velli og einnig rauði liturinn,“ segir Rúna og bætir við að til séu margar tegundir af greni sem gaman sé að blanda saman. Hún segir að við gerð aðventukransa leiti þær Agnes mikið út í náttúruna að hugmyndum en þær eru jafnan með fjölbreytt úrval af aðventukrönsum.



Spurð um hugmyndir að sérlega einföldum og fljótlegum leiðum til að búa til aðventukransa fyrir upptekna Íslendinga bendir Rúna á þann möguleika að skera kjarnann og efsta hlutann innan úr eplum og setja kerti í en ef kanill eða aðrar jólakryddjurtir eru settar undir kertið gefur það líka góðan jólailm. Hún segir að einnig megi setja fjögur könglakerti frá Kristjáni á kertastöðinni á Blesastöðum á bakka og leggja svo nokkrar greinar á bakkann eða skreyta að vild.“ Kertin frá Kristjáni eru alveg svakalega falleg og það koma eiginlega ekki jól hjá okkur fyrr en við erum búin að fá þau,“ segir Rúna.

*- shs*


sbarro®

EKTA ÍTALSKUR MATUR!

SBARRO er ein stærsta ítalska skyndibitakeðja í heiminum í dag með yfir 1000 staði í 30 löndum.

*Það styttist óðum í að Íslendingar fái að njóta SBARRO veitinga á Stjörnutorgi í Kringlunni.*



Fyrsta kertið sem tendrað er næsta sunnudag er spádómskertið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvert kerti hefur sína merkingu

***Gerð aðventukransa er orðinn fastur liður í jólaundirbúningi á flestum íslenskum heimilum. Kransarnir hafa lengi tíðkast á meginlandi Evrópu en hefðin barst tiltölulega seint til Íslands og festist ekki í sessi fyrr en er líða tók á sjöunda áratug síðustu aldar.***

Aðventukransinn er upprunninn í Þýskalandi þar sem lengi hefur tíðkast að skreyta hús með greinum sígrænna trjáa fyrir jólin. Kransinn er táknrænn að því leyti að hið sígræna greni táknar lífið, sem er í Kristi og hin logandi kerti benda til komu Jesú Krists, hins lifandi ljóss.

Um 1800 hafði hið hefðbundna jólatré náð mikilli útbreiðslu og snemma á 19. öld fór að sjást ný tegund af jólatrjám í Þýskalandi, en þau voru sett saman úr þremur misstórum krönsum og hengd í loftið. Ekki leið á löngu þangað til hægt var að kaupa kransatrén á jólamörkuðum víða um landið og voru þau markaðssett sem jólaskraut sem ætti að setja upp töluvert fyrr en hin hefðbundnu jólatré. Fljótlega var því farið að kenna kransana við aðventuna og sett fjögur kerti í þá, eitt fyrir hvern sunnudag jólaföstunnar. Með tímanum urðu kransarnir að borðskrauti og tók þessi siður að breiðast út til nágrannalandanna eftir það.

Kirkjan gerði siðinn einnig að sínum og lagaði hann að kirkjuárinu og táknkerfi kirkjunnar. Guðspjöll aðventusunnudaganna boða komu krists og logandi kertin tákna aðdragandann að henni.

Fyrsta kertið heitir spádómskerti og táknar það fyrirheit spámannanna um komu frelsarans.

Annað kertið heitir Betlehemskerti og er nefnt eftir fæðingarbæ Jesú.

Þriðja kertið heitir hirðakerti og er nefnt eftir hirðingjunum sem fyrstir fengu fregnir um fæðingu frelsarans.

Fjórða kertið heitir englakerti og er nefnt eftir englunum sem fluttu fréttina um fæðingu frelsarans.

Aðventukransar bárust ekki til Íslands fyrr en eftir síðari heimsstyrjöldina og sáust þeir fyrst sem skraut í einstaka búðargluggum og á veitingastöðum. Útbreiðsla kransanna hér á landi var frekar hæg til að byrja með en á sjöunda áratugnum voru þeir orðnir algeng söluvara um allt land. Á sama tíma varð einnig algengt að fólk gerði sína eigin aðventukransa og fljótt var það orðinn sjálfsagður hluti jólaundirbúningsins. Í dag eru aðventukransar mjög vinsælt skraut á íslenskum heimilum. *- eö*



Fullt af fróðleik er að finna á jólamjólkurvefnum.

## Fróðleikur um jólasveinana

VEFURINN WWW.JOLAMJOLK.IS HEFUR VERIÐ OPNAÐUR

Í tilefni þess að jólamjólkin er komin aftur á markað um land allt var vefurinn jólamjólk.is opnaður. Á vefnum er að finna ýmislegt spennandi tengt jólunum og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Á jólamjólk.is er spurningaleikur með glæsilegum verðlaunum, litabók fyrir yngstu börnin, spennandi jólauppskriftir, rafræn jólakort og fróðleikur um jólasveinana.

Frá 1. til 24. desember verður á síðunni skemmtilegt jóladagatal með opnanlegum gluggum fyrir yngstu börnin.

jólakort }

## KFUM og KFUK

TIL STYRKTAR STARFI FÉLAGSINS




Jólakort KFUM og KFUK á Íslandi fyrir árið 2006 er komið út, en það er selt til styrktar fjölbreyttu starfi félagsins á meðal barna og unglinga. Hönnuður þess er Rúna Gísladóttir myndlistarkona. Jólakortin eru mikilvæg fjáröflunarleið fyrir KFUM og KFUK. Kortin eru seld tíu saman í pakka og kostar pakkinn kr. 1.000. Hægt er að panta jólakortin hjá KFUM og KFUK, Holtavegi 28, 104 Reykjavík, í síma 588 8899, eða með tölvupósti á netfangið: klara@kfum.is.


Rýmingarsala
20 til 40%
afsláttur af öllum vörum
Loftvogir - áttavitar - sjónaukar - þráðlausir hitamælar

Póstsendingaþjónusta
GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson úrsmíðameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINNI



Flottar peysur

Stærðir 36 - 48
bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12
Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 Laugardaga 10-16



FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is



HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11

Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár
Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting
550 9800
www.skatar.is
Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123
Bandalag íslenskra skáta



Heilsársdekk allan ársins hring!

Með heilsársdekk undir bílnum ertu alltaf klár í slaginn hvernig sem færðin er.
Að auki þarftu ekki að hafa áhyggjur af dekkjaskiptum næsta vor eða næsta haust.
Þú einfaldlega ekur á heilsársdekkjunum þangað til þú færð þér ný.
Kíktu við í Sólningu og kynntu þér heilsársdekkin okkar.
Continental
Mastercraft
NANKANG
SÓLNING
Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 5445000 | Njarðvík | Selfoss
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

**Endurskinsmerki** eru nauðsynleg í skammdeginu þegar farið er út að ganga eða hlaupa. Þá sérstaklega þegar skokkarar þurfa að hlaupa á götunum vegna snjós á gangstéttum.

















allt matur
Alla föstudaga


# Sendir kærleiksríka geisla út í samfélagið

***Ljósið eflir lífsgæði krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra á erfiðum tímum með margs konar dagskrá og stuðningi.***



Erna með hlýlegan kraga um hálsinn sem hún greip af einu handverksborðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í safnaðarheimili Neskirkju hinu eldra hefur endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðin Ljósið starfsemi sína. Þar er hlýlegt og heimilislegt andrúmsloft og boðið upp á handverkshús, leirlist, sjálfstyrkingu, jóga, slökun, göngur, kyrrðarstundir í kirkjunni, svæðanudd og samveru svo eitthvað sé nefnt. Þegar Fréttablaðið lítur þar inn er þar fjöldi fólks við margs konar iðju. Handverkssala er á döfinni þann 3. desember og undirbúningur undir hana í fullum gangi. Erna Magnúsdóttir iðjuþjálfi er forstöðukona Ljóssins. Frá henni stafar gleði og birta og þrátt fyrir að í mörg horn sé að líta gefur hún sér tíma í smá spjall.

„Starfsemin hófst í september 2005 og það hefur sýnt sig að hún er mikilvæg. Aðaltilgangur hennar er að draga úr streitu og kvíða hjá þeim sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendum þeirra og efla andlegan, líkamlegan og félagslegan þrótt. Það er svo mikilvægt að stuðla að jákvæðni og ná upp virkni,“ lýsir Erna og segir með því hægt að draga úr þeim hliðarverkunum sem sjúkdómurinn hefur.

Mannlegar áherslur eru í fyrirrúmi hjá Ljósinu þannig að fólk upplifi sig velkomið, að sögn Ernu. „Eitt af markmiðum Ljóssins er að efla tengsl og traust á milli fólks sem er í svipaðri aðstöðu,“ segir hún og leggur áherslu á að mikil samhjálp sé þar ríkjandi. „Hingað koma heilu fjölskyldurnar og eiga góðar stundir saman, taka þátt í þeim viðfangsefnum sem boðið er upp á, hlæja, skemmta sér og gleyma erfiðleikunum.“

Opið er alla virka daga í Ljósinu frá níu á morgnana til fjögur og ávallt mikið um að vera. „Hingað komu 107 manns í október og fjöldi heimsókna í hverri viku var 150,“ segir Erna. Hún bendir á heimasíðu Ljóssins, www.ljosid.org, og minnir svo að sjálfsögðu á notalega aðventustund þann 3. desember þar sem fallegt handverk verður á boðstólum. Hjónin Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson syngja og spila, dansarar sýna samkvæmisdans og kaffi og vöfflur verður selt á góðu verði. Allur ágóði rennur til styrktar Ljósinu.

*gun@frettabladid.is*



## Persona.is

SÓLEY JÖKULRÓS EINARSDÓTTIR
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Óboðnar þrálátar hugsanir

*Hvað er þráhyggja? Er hætta á því að fólk framkvæmi það sem felst í þráhyggjunni, t.d. skaði barn sitt, og hvernig má losna við þessar hugsanir?*

Þráhyggja eru óboðnar þrálátar hugsanir, hugarsýn eða hvatir sem viðkomandi einstaklingur getur ekki sætt sig við, á erfitt með að hafa stjórn á og valda mikilli vanlíðan. Sem dæmi má nefna heittrúaða konu sem hugsar syndsamlegar hugsanir eða maður sem telur að hann muni valda flugslysi með því að sjá það fyrir sér.

Flestir eða allt að 90 prósent fólks upplifa óboðnar hugsanir, hugarsýnir eða hvatir en fólk túlkar þær á ólíkan hátt. Eini munurinn á þeim sem þróa með sér þráhyggju og öðrum er sá að þeir fyrrnefndu líta svo á að hugsanirnar séu mikilvægar og að þær segi eitthvað um viðkomandi sem manneskju. Þá reyna þeir stundum reynt að bæla þær niður, líta framhjá þeim eða gera þær hlutlausar með annarri hugsun eða athöfnum.

Þeir sem hafa tilhneigingu til að þróa með sér þráhyggju eru oft þeir sem hafa sérstaklega sterka réttlætis- og siðferðiskennd og standa í þeirri meiningu að hugsun jafngildi gjörðum. Þunglyndir og kvíðnir geta haft tilhneigingu til að þróa hana með sér vegna þess að þunglyndir einblína oft á neikvæða skýringu á hegðun sinni og vitað er að kvíði eykur þráhyggju.

Algengustu tegundir þráhyggju eru hræðsla við sýkingarhættu, einnig að efast í sífellu um hluti, t.d. hvort gleymst hafi að slökkva á eldavélinni, og svo hugsun um ágenga eða ógnvekjandi hegðun s.s. að skaða sig eða aðra.

Þráhyggjuhugsanir (hugarsýn eða hvatir) um að skaða eigið barn voru með fyrstu sálrænu kvillunum sem skrifað var um í tengslum við líðan móður eftir barnsburð. Þráhyggjan felst t.d. í því að foreldri sér fyrir sér að það skaði barn sitt með einhverjum hætti og hugsar um sorgina og áfallið í fjölskyldunni sem fylgi því.

Þessum hugsunum fylgir aukin fjarlægð milli foreldris og barns þar sem foreldrið treystir sér ekki til að umgangast það vegna hræðslu um að missa stjórn á sér. Niðurstöður einnar rannsóknar sýndu að af 100 þunglyndum mæðrum þá hafði 21 endurteknar hugsanir um að skaða barn sitt og gerði varúðarráðstafanir vegna þess og 24 treystu sér ekki til að vera einar með börnum sínum.

Þróunin á slíkri þráhyggju gæti verið á þá leið að manneskja sem er undir miklu álagi eða reið gæti veitt óásættanlegri hugsun athygli, orðið hrædd og haldið að hún væri að verða geðveik og myndi missa stjórn á sér. Það er mjög eðlilegt að veita því athygli sem fólk hræðist en þar af leiðandi beinist hugsunin að því.

Afleiðingar þráhyggju geta verið miklar fyrir fólk, t.d. sá ein kona það fyrir sér að hún stingi börn sín og varð þetta til þess að hún forðaðist að komast í snertingu við oddhvassa hluti, setti lás á eldhúsdyrnar og fór ekki þar inn nema í fylgd annarra fullorðinna.

Algengt er að fólk tjái sig ekki um þráhyggju sína vegna sektarkenndar og af ótta við að aðrir leggi sömu merkingu í hana og telji það slæmar manneskjur fyrir vikið. Þessi þögn kemur hins vegar í veg fyrir að manneskjan fái hjálp og geti afsannað þá merkingu sem hún leggur í þráhyggjuna. Innihald þráhyggjunnar er ekki vísbending um einhvers konar undirliggjandi persónuleika sem á fyrr eða síðar eftir að spretta fram og framkvæma þessa hluti.

Meðferð við þráhyggju þar sem viðkomandi hefur ekki þróað með sér áráttu felst meðal annars í hugrænni nálgun. Vegna þess að þráhyggju er viðhaldið með því að forðast hana er manneskjan látin horfast í augu við þráhyggju sína hvort sem um er að ræða hugsun, hugarsýn eða hvatir og þannig gerir hún sér grein fyrir að þótt hugsunin sé óþægileg þá er hún ekki hættuleg. Einnig er unnið með bjagaðar hugsanir s.s. að ofmeta líkur á hættu og að ýkja ábyrgðarkennd. Síðast en ekki síst er mikilvægt að manneskjan geri sér grein fyrir því að ekki er hægt að hafa fullkomna stjórn á hugsun.

# Ráðist gegn umskurði

Á NÝYFIRSTAÐINNI RÁÐSTEFNU Í KAÍRÓ VAR KRAFIST BANNS VIÐ UMSKURÐI KVENNA


Umskurður kvenna er á undanhaldi í múslímaheiminum.

Ráðstefnan var haldin að frumkvæði þýsks mannréttindahóps en hún er sögð hafa skilað góðum árangri. Hún var sótt af múslímskum fræðimönnum víðs vegar að og naut hún stuðnings helstu múslímaleiðtoga um allan heim.

Trúaryfirvöld í Egyptalandi studdu einnig ráðstefnuna og sögðu að samkvæmt íslömskum lögum væri engin þörf á umskurði kvenna. Margir aðrir trúarleiðtogar fylgdu í kjölfarið og gefur það von um aukna samstöðu gegn umskurðinum.
Umskurður kvenna er útbreiddur í múslímaríkjum í Mið-Austurlöndum og sums staðar í Afríku. Honum er hins vegar lítt beitt í Suðustur-Asíu, Norður-Afríku og Sádi-Arabíu. Umskurðurinn felst í því að ytri skapabarmar og snípur stúlkna eru fjarlægðir en aðgerðin er mjög sársaukafull. Fylgjendur hennar segja að hún hindri lauslæti kvenna en andstæðingar segja hana villimannslega og beinlínis hættulega lífi stúlknanna. - tg

# Krafa gerð um löggilta einkaþjálfara

*Í Bandaríkjunum er sívaxandi eftirspurn eftir líkamsræktarþjálfurum með tilskilin réttindi.*

Nýtt nám í einkaþjálfun hefur verið sett á laggirnar við heilsu- og hreyfingafræðideild Purdueháskóla í Bandaríkjunum, vegna aukinnar kröfu um löggilta þjálfara.
Hingað til hefur lítil sem engin samhæfing verið á námi í einkaþjálfun í Bandaríkjunum. Ýmsar námsleiðir hafa verið í boði, svo sem námskeið af ýmsum gerðum og fjarnám sem aðeins tekur nokkrar klukkustundir að ljúka á netinu.
Afleiðingarnar hafa meðal annars verið þær að einkaþjálfarar eru illa undir það búnir að þjálfa eldri borgara, öryrkja og þá sem undirgangast endurhæfingu eftir slys og veikindi. Líkur eru taldar á að illa upplýstir þjálfarar skaði frekar skjólstæðinga sína en að hjálpa þeim.
Með náminu er vonast til að ráðin verði úrbót á þessu vandamáli, þar sem nemendur munu meðal annars vinna með börn, eldri borgara og öryrkja. Námið þykir líka í lengra lagi miðað við það sem tíðkast hefur, eða fjögur ár, og er því sambærilegt BA-námi.
Frá þessu er greint á heimasíðu CNN, www.cnn.com. - rve


Sextugur maður með sykursýki þarf annars konar meðhöndlun en menntaskólanemi.


Við erum öll ólík og nú er komið í ljós að við erum enn ólíkari en áður var haldið.

# Meiri fjölbreytni

***Mun meiri fjölbreytni er innan erfðamengis mannsins en áður var talið. Frá þessu er greint á vef BBC.***

Breskir vísindamenn greindu 270 erfðasýni víðs vegar að úr heiminum og kom fjölbreytnin á óvart. Stór litningasvæði vantaði í suma á meðan önnur höfðu tvöfaldast.
Erfðafræðin hefur einblínt mikið á einstakar stökkbreytingar og afleiðingar þeirra og segja má að erfðafræðingar hafi ekki séð skóginn fyrir trjánum. Sú fullyrðing að erfðamengi manna sé 99,99 prósent eins virðist ekki standast heldur erum við mun ólíkari en áður var talið. - tg

**fyrirlestur }**


Matarolíur eru misjafnar að gæðum eins og kemur fram í fyrirlestri dr. Udo Erasmus. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Holl fita

NÆRINGARFRÆÐINGURINN DR. UDO ERASMUS HELDUR FYRIRLESTRA Á ÍSLANDI.

Udo er höfundur metsölubókarinnar, Fats that Heal Fats that Kills. Hann er staddur hér á landi og heldur tvo fyrirlestra í Reykjavík. Efni fyrirlestranna eru niðurstöður byggðar á áralöngum rannsóknum og þróun á ferskum olíum til manneldis, en þar er um að ræða sérstakar blöndur af Omega 3 6 9 olíum. Dr. Erasmus hefur í tæp 30 ár rannsakað olíur sem notaðar eru til manneldis og ferðast nú um allan heim til að fræða almenning og fagaðila um notkun á réttum olíum. Hjartasjúkdómar og of há blóðfita eru gífurlega algengir sjúkdómar í samfélagi samtímans og því tvímælalaust mikilsvert að fá slíkan fræðimann til landsins, að því er kemur fram í fréttatilkynningu frá Heilsu ehf. sem stendur fyrir komu Udo til landsins. Fyrirlestrarnir verða á Grand hóteli, Sigtúni Reykjavík, 28. nóvember nk. sem hér segir: Fyrir fagfólk hinn 28.11. frá 10–12 fyrir hádegi. Fyrir almenning 28.11. frá: 19.30–22.00. Fyrirlestrarnir eru öllum opnir og ókeypis fyrir þátttakendur.



Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
28. nóv. Hundrað og eitthvað hugmyndir..
Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur
29. nóv. Heilbrigði og hamingja
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
30. nóv. Heilsukostur - Kökur og eftirréttir
Auður Konráðsdóttir desertameistari
07. nóv. Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
Öðruvísi jólahlaðborð Maður lifandi
Sjá dags. www.madurlifandi.is

Svefn & heilsa
www.svefn.is

Ég nota Sterimar, það hjálpar

- kvef
- ofnæmi
- eyrnabólga
- ennis og kinnholusýking
Fæst í apótekum




# Lampar sem fá dimmu í dagsljós breytt

***Þunglyndi og depurð af völdum skammdegis er í hugum margra goðsögn ein á meðan ástandið er mjög raunverulegt fyrir aðra. Dagsbirtulampar hafa verið notaðir um árabil til að létta lund þeirra sem þjást í myrkrinu og í Vesturbæjarlauginni logar nú dagsljós langt fram á kvöld.***


Guðrún Arna Gylfadóttir framkvæmdastjóri Vesturbæjarlaugar lætur fara vel um sig í dagsbirtunni MYND FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Gestir Vesturbæjarlaugarinnar geta nýtt sér dagsbirtulampa um leið og þeir skella sér í sund. Lamparnir eru liður í verkefninu Reykjavik spa city og hefur mælst mjög vel fyrir meðal gesta.

„Verkefnið er ætlað að stuðla að fjölnýtingu sundlauganna til að auka heilsubótartilboð. Við fengum lampana í fyrrahaust og erum eina laugin sem er með þá í borginni,“ segir Guðrún Arna Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Vesturbæjarlaugar.

Á dimmum vetrarmorgnum getur verið erfitt að koma sér af stað út í daginn, svo góður skammtur af ljósi getur verið ágætis orkugjafi fyrir daginn. Talið er að um tæp fjögur prósent Íslendinga þjáist af árstíðabundnu þunglyndi einhvern tíma á ævinni þar sem einkennin eru meðal annars depurð, kvíði, orkuleysi og síþreyta. Tímabilið getur varað frá hausti til vors og er skortur á dagsljósi nefnt sem ein af helstu ástæðunum.

„Lamparnir voru settir upp hjá okkur í október og eru í gangi fram á vor,“ segir Guðrún Arna. Gestirnir eru á öllum aldri og Guðrún segir góða aðsókn í lampana, sérstaklega á kvöldin. „Það er mælst til þess að fólk sitji í lömpum hálftíma í senn,“ segir Guðrún. Á hálftíma gefur lampinn frá sér birtu sem samsvarar sex tímum í sólarljósi. „Þetta eru ekki útfjólubláir geislar svo maður verður ekki brúnn. Þess utan hitna þeir ekki og eru algjörlega hættulausir,“ segir Guðrún.


Góðir skrifstofulampar frá Pfaff Borgarljós eru góðir í vinnuna eða við lærdóminn. Fréttablaðið fékk ummæli frá vinnustað í borginni sem reyndi lampana í tíu daga. Starfsmenn fundu greinilegan mun á eigin líðan eftir þessa notkun lampanna. Helsti munurinn var meiri orka fram á kvöld, betri svefn og minni þreyta almennt.

Nýlegar rannsóknir sýna einnig að lamparnir geti bætt svefntruflanir, síþreytu, fyrirtíðaspennu og flugþreytu en séu þó engin töfralausn. „Það er mikilvægt að fólk leiti læknis ef það finnur fyrir alvarlegri vanlíðan. Lamparnir eru bara viðbót við dagsljósið og ef þeir eru notaðir markvisst gegn þunglyndi verður það að gerast í samráði við lækni,“ segir Guðrún Arna.

Einar Magnússon, verslunarstjóri Pfaff Borgarljósa, er með litla dagsljósalampa sem henta vel á skrifborð. Einar segir marga kennara nota lampana fyrir þreytta nemendur og nefnir nemendur með lesblindu. Lamparnir eru af öllum stærðum og gerðum bæði stórir skermir og skrifstofulampar í alls kyns hönnun. Mikilvægt er að lesa leiðbeiningar vel sem fylgja lömpunum og fá ráð frá starfsfólki verslana. Starfsfólk Vesturbæjarlaugar gefur upplýsingar um lampana sem eru í lauginni. Afgreiðslutími Vesturbæjarlaugar er: virka daga frá 6.30-22.00 og um helgar frá kl. 8.00-20.00. Nánari upplýsingar: Vesturbæjarlaug sími 5515004, www.itr.is

Upplýsingar um skammdegisþunglyndi og dagsbirtulampa: www.dagsbirta.com

Pfaff Borgarljós bjóða dagsbirtulampa sem hafa gefið góða raun: www.pfaff.is

*rh@frettabladid.is*

sbarro®
EKTA ÍTALSKUR MATUR!
Rigati Penne-pasta
með ekta ítalskri vodkasósu
og parmesanosti
Það styttist óðum í að Íslendingar fái að njóta SBARRO veitinga á Stjörnutorgi í Kringlunni.



**ÓLAFUR ÞÓR ÆVARSSON GEÐLÆKNIR** segir öllum mikilvægt að vinna í jákvæðu umhverfi þar sem litið er á streituvarnir og álagsstjórnun sem hluta af daglegum rekstri fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sálfélagslegir þættir vinnuverndar

*Streita og álagstengd vanlíðan fer vaxandi en sú vanlíðan getur haft áhrif á heilsu okkar og valdið truflun á rekstri fyrirtækja. Einkenni álagstengdrar vanlíðunar eru oft óljós og margir taka ómeðvitað streitu og stress með sér heim úr vinnunni.*

Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir er í forsvari fyrir Streituskólann þar sem ráðgjafar veita markvissa fræðslu og sérhæfða ráðgjöf gegn neikvæðum áhrifum streitu.

**HELSTU MERKI ÁLAGSTENGDRAR VANLÍÐUNAR:**

- þreyta
- einbeitingartruflanir
- skapbreytingar
- samskiptaerfiðleikar
- depurð
- kvíði
- verkir
- sviti
- svefntruflanir.

„Námskeið Streituskólans eru skipulögð fyrir fyrirtæki og sniðin að þörfum þeirra. Veitt er sérhæfð streitufræðsla sem fer þannig fram að fyrst fá stjórnendur ráðgjöf og síðan er öllum starfsmönnum fyrirtækisins veitt fræðsla. Frætt er um álag og áhrif neikvæðrar streitu á líðan, samskipti og hegðun og einnig er fjallað um álagstengd heilsufarsvandamál, bæði andlega og líkamlega vanlíðan,“ segir Ólafur Þór og bætir við að meginhlutverk skólans sé að miðla upplýsingum um vísindalega þekkingu og reynslu til þeirra sem fást við streituvarnir og heilsuvernd.

„Í Streituskólanum er unnið að forvörnum og hinum sálfélagslegu þáttum vinnuverndar. Við blöndum saman mjög sérhæfðri ráðgjöf bæði í hópum, fyrir stjórnendur fyrirtækja og einnig fyrir einstaklinga allt eftir þörfum og sérstöðu hvers fyrirtækis. Því eru verkefnin sem við erum að sinna mjög ólík. Þau geta verið allt frá einum fyrirlestri yfir í að vera þrautskipulögð verkefni þar sem fyrirtækjum er fylgt eftir í eitt til tvö ár.“

Ólafur Þór segir öllum mikilvægt að vinna í jákvæðu umhverfi þar sem litið er á streituvarnir og álagsstjórnun sem hluta af daglegum rekstri fyrirtækja. Mikilvægt sé að hindra álagstengda vanlíðan sem geti orsakað fleiri veikindadaga og almenna vanlíðan í leik og starfi og jafnvel stuðlað að sjúklegu ástandi. „Það er skýrt tekið fram í lögum að stjórnir fyrirtækja bera ábyrgð á vinnuvernd og heilsu starfsmanna sinna, ekki bara líkamlegri heilsu, heldur einnig andlegri heilsu,“ segir Ólafur Þór. „Starfsmenn Streituskólans hjálpa fyrirtækjum að finna hverjir álagsþættirnir eru innan starfseminnar og hvað má betur fara. Mikilvægt viðhorf er að beita fræðslu og ráðgjöf sem forvörn og til að vekja starfsmenn til umhugsunar. Í tengslum við fræðsluna eru veitt einstaklingsviðtöl til frekari og einstaklingsbundnari fræðslu og ráðgjafar. Þá finnur hver og einn betur við hvaða álagsþætti hann er að glíma, verður meira meðvitaður um hvernig hann bregst við og getur eflt sig í streituvörnum.“

Nánari upplýsingar um Streituskólann má finna á www.stress.is.

*johannas@frettabladid.is*

# Húðkrabbamein algengt hjá hlaupurum

NIÐURSTÖÐUR NÝLEGRAR RANNSÓKNAR SÝNA HÁTT HLUTFALL HÚÐKRABBAMEINS HJÁ HVÍTUM MARAÞONHLAUPURUM.



Maraþonhlauparar eru lengi úti í sólinni í einu.

Það vakti athygli húðsjúkdómalækna við Læknaskóla Graz í Austurríki þegar í ljós kom að þeir höfðu meðhöndlað átta maraþonhlaupara við húðkrabbameini á aðeins tíu árum.

Í framhaldi ákváðu þeir að gera samanburðarrannsókn, þar sem 210 maraþonhlauparar og jafnmargir þátttakendur í öðrum hópi, með svipuðu kynjahlutfalli og aldursdreifingu, voru skoðaðir eftir óvenjulegum fæðingarblettum og sárum.

Í framhaldi af því þurfti að vísa 24 maraþonhlaupurum til læknis, þar sem þeir undirgengust skurðaðgerð, á meðan aðeins 14 aðilar úr hinum hópnum þurftu á læknishjálp að halda.

Maraþonhlauparar sem hlupu að meðaltali lengst, voru stór hluti þeirra sem þurftu á læknismeðferð að halda, enda urðu þeir mest fyrir barðinu á útfjólubláum geislum sólarinnar.

Aðspurðir kváðust aðeins 56 prósent hlauparanna nota sólarvörn og fáir klæddust fatnaði sem skýldi þeim fyrir sólargeislunum.

Þess skal getið að rannsóknin tók aðeins mið af hvítum maraþonhlaupurum, en álitið er að svartir maraþonhlauparar séu ekki jafn viðkvæmir fyrir útfjólubláum sólargeislum og þeir hvítu. *- rve*

# Starfsemi SÁÁ flutt í Efstaleiti

*Formleg opnun fór fram síðastliðinn laugardag.*

SÁÁ hefur átt byggingarrétt á lóð við Efstaleiti 7 í nokkur ár en ekki haft tækifæri eða fjárráð til að ráðast í byggingaframkvæmdir þar fyrr en nú. Að undanförnu hefur SÁÁ selt húseignina í Síðumúla auk smærri eigna til að standa straum af kostnaði við nýja húsið. Þar er byggingarframkvæmdum nú lokið og fór formleg opnun fram sl. laugardag. Starfsemin í nýja húsinu er:Göngudeildarþjónusta fyrir unglinga í áfengis- og vímuefnavanda sem ekki þurfa að fara á Sjúkrahúsið Vog og foreldra þeirra.

Göngudeildarþjónusta fyrir unglinga sem eru á leið á Vog eða eru að koma þaðan.

Viðtala- og greiningaþjónusta fyrir fólk sem hefur áhyggjur af neyslu sinni.

Fjölskyldumeðferð og ráðgjafaþjónusta fyrir aðstandendur áfengis og vímuefnasjúklinga.

Viðamikill og fjölbreyttur stuðningur við fólk sem er að koma úr áfengis- og vímuefnameðferð.

Endurhæfingarmeðferð fyrir fíkla sem geta nýtt sér göngudeildarmeðferð og þurfa ekki að fara á Staðarfell eða Vík.

Viðamikið rannsóknarstarf sem unnið er í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu.

Forvarnardeild og skrifstofa SÁÁ.



Ný tækifæri bjóðast með nýju húsnæði.






# TOPPBÍLAR


Jeep Grand Cherokee Laredo 4X4. Árgerð 2006, ekinn 1 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 4.700.000. Rnr.182594


Isuzu Trooper nýja lagið ABS. Árgerð 2001, ekinn 87 þ.km. Dísel knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1990.000. Rnr.181999


Isuzu Trooper nýja lagið. Árgerð 1999, ekinn 202 þ.km. Dísel knúinn. 5 gírar. Verð 1500.000. Nýr mótor. Rnr.182342


Isuzu Trooper langur turbo intercooler. Árgerð 1999, ekinn 181 þ.km. Dísel knúinn. 5 gírar. Verð 1080.000. Rnr.995580


Hyundai Sonata S/D GLSI. Árgerð 1999, ekinn 107 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 650.000. Rnr.995618


Hyundai Elantra Wagon / STW. Árgerð 1998, ekinn 106 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 450.000. Tilboð 170.000. Rnr.995179


Hyundai Coupe. Árgerð 2003, ekinn 1 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 1690.000. Tilboð 1.590.000. Rnr.114843


Hyundai Coupe. Árgerð 2003, ekinn 30 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 1590.000. Tilboð 1.290.000. Rnr.114842


Hyundai Accent H/B GSI. Árgerð 2000, ekinn 77 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 450.000. Rnr.995556


Honda Civic 2.0 TYPE „R". Árgerð 2002, ekinn 87 þ.km. Bensín knúinn. 6 gírar. Verð 1990.000. Rnr.210253


Honda Accord 2,4 Executive. Árgerð 2004, ekinn 21 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 2.750.000. Rnr.201509


Ford Mondeo W/G GLX. Árgerð 1996, ekinn 110 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 490.000. Rnr.995142


Ford Mondeo GHIA. Árgerð 1997, ekinn 116 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 690.000. Tilboð 370.000. Rnr.995172


Ford Mondeo. Árgerð 1996, ekinn 145 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 490.000. Rnr.115755


Ford Focus S/D Ambiente High Series. Árgerð 1999, ekinn 91 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 700.000. Rnr.995415


Ford Focus Ambiente. Árgerð 2003, ekinn 55 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 1050.000. Rnr.230140


Ford Fiesta Trend. Árgerð 2005, ekinn 8 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1590.000. Rnr.182512


Ford F250 Crew CAB 4X4. Árgerð 2004, ekinn 62 þ.mílur. Dísel knúinn. Sjálfskiptur. Verð 3890.000. Rnr.115940


Ford Explorer XLT 4WD. Árgerð 2002, ekinn 56 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 2850.000. Rnr.115842


Ford Explorer Executive. Árgerð 1996, ekinn 130 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 690.000. Rnr.123031


Ford Escape 4X4 XLT 4DR. Árgerð 2001, ekinn 92 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1690.000. Rnr.995640


Ford E350 Super Club Wagon. Árgerð 1999, ekinn 95 þ.mílur. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.240238


Fiat Palio Weekend 75. Árgerð 1999, ekinn 169 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 520.000. Rnr.995617


Dodge Stratus Se. Árgerð 2004, ekinn 22 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1690.000. Tilboð 1.390.000. Rnr.220222


Dodge Stratus SE. Árgerð 2003, ekinn 47 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1390.000. Tilboð 990.000. Rnr.123951


Dodge Stratus ES. Árgerð 2004, ekinn 3 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1990.000. Tilboð 1.690.000. Rnr.220225


Dodge Caravan Base. Árgerð 1996, ekinn 156 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 440.000. Rnr.123352


Dodge 2500 Club Cab. Árgerð 1995, ekinn 75 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1390.000. Tilboð 790.000. Rnr.240236


Daihatsu Terios SX. Árgerð 1998, ekinn 85 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 420.000. Rnr.201466


Daihatsu Gran Move W/G. Árgerð 2001, ekinn 87 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 670.000. Rnr.995169


Daewoo Nubira W/G SX. Árgerð 1999, ekinn 119 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 390.000. Tilboð 250.000. Rnr.995411


Daewoo Leganza S/D Executive. Árgerð 2000, ekinn 119 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 710.000. Rnr.995615


Daewoo Lanos S. Árgerð 1999, ekinn 78 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 400.000. Tilboð 250.000. Rnr.995166


Citroes XSARA Picasso 1.8 16V. Árgerð 2001, ekinn 80 þ.km. Bensín knúinn. 5 gírar. Verð 990.000. Rnr.995389


BMW 5 540IA. Árgerð 1997, ekinn 148 þ.km. Bensín knúinn. Sjálfskiptur. Verð 1690.000. Rnr.240179


BMW 3. Árgerð 2002, ekinn 171 þ.km. Dísel knúinn. Sjálfskiptur. Verð 2190.000. Tilboð 1.790.000. Rnr.240146

TM BÍLALÁN

TOPPBÍLAR bílasala

Kletthálsi 2 – 110 Reykjavík Sími 587 2000

Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 12-16 •Sunnudaga lokað • www.toppbilar.is



**Minkapelsar**
**Til sölu minkapelsar, síður og stuttur, blárefapels, skinnkragar, ullarkápur og jakkar t.d. í yfirstærðum og fl. Verð frá 5000 kr.**
**KS. Diana s. 551 8481.**



**Fyrirtæki og stofnanir**
**Stubbastrumpar. Viltu losna við sígarettustubba og tyggjóklessur? Einnig til minni stubbar til að festa á vegg. Framleiðandi www.skrapp.is**
**Pöntunarsímar 661 3799 & 892 3750.**

Baðinrétting til sölu fæst fyrir lítið gegn því að vera tekin niður. Stærð 128x56,5. Vaskur getur fylgt en ekki blöndunartæki. Einn efri skápur og efri kappi fyrir ljós. Uppl. í s. 483 3973.

**140x200 cm rúm til sölu**
Til sölu nýlegt rúm m/dýnu 140x200 cm. Verð 15 þús. Uppl. í s. 856 7474 e. kl. 19.

## Hljóðfæri

Höfum opnað verslun með nýjar og notaðar harmonikur og öllum fylgihlutum. Visa/euro raðgreiðslur. www.harmonikan.is S. 690 2020

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Tek að mér þrif í heimahúsum, flutningsþrif og hreingerningar, vönduð vinnubrögð. Föst verðtilboð. Rakel s. 692 4341.

Láttu mig um púlið! Nýbyggingar, flutningsþrif og fyrirtæki. Einnig jólaþrif Föst verðtilboð. S. 848 7367.

BETRIÞRIF

**Hreingerningaþjónusta**
Hreingerum fyrir heimili, fyrirtæki, húsfélög og skóla. Einnig flutningþrif og teppahreinsun. Símar 849 9600 & 867 1730.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Bókhald, skattskil, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

## Málarar

**Málningarvinna**
Getum bætt við okkur alhliða málningarvinnu inni, parket og flísalagnir. Fagmenn. Vönduð og góð þjónusta. Uppl. í s. 892 1565.

## Meindýravarnir

**- Guðmundur Óli Scheving -**

**- Tek að mér meindýravarnir -**
**Gegn nagdýrum - skordýrum - áttfættlum og fuglum. Útvega allan búnað - geri verðtilboð fyrir heimili og fyrirtæki. Hef sérhæft mig í meindýravörnum HACCP umhverfi.**
**Upplýsingar og pantanir í síma 892 9121 Geymdu auglýsinguna.**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Búslóðafl. og allir almennir flutn. 2 menn ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078.

## Spádómar

**ALSPÁ**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir, NLP, Símaspá, einkatímar og. m.fl.
**445 5000**
FINN TÝNDA MUNI
VISA Greiðsla MASTERS

**908 6116**
Er spákonan Sirrý
Ástir - fjármál heilsa
Einkatímar í S.845 4009

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

**Örlagalínan 595 2001 & 908 1800**
Miðlar, spámiðlar o.fl. Fáðu svör við spurningum þínum. www.orlagalinan.is.

**Bella.is S: 699 1673. EURO/VISA**
Spilaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. S: 557 9939 (904 2080) 199,90 mín kl 16 - 24 virka daga og 18-24 laugardaga. Bella.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Hanna s. 555 2927, 12-24 alla daga Visa/Master**
**Huglækningar. Andleg leiðsögn. Spilaspá, Tarot. Draumráðningar. 200 kr. mín. Er við alla daga frá 12-24. S. 555 2927, 847 7596. (Ath. hef lagt niður 908 6040).**

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

Vefsíðulausnir. 8.is

Vefhýsing. www.8.is

Heimasíðuráðgjöf. www.8.is

## Húsaviðhald

567 7570 · 892 7544
SÖGUN · BORUN · BROT
BORTÆKNI
ÞEKKING · REYNSLA
www.bortaekni.is
STEYPUSÖGUN KJARNABORUN MÚRBROT
567-7570

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
**SAGTÆKNI ehf**
Bæjarflöt 8, 112, RVK
www.sagtaekni.is
567-4262 & 893-3236

**Glerjun og gluggaviðgerðir!**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Parket og flísalagnir**
Getum bætt við okkur parket og flísalögnum. Uppl. í s. 892 9803, milli 10-18.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Múrarar

**Múrviðgerðir**
Getum bætt við okkur vinnu við múrviðgerðir og flísalagnir. Föst verðtilboð. S. 846 1956

**Þarftu að breyta?**
Múrari getur bætt við sig verkefnum. Fagleg þjónusta og vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 696 5799.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

## Líkamsrækt

Hættu að reykja á 60 mín. Hafðu samband í síma 862 3324. Við losum þig við nikótínþörfina. www.heilsurad.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu nýr 3ja sæta sófi með rússkinnsáklæði. Verð 55 þús. Ónotað rúm 90 cm á breidd, verð 15 þús. Gestarúm nýlegt, verð 8 þús. Nýr svefnsófi á 35þ. Uppl. í s. 864 2335 & 567 2335.

## Dýrahald



**Dýrabær**
Plastbúr fyrir allar stærðir hunda. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp.

**Persakettlingur**
Einn krúttlegur högni tilbúinn til afhendingar. S. 663 6507.

## Heimilistæki

Rainbow
RainMate


Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki
Hrein þjónusta ehf

Til sölu Siemens tvískiptur kæli og frystiskápur: Hæð 1,80 m. 6 mán. gamall, verð 55.000.- Einnig borðstofuhúsgögn úr Kirsuberjavið, borð 6 stólar og skápur verð 70.000. Uppl. í síma 863 8331.

## Ýmislegt



**Rýmingarsala 50% til 75% afsláttur**
**Af allri glerlist eftir Ellu Rósinkrans. - Opið í des alla daga frá 16- 19 og um helgar. Súðarvog 26, 104 Reykjavík. Opið á Stokkseyri eftir samkomulagi.**
**Frekari upplýsingar í síma og sérpantanir í s. 695 0495.**

# BJÁLKAHÚS TIL SÖLU

Gæða hús handa þér

**Bjálkahús ehf**
Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.
Hús okkar eru byggð til að endast.
Á fjórðahundrað hús hafa verið byggð.
einingahús-bjálkahús-sumarhús
www.husogheimili.is
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

# TILKYNNINGAR

**Er lesturinn erfiður?**
Erfiðleikar í lestri geta leitt til námsörðugleika strax á fyrstu námsárunum.
Á Lesblindusetrinu í Mosfellsbæ starfar hópur faglærðra Davis ráðgjafa sem veita góðar upplýsingar um Davis aðferðafræðina.
Nánari upplýsingar á www.lesblindusetrid.is
Lesblindusetrið

# TIL SÖLU

**Framleiðum ódýrt þakjárn**

Hvítt
Rautt
Grænt
Grátt
Aluzink
Galvaniserað
Ásamt fylgihlutum
**Timbur og Stál ehf.**
Smiðjuvegi 11.
s:5545544 fax:5545607

# ÞJÓNUSTA

**VANTAR ÞIG AÐ LÁTA FLÍSALEGGJA?**
ÖLL ÞJÓNUSTA Á EINUM STAÐ

SMIÐIR
MÚRARAR
RAFVIRKJAR
MÁLARAR
DÚKARAR
PÍPARAR

SÍMI 511 1707
www.handlaginn.is
HANDLAGINN
ER Í EIGU ÖRYGGISMIÐSTÖÐVARINNAR



Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Guesthouse**
Double bedroom, all incl. Price from 40.þús per month. Gsm 824 4530.

Snyrtileg tveggja herbergja íbúð til leigu í Frostafold í Grafarvogi, 52 m2 ásamt 4 m2 geymslu. Laus strax. Upplýsingar í síma 892 4006 og 896 2016.

Stúdíóíbúð og herb. með aðgangi að baði + eldhúsi til leigu í Vesturbæ Kóp. Uppl. í s. 898 4512.

160 fm einbýlishús ásamt 70 fm geymslu á góðum stað í Breiðholti, laust strax. Verð 160 þús/mán. Uppl. í s. 897 2262.

Mjög falleg 4ra herbergja íbúð á svæði 103 til leigu, aðeins vandað og reglusamt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 557 4040 & 892 0258.

Stúdíóíbúð í Grafarholti, rúmir 70 fm. Allt nýtt, sérinngangur. Leigist til 6 mánaða reglus. einst. V. 60 þús./mán. S. 695 6428 & 694 6300.

Til leigu íbúð í Selj. frá 1 des. Langtímaleiga, 2 mán. fyrirframgreiddir. Uppl. í 892 0699 e. kl. 14.

**Suðurhraun Hfj.**
Til leigu er 3herb. íbúð fullbúin húsgögnum, hiti + rafm. innifalið. Fyrirframgreiðsla 3 mán. Leiga 100 þús. Uppl. í s. 898 1492, e. hád.

3 herb. 61 fm í sv. 104, verð 95 þús. á mán. m. hita+rafm. Bankatrygging. Uppl. í s. 896 5430.

3ja herb. íbúð við Gaukshóla til leigu. Leiguverð kr. 115.000 pr. mán. og þriggja mán. fyrirframgreiðsla. Tryggingarvíxill. Langtímaleiga í boði. S. 896 7026.

## Húsnæði óskast

Fjögurra manna fjölskyldu, bráðvantar 3-4 herbergja íbúð þar sem má vera með dýr, á höfuðborgarsvæðinu. Reykjum ekki og erum mjög reglusöm. Áhugasamir hafi samband í símum 431 2877, 868 7646 og 893 8830.

22 ára einstæð m/1 barn óskar eftir kvk. meðleiganda eða gerast meðleigandi á höfuðborgarsv. Samvisku- og reglusöm. Uppl. í s. 616 6160.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ÖRLAGALÍNAN**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni.**
**Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki.**
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi eða hjá Önnu í s 699 7967 eða á staðnum Smáralind. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Jolli Hafnarfirði**
**Jolli óskar eftir fólki í fullt starf. Góð laun í boði.**
**Upplýsingar gefur Líney í síma 565 4990 frá 8-16. Umsóknareyðublöð fást á staðnum.**

**Kvöld & helgar**
**Aktu Taktu leitar eftir fjörugu og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Tilvalið fyrir skólafólk sem og aðra sem vilja vinna á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði.**
**Ef þú hefur áhuga hikaðu þá ekki við að senda inn umsókn á www.aktutaktu.is**

**Dyravarsla um helgar.**
**óskum eftir að ráða dyravörð sem fyrst. Lágmarksaldur 25 ára.**
**Upplýsinga um starfið veitir Sophus s. 893 2323 & www.kringlukrain.is**

**Aðstoð í sal**
Cafe Oliver óskar eftir að fá aðstoð í sal um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Evu í síma 845 5923.

**Óskum eftir starfsfólki í eldhús.**
**Lært eða með reynslu.**
**Upplýsingar í síma 617 8601.**

**American Style**
**Laus störf í sal og á grilli á American Style í Dalshrauni, Hafnarfirði, og á Bíldshöfða. Bæði í vaktavinnu og kvöld- og helgarvinnu Frábær liðsheild, góður andi! Hæfniskröfur: 18 ára eða eldri, áhugi, dugnaður, snyrtimennska og að geta mætt á réttum tíma.**
**Umsóknir á www.american-style.is**

**Vor á Laugaveginum**
**óskar eftir vaktstjóra og starfsfólki í sal. Stundvísi og dugnaðar er krafist. Aldurstakmark 18 ár. Góð laun í boði fyrir réttan aðila**
**Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 10 & 18.**

**Starfskraftur óskast í eldhús**
**í uppvask o.fl. Vinnutími frá 10-18, frí um helgar.**
**Upplýsingar á staðnum, ekki í síma Café Milanó, Faxafeni 11.**

**Leikskólinn Rauðaborg Viðarási 9.**
**Óskum eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinenda á leikskólann Rauðaborg.**
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 567 2185 og 693 9838.**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu.**
**Áhugasamir geta lagt inn umsókn inn á www.nings.is undir atvinnuumsóknir eða í símum 822 8832 eða 822 8835.**
**Við tökum vel á móti þér.**

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri en 25 ára.**
**Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Skemmtileg og lærdómsrík störf!**
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 525 0900 og á www.smfr.is

Heimilisleg félagsmiðstöð Dalbraut 18-20 er lítil og heimilisleg félagsmiðstöð opin frá kl. 9 til 16 alla virka daga. Þar er í boði ýmis konar félagsstarf, hádegismatur og síðdegiskaffi. Okkur vantar starfsfólk í hlutastörf/fullt starf í eldhús, og í ræstingar og böðun. Fjölbreytt starf , sveigjanlegur vinnutími á skemmtilegum vinnustað. Komdu í heimsókn og kynntu þér staðinn og störfin en hringdu fyrst í Sigríði Ólafsdóttur í síma 568 6960.

LR Ísland Heilsa - Fegurð- Tækifæri - Heilsa Engar kvaðir eða skyldur eru lagðar á herðar þátttakenda en með markvissri vinnu má hafa góðar tekjur í LR Upplýsingar í netfangið: frettir@simnet.is

Stálsmiðja Hafnarfirði leitar að vönum og óvönum mönnum í vinnu. Mikil vinna og góð laun í boði. Upplýsingar gefa Kári í s. 820 4497.

**Meirapróf!**
Óska eftir lestunarmanni í framtíðarstarf á flutningastöð með meirapróf. Uppl. í s. 893 5444.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir vaktstjóra í sal. Unnið er á vöktum. Upplýsingar í síma 696 8397 Brynja.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

Vantar vana menn í járnabindingar, mikil vinna, mæling. Uppl. Ármann sími 894 3398.

**Snyrtivörur**
Óskum eftir kraftmiklum kynningarstúlkum í desember. Skemmtilegt og lifandi starf. Vinsamlegast sendið upplýsingar til Margrétar á maggaf@gasa.is

## ATVINNA

Vopnafjarðarhreppur

# LEIKSKÓLINN BREKKUBÆR - LEIKSKÓLASTJÓRI -

Laus er til umsóknar staða leikskólastjóra á leikskólanum Brekkubæ Vopnafirði. Um er að ræða spennandi og krefjandi starf.

Við leitum að áhugasömum leikskólakennara í stöðu leikskólastjóra við leikskólann. Leikskólinn er tveggja deilda skóli með um 45 börnum, en unnið er að hönnun á stækkun hans. Miðað er við að nýr leikskólastjóri taki við starfi um áramót næstkomandi.

Laun eru samkvæmt samningi launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður, eigi síðar en 8. des. nk.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, í síma 473-1300.

Vopnafjarðarhreppur

## TILKYNNINGAR

# Breytingar á umferð í Grindavík

**Þann 1. desember næstkomandi taka gildi eftirfarandi breytingar á umferð Grindavík:**

- Hópsbraut nýtur aðalbrautarréttar frá Grindavíkurvegi að Austurvegi.
- Suðurhóp nýtur aðalbrautarréttar frá Grindavíkurvegi að Hópsbraut.
- Austurhóp nýtur aðalbrautarréttar að Hópsbraut.

**Bæjarverkfræðingur Grindavíkur.**

Skipulagsstofnun

# BÍLASTÆÐAHÚS VIÐ AUSTURHÖFN Í REYKJAVÍK

**Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar**

Portus Group hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um bílastæðahús, fyrir allt að 1.600 bíla, við Austurhöfn í Reykjavík.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 28. nóvember 2006 til 12. janúar 2007 á eftirtöldum stöðum: Í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Hönnunar: www.honnun.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 12. janúar 2007 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

**Skipulagsstofnun**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Vitni óskast!**
Á árekstri sem varð á Arnarnesshæðinni mánudaginn 6. nóv. milli kl. 22-23. Uppl. í s. 696 0771 & 514 1050.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál















MMC Pajero 2.5 tdi árg. '98, 35" ek. 130 þ. km, dráttarkrókur. V. 1300 þ. Uppl. í s. 894 7137.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Háseta vantar á beitningarvélabát. Uppl. í síma 894 4612.

# Nýjar íbúðir til sölu

## ÞRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ 3ja–4ra, 5 herbergja



ÍAV er að ljúka byggingu glæsilegra fjölbýlishúsa við Þrastarhöfða sem er fallegt og vel staðsett hverfi vestast í Mosfellsbæ. Húsin eru tveggja og þriggja hæða. Öll hönnun miðast við að viðhald verði í lágmarki og þarfir fjölskyldufólks í fyrirrúmi. Skóli, leikskóli og íþróttahús/sundlaug eru í aðeins 100 metra fjarlægð. Sérinngangur er af svalagangi eða beint af jarðhæð í hverja íbúð.

Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergjum og þvottahúsgólfum sem eru flísalögð. Sér þvottahús er í öllum íbúðum. Innréttingar eru vandaðar frá Brúnás. Heimilistæki eru AEG með burstaðri stáláferð.

Örfáar íbúðir eru óseldar. Til afhendingar strax.

**Verð frá 21,4 millj.**

## ÁSAKÓR 2–4 – KÓPAVOGI 3ja–4ra herbergja



### Glæsilega hannaðar íbúðir

Ásakór er vandað þriggja hæða fjölbýlishús með lyftu og 6 íbúðum á hæð. Sérinngangur er í hverja íbúð og fylgir eitt bílastæði hverri íbúð. Svalagangar 2. og 3. hæðar eru með glerskermum.

Íbúðum er skilað fullbúnum án gólfefna en með flísalögðum baðherbergis- og þvottahúsgólfum. Innréttingar eru vandaðar frá HTH. Þvottaherbergi er í öllum íbúðum. Húsið er vel staðsett þar sem stutt er í skóla, leikskóla og aðra þjónustu.

Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja, 98–110 fm.

Örfáar íbúðir eru óseldar. Til afhendingar strax.

**Verð frá 22,9 millj. með sér stæði í bílageymslu**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## SÓLTÚN – REYKJAVÍK 2ja–3ja herbergja



Húsið vinstra megin er númer 8–12 og húsið hægra megin 14–18

## GULLENGI – REYKJAVÍK 3ja, 4ra og 5 herbergja



### Rúmgóðar íbúðir á góðum stað í Grafarvogi

Nýjar íbúðir í lágreistum og fallegum fjölbýlishúsum við Gull-engi 2–6. Engjahverfið er gróið og heillandi hverfi á góðum stað í Grafarvoginum. Stutt er í alla þjónustu, í næsta nágrenni eru leik-, grunn- og framhaldsskóli og þjónustumiðstöðin Spöngin aðeins steinsnar frá.

Húsin eru sérlega vönduð og viðhaldslétt, hönnuð af Tekton arkitektum. Útveggir eru með steiningaráferð og viðarklæddir að hluta og lóð frágengin með snjóbræðslu í hluta hellulagðra göngustíga. Aðeins níu íbúðir eru í hverju húsi, sex íbúðir eru fimm herbergja (130–140 fm), tvær fjögurra herbergja (120 fm) og ein þriggja herbergja (100 fm). Landslagsarkitektastofan Landslag sá um hönnun lóðar og leiksvæðis.

Íbúðirnar eru bjartar og rúmgóðar og er þeim skilað fullbúnum án gólfefna en með flísalögðum þvottahúsgólfum og baðherbergjum. Innréttingar eru vandaðar og hægt er að velja milli þriggja viðartegunda í innréttingum og hurðum. Heimilistæki eru frá AEG eða sambærileg, með burstaðri stáláferð. Salerni eru vegghengd og sturtubaðker fylgir flestum íbúðum.

Íbúðirnar eru 3ja, 4ra og 5 herbergja, 102–140 fm.

**Verð frá 24,7 millj.**

Ítarlegar upplýsingar um eignirnar á vefsíðu okkar
www.iav.is

Söludeild okkar er að Höfðabakka 9
s. 530 4200

www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

ÍAV

## ÞJÓNUSTUHÚS – HVERAGERÐI
## 2ja–3ja herbergja



### Nýr og heilsusamlegur lífsstíll

Þjónustuhús við Lækjarbrún í Hveragerði veitir þér tækifæri til að njóta lífsins í faðmi einstakrar náttúru og hafa jafnframt aðgang að margvíslegri þjónustu Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands. Kaupendur gerast sjálfkrafa aðilar að samningi við HNLFÍ sem veitir aðgang að viðamikilli þjónustu Heilsustofnunarinnar gegn greiðslu mánaðarlegs grunngjalds. Rómuð náttúrufegurð, friðsæld og nálægð við hvers kyns þjónustu og heilsurækt eru nokkrir af þeim kostum til að njóta lífsins sem bjóðast í Hveragerði. Fallegar gönguleiðir allt í kring, golfvöllur, hesthús og margvísleg afþreying á svæðinu.

Íbúðunum er skilað fullbúnum með parketi á gólfum og flísalögðum baðherbergis- og þvottahúsgólfum. Íbúðirnar eru 2ja og 3ja herbergja, 86–111 fm.

**Verð frá 22,2 millj.**



### Stórglæsileg fjölbýlishús

ÍAV reisa stórglæsileg fjölbýlishús við Sóltún 8–18. Húsin eru eru mjög vel staðsett í grónu íbúðahverfi, skammt frá allri þjónustu í miðbænum og Kringlunni. Þá er helsta tómstunda- og útivistarsvæði Reykvíkinga, Laugardalurinn, í göngufæri við húsin. Húsin eru nútímalega hönnuð af Hróbjarti Hróbjartssyni og Karli Magnúsi Karlssyni hjá VA arkitektum. Allur frágangur er sérlega vandaður.

Húsin eru á 4 til 7 hæðum. Tvær íbúðir eru á hæð í hverjum stigagangi og innangengt er úr sameiginlegu bílageymsluhúsi beint í stigagang og lyftu. Húsin eru einangruð að utan og klædd með álklæðningu og gluggar eru álklæddir trégluggar. Húsin þarfnast því lágmarksviðhalds. Sameign verður fullfrágengin með flísum í anddyri og teppum á stigagöngum. Útihurð í stigagangi er úr áli og með rafmagnsopnun.

Íbúðirnar eru bjartar, með stórum gluggum sem sums staðar ná niður í gólf. Lofthæð er meiri en almennt gerist. Flestar íbúðanna hafa tvennar svalir.

Við hönnun íbúðanna var sérstök áhersla lögð á þægindi fyrir íbúa. Hljóðeinangrun er eins og best verður á kosið með tvöföldu gólfi og vönduðum innveggjum. Gólfhiti er í íbúðunum. Mynddyrasími tengdur anddyri er í öllum íbúðum.

Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, nema á baðherbergjum og þvottahúsgólfum sem verða flísalögð. Innréttingar eru mjög vandaðar. Hægt er að velja milli þriggja viðartegunda í innréttingum og innihurðum.

Sjónvarps- og símatenglar eru í stofu, borðkrók og herbergjum. Í öllum íbúðum er tengikassi fyrir stjörnutengingu síma, loftnets, tölvu og ljósleiðara.

Íbúðirnar eru 2ja og 3ja herbergja, 83–143 fm.

**Verð frá 25,1 millj. með sérstæði í bílageymslu**

## EGILSSTAÐIR – REYÐARFJÖRÐUR
## Einbýlishús 4ra–5 herbergja



Í Norðurtúni á Egilsstöðum og Breiðamel á Reyðarfirði eru til sölu glæsilega hönnuð einbýlishús. Húsin eru klædd álklæðningu og að hluta með harðvið. Gluggar eru álklæddir timburgluggar. Húsin þarfnast því lágmarksviðhalds.

Húsunum er skilað fullbúnum að utan með grófjafnaðri lóð. Að innan er þeim skilað milli þess að vera fokheld og tilbúin til innréttinga eða fullbúin án gólfefna.

**Verð frá 23,4 millj.**

## LINDARGATA – REYKJAVÍK 2ja–3ja herbergja



### Í hjarta miðbæjarins

Lindargata 27 er glæsilega hannað viðhaldslítið átta hæða lyftuhús. Íbúðum er skilað fullbúnum með parketi á gólfum og með flísalögðum baðherbergis- og þvottahúsgólfum. Sér þvottahús er í hverri íbúð og rúmgóðar geymslur í kjallara fyrir hverja íbúð. Innréttingar eru spónlagðar. Kaupendur geta valið um þrjár viðartegundir. Í eldhúsi verður keramikhelluborð með fjórum hellum, blástursofn og gufugleypir. Heimilistæki eru af AEG-gerð með burstaðri stiáferð eða sambærilegt. Dyrasími er tengdur myndavél í aðalanddyri. Sjónvarpsloftnets- og símatenglar eru frágengnir í stofu, borðkrók og svefnherbergjum. Í íbúðunum er tengikassi fyrir stjörnutengingar síma, loftnets, tölvu og ljósleiðara. Sameign og lóð eru fullfrágengin. Snjóbræðsla er við aðalanddyri, aðkomurampa og í bílastæðum. Göngustígar og hluti bílastæða er hellulagður.

Frábær staðsetning og stutt í alla þjónustu. Nútímaleg hönnun og allur frágangur er sérlega vandaður.

Íbúðirnar eru 2ja og 3ja herbergja, 80–135 fm.

**Verð frá 30,1 millj.**

## EGILSSTAÐIR – REYÐARFJÖRÐUR
## Raðhús 3ja–4ra herbergja



Í Norðurtúni á Egilsstöðum og Breiðamel á Reyðarfirði eru til sölu vönduð og falleg hús. Húsin eru klædd álklæðningu og að hluta með harðvið. Gluggar eru álklæddir timburgluggar. Húsin þarfnast því lágmarksviðhalds.

Húsunum er skilað fullbúnum að utan með grófjafnaðri lóð. Að innan er þeim skilað milli þess að vera fokheld og tilbúin til innréttinga eða fullbúin án gólfefna.

Húsin eru 96–140 fm.

**Verð frá 17,2 millj.**

# SJÓNARHORN




Þorgerður Katrín menntamálaráðherra virðist hálf hissa á þessum óvæntu gestum, en gæsirnar virðast hafa áttað sig á því að stundum falla brauðmolar frá Alþingi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# TOPP 5 : MICKEY ROURKE

Segja má að ferill leikarans Mickey Rourke (f. 1956) hafi gengið í endurnýjun lífdaga með kvikmyndinni Sin City á síðasta ári. Rourke vakti fyrst athygli með myndunum Diner (1982) og Rumble Fish (1983) og skaust upp á stjörnuhimininn með 9 1/2 Weeks (1987). Eftir nokkra skelli sagði Rourke að mestu leyti skilið við kvikmyndaleik og sneri sér að atvinnuhnefaleikum. Nú hefur Rourke snúið aftur og þótt andlit hans beri fyrri iðju greinileg merki eru persónutöfrarnir og töffarataktarnir enn til staðar. Hér eru fimm bestu kvikmyndir leikarans:

1. Angel Heart (1987). Einkaspæjari er ráðinn af dularfullum manni til að hafa uppi á horfnum söngvara. Rourke er frábær í kvikmynd sem féll á sínum tíma ekki í kramið hjá gagnrýnendum, þótt hún hafi almennt vaxið í áliti í seinni tíð. Al Pacino og Jack Nicholson var boðið aðalhlutverkið áður en Rourke fékk það.

2. Barfly (1987). Ljóðskáldið Henry Chinaski velur drykkju fram yfir frægð. Niðurdrepandi lýsing á niðurleið áfengissjúklinga í Los Angeles. Samleikur Rourkes og leikkonunnar Fay Dunaway heldur myndinni uppi, sem byggir að hluta á lífi skáldsins og blaðamannsins Charles Bukowski.



Mickey Rourke myndi seint vinna fegurðakeppni eins og hann er nú útlítandi, en töffarataktarnir eru enn á sínum stað.

3. Animal Factory (2000). Ungur maður lendir í steininum þar sem eldri og lífsreyndari fangi tekur hann undir sinn verndarvæng. Rourke er nánast óþekkjanlegur í hlutverki fangans og klæðskiptingsins Jan the Actress og sýnir svo um munar að honum er meira til lista lagt en að leika hörkutól.

4. Sin City (2005). Átök glæpamanna og laganna varða gerð góð skil í kvikmynd sem byggir á teiknimyndasögum Franks Miller. Eins og áður sagði blés hlutverk Rourkes í myndinni nýju lífi í feril hans, svo hann er nú eftirsóttur leikari þótt líklegast sé eitthvað í að hann endurheimti fyrri frægð.

5. Diner (1982). Þroskasaga nokkurra pilta í Baltimore í lok 6. áratugarins. Rourke í fríðu föruneyti leikara, sem áttu velflestir eftir að öðlast frægð til lengri eða skemmri tíma, svo sem Daniel Stern, Steve Guttenberg, Kevin Bacon og Ellen Barkin. Rourke alveg í essinu sínu.

Góð byrjun



www.visir.is

Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni og við gætum komið þér skemmtilega á óvart!

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

Lagersala



Lagersala
Krókhálsi 10 • Sími: 557-9510
Opið 9-18 virka daga • 10-16 laugardaga

á nýjum og útlitsgölluðum húsgögnum
Allt á frábæru verði

Rúm – Sófasett – Eldhúsinnréttingar – Speglar – Nuddstólar- og margt margt fleira...

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.181 **-0,97%** **Fjöldi viðskipta:** 211 **Velta:** 2.548 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Alfesca** | 0,20% | **Kaupþing** | 1,48% |
| **Bakkavör** | 0,17% | **Marel** | 1,26% |
| | | **Straumur-Burðar.** | 1,14% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,70 -0,27% ... Actavis 66,40 -0,90% ... Alfesca 5,08 +0,20% ... Atlantic Petroleum 588,00 +0,00% ... Atorka 6,30 +0,00% ... Bakkavör 59,90 +0,17% ... Eimskipafélagið 31,20 -0,64% ... FL Group 22,90 -0,87% ... Glitnir 21,70 -0,91% ... Kaupþing 800,00 -1,48% ... Landsbankinn 26,40 -0,38% ... Marel 78,50 -1,26% ... Mosaic Fashions 16,90 -0,59% ... Straumur-Burðarás 17,30 -1,14% ... Össur 114,00 -0,44%

**viðskipti**

nánar á visir.is

# Líkur á samruna flugfélaga

Jean-Cyril Spinetta, stjórnarformaður og forstjóri fransk-hollenska flugfélagsins Air France-KLM, greindi frá því í gær að flugfélagið ætti í viðræðum við ítalska ríkisflugfélagið Alitalia. Viðræðurnar geta leitt til samruna flugfélaganna en slíkt hefur verið á borðinu í langan tíma, að hans sögn.

Spinetti sagði Alitalia hafa átt frumkvæðið að viðræðunum en áréttaði jafnframt að af samruna flugfélaganna geti ekki orðið fyrr en Alitalia, sem hefur átt við viðvarandi hallarekstur að stríða, verði einkavætt og skuldastaða þess bætt verulega.

Viðræðurnar eru ekki nýjar af nálinni enda kom til greina að flugfélögin sameinuðust þegar Air France tók yfir rekstur hollenska flugfélagsins fyrir þremur árum. Þá er krosseignarhald þeirra á milli en franska flugfélagið á tveggja prósenta hlut í Alitalia auk þess sem ítalska flugfélagið á jafn stóran hlut í Air France-KLM.

Air France KLM skilaði 568 milljóna evra eða rúmlega 53 milljarða króna hagnaði á öðrum fjórðungi ársins, sem lauk í enda september. Um methagnað er að ræða.

Gengi hlutabréfa í Air France-KLM féll um rúm 7 prósent í kjölfar ummæla Spinetta í gær. **- jab**



**JEAN-CYRIL SPINETTA** Forstjóri Air France-KLM segir flugfélagið eiga í viðræðum við ítalska ríkisflugfélagið Alitalia sem geti leitt til samruna flugfélaganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Hlutafjárútboð Icelandair hafið

Almennt hlutafjárútboð í Icelandair Group Holding hófst í gær. Alls eru í boði 4.995 milljónir króna að markaðsverði á genginu 27 krónur á hlut.

Starfsmönnum býðst að kaupa bréf fyrir 945 milljónir króna, almenningi bjóðast svo bréf fyrir rúman milljarð, 1.080 milljónir króna og fagfjárfestum bjóðast bréf fyrir2.970 milljónir.

Úboðinu lýkur næstkomandi mánudag, 4. desember. **- óká**

## Livedoor selur fjármálaarminn

Japanska netfyrirtækið Livedoor ætlar að selja fjármálaarm fyrirtækisins til fjárfestingafélagsins Advantage Partners fyrir 17,6 milljarða jena eða 10,6 milljarða íslenskra króna.

Fjármálahluti fyrirtækisins hefur fram til þessa verið peningamaskína Livedoor en þaðan koma um 80 prósent af tekjum fyrirtækisins. Greiningaraðilar í Japan segja þess vegna að þetta marki endalok fyrirtækisins sem framvegis ætlar að einbeita sér að vefhönnun og hugbúnaðarþróun.



**TAKAFUMI HORIE**

Í janúar sl. var lokað fyrir viðskipti með hlutabréf í kauphöllinni í Tókýó í 20 mínútur vegna álags á tölvukerfi kauphallarinnar þegar fjöldi fjárfesta seldi bréf sín í Livedoor eftir að spurðist að yfirvöld væru að rannsaka fyrirtækið. Réttarhöld yfir Takafumi Horie, stofnanda og fyrrum forstjóra Livedoor, standa enn. **- jab**

## Teymi semur við Kaupþing

Upplýsingatækni- og fjarskiptafyrirtækið Teymi hefur samið við Kaupþing banka um viðskiptavakt á útgefnum hlutabréfum félagsins. Félagið var skráð í Kauphöll Íslands í síðustu viku, en starfsemi þess var áður hluti af Dagsbrún.

Tilgangurinn með viðskiptavaktinni er sagður vera að efla viðskipti með hlutabréf félagsins í Kauphöllinni, en Kaupþing skuldbindur sig til að setja daglega fram kaup- og sölutilboð í Teymi að lágmarki 500.000 að nafnvirði á gengi sem bankinn ákveður í hvert skipti.

„Hámarksmunur á kaup- og sölutilboðum skal ekki vera meiri en 1,5 prósent og frávik frá síðasta viðskiptaverði ekki meira en 3 prósent. Hámarksfjárhæð heildarviðskipta dag hvern sem Kaupþing banki hf. er skuldbundinn til að kaupa eða selja skal vera kr. 50.000.000 að markaðsvirði," segir í tilkynningu til Kauphallar í gær. **- óká**

DREKAFRÆÐI






Í þessari mögnuðu bók, er fjallað um allt sem viðkemur drekum. Glæsilegt alfræðirit um þessar voldugu skepnur sem eru bæði dularfullar og stórbrotnar.

ÓTAL UPPFINNINGAR SNILLINGANNA




Fólkið á bak við merkustu hugmyndirnar, fræg mistök og hvað framtíðin ber í skauti sér.



BJARTUR

**SNORRI SIGURÐSSON**
**ER 38 ÁRA Í DAG**

*Nautakjöt er eina kjötið sem þú getur grillað án þess að nágranni þinn fatti það. […] Ef þér tekst að kveikja í nautakjöti þá ertu snillingur.*

***Snorri er framkvæmdastjóri búrekstrar við Landbúnaðarháskóla Íslands.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 28. NÓVEMBER 1905

## *Samtökin Sinn Féin stofnuð í Dublin*



Á þessum degi árið 1905 stofnaði Írinn Arthur Griffith stjórnmálasamtökin Sinn Féin, til að berjast fyrir sjálfstæði Írlands frá Bretum. Sinn Féin er gaelíska og þýðir „við sjálf“ eða „enginn nema við“. Frá upphafi störfuðu samtökin sem stjórnmálaarmur herskárra hópa Íra sem börðust gegn yfirráðum Breta.

Árið 1911 samþykkti ríkisstjórn frjálslyndra að setjast að samningaborðum um írska heimastjórn, en andstaða Íhaldsflokksins og írskra andstæðinga heimastjórnar hafði þær áætlanir að engu. Þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út settu Bretar sjálfsforræði Íra á hakann. Írskir þjóðernissinnar svöruðu með páskauppreisninni í Dublin árið 1916. Í kjölfar tíðinda þess efnis að breska stjórnin ætlaði að skikka Íra í nauðungarvinnu fékk Sinn Féin meirihluta atvæða á landsvísu í kosningum árið 1918. Flokkurinn stofnaði sjálfstætt löggjafarþing Íra – Dáil Éireann – sem lýsti yfir fullveldi írsku þjóðarinnar.

Árið 1919 blésu skæruliðasveitir Írsku sjálfboðaliðanna, fyrirrennara Írska lýðveldishersins (IRA), til sóknar gegn breska hernum, með góðum árangri. Tveimur árum síðar var samið um vopnahlé og árið 1922 undirritaði Arthur Griffith, ásamt nokkrum fyrrum leiðtogum Sinn Féin, samning við Breta sem skipti landinu í tvennt; suðurhluti þess skyldi vera sjálfstæður en sýslurnar sex á norðurhluta eyjunnar myndu tilheyra Bretum. Í kjölfarið braust út borgarastyrjöld sem lyktaði með því að her Íra sigraði Norður-Íra. Síðar var írski lýðveldisherinn endurskipulagður sem skæruliðaher og næstu átta áratugi var Sinn Féin óopinber stjórnmálaarmur IRA í baráttunni fyrir sameinuðu og sjálfstæðu Írlandi.

## MERKISATBURÐIR

1700 Núgildandi tímatal (gregoríanskt) tekur gildi.
1919 Nancy Astor tekur sæti á breska þinginu, fyrst kvenna.
1990 Margrét Thatcher segir formlega af sér og yfirgefur Downingstræti 10 í síðasta sinn.
1994 Normenn neita í annað sinn í þjóðaratkvæðagreiðslu að sækja um aðild að Evrópusambandinu.
1994 Fjöldamorðinginn Jeffrey Dahmer er myrtur í fangelsi.
1998 Á annað þúsund manns sækja fund í Háskólabíói þar sem mótmælt er áformum um stórvirkjanir á hálendinu.

†



*Hjartans þakkir til allra er veittu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Brynleifs Sigmars Tobíassonar**
Úthlíð, Varmahlíð, Skagafirði

**Jóna Guðrún Gísladóttir**
**Edda Brynleifsdóttir** **Þorsteinn Hafþórsson**
**Tobías Þórður Brynleifsson.**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þorsteinn Lárus Pétursson**
vélstjóri, Laufrima 34, Reykjavík

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 19. nóvember sl. Hann verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 29. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Unnur Guðmundsdóttir**
**Rut Þorsteinsdóttir** **Olgeir Kristjónsson**
**Hörður Þorsteinsson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Hafdís Þorsteinsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**




**Legsteinar**
Kynningarafsláttur af völdum tegundum
Fjölbreytt úrval
Hagstæð verð
Stuttur afgreiðslufrestur

**Steinsmiðjan Rein**
Viðarhöfða 1 · 110 RVK
sími 566 7878 · www.rein.is
REIN



**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson · Hermann Jónasson · Geir Harðarson · Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5000.



**SVAFA GRÖNFELDT** Nýr rektor Háskólans í Reykjavík segist hafa þurft að hrökkva eða stökkva.

**SVAFA GRÖNFELDT:** NÝR REKTOR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

# Eins og að koma heim

Svafa Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis, tekur við af Guðfinnu S. Bjarnadóttur sem rektor Háskólans í Reykjavík hinn 1. febrúar næstkomandi. „Þetta er svolítið eins og ég sé að koma heim. Ég hef verið með annan fótinn í kennslu í tíu ár, og það er það sem mér hefur þótt langskemmtilegast,“ sagði Svafa. Starf sitt hjá Actavis segir hún hafa verið mjög lærdómsríkt.

„Ég hef ferðast út um allan heim, komið á staði sem ég hefði annars aldrei séð og þurft að eiga við menningarheima sem ég hefði annars aldrei kynnst. Þetta hefur gefið mér meiri víðsýni, umburðarlyndi og úthald en ég hafði áður og ég verð ævarandi þakklát fyrir það,“ sagði Svafa. Ef hún hefði mátt ráða hefði hún ekki kosið þessa tímasetningu til þess að skipta um starf. „Ég hefði viljað vera miklu lengur hjá Actavis, en staða eins og þessi mun ekki bjóðast næstu árin. Annaðhvort hefði ég tekið þessu eða sleppt því, og þá aldrei snúið aftur inn í þennan heim. Ég hugsaði þetta út frá framtíð minni og fjölskyldunni og íhugaði hvers konar verkefnum ég vil vinna að til framtíðar. Þetta var bara að hrökkva eða stökkva,“ sagði Svafa.

Hvað varðar verkefni framtíðarinnar segir Svafa þrennt standa upp úr að svo stöddu. Fyrir utan að þétta það nám sem fyrir er vill hún styrkja rannsóknarstarf skólans enn frekar. „Svo verður gríðarlega gaman að fá að taka þátt í byggingu nýja hússins sem mun verða kennileiti í Reykjavík,“ sagði Svafa. Alþjóðatenging skólans er henni einnig hugfólgin. „HR vill bera sig saman við bestu skóla erlendis. Ég vil tengja hann erlendum háskólum enn frekar,“ sagði Svafa, en hún segir atvinnulífið ekki síst hagnast á slíkum alþjóðasamskiptum. „Íslenskir stjórnendur og sérfræðingar þurfa að skilja að grasið er ekki grænna hinum megin. Íslensk fyrirtæki í útrás, þar á meðal Actavis, hafa sýnt það á undanförnum árum að íslenskt hugvit og stjórnunarþekking nýtist alls staðar í heiminum.“

Aðspurð kveðst Svafa ekki hafa velt því mikið fyrir sér hvort hún muni setja kvennamálin á oddinn. „Ég hef ekki tekið mikinn þátt í orðræðunni um stöðu kvenna í stjórnunarstörfum. Ég vil hins vegar trúa því að ég sé réttsýn og hafi jafnrétti í hávegum. Ég reyni að stuðla að jafnrétti með verkum mínum,“ sagði hún.

**sunna@frettabladid.is**

†



*Ástkæri eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurbjörn Þorleifsson**
Maríubaugi 123, Reykjavík,

varð bráðkvaddur föstudaginn 17. nóvember. Útför hans fer fram í Bústaðakirkju í dag kl. 15.00.

**Hulda Fríða Ingadóttir**
**Þorleifur Sigurbjörnsson** **Catherine Elisabet Batt**
**Magna Huld Sigurbjörnsdóttir** **Ármann Fr. Ármannsson**
**Ingi Guðmundsson** **Hildur Pálsdóttir**
**Jón Ó. Guðmundsson** **Erla Guðný Gylfadóttir**
**Andri Ingason** **Birta Ingadóttir**
**Sara Huld Ármannsdóttir** **Thelma Huld Ármannsdóttir**
**Alexander Batt Þorleifsson** **Guðný Dís Jónsdóttir.**

†



*Þökkum auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar bróður okkar, mágs og frænda,*

**Friðriks Sigtryggssonar**
Kríuhólum 2, Reykjavík

**Valgerður**
**Þorbjörg**
**Helga**
**Kolbeinn**
**tengdafólk og systkinabörn.**

# FLATSKJÁ TILBOÐ




## JVC

**LT37R70**

37" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix D.I.S.T. myndtækni sem fjölgar línum og punktum, HD Ready, 800:1 skerpu, fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), 20w RMS Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990

---




## UNITED LTV27W60

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 89.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990

---




## UNITED LTV32W63

32" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgir ekki).

**TILBOÐ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




## UNITED LTV37W60

37" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 800:1 skerpu og og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, mynd í mynd (2 móttakarar), 2x8w Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




## PHILIPS 32PF7331

PIXEL PLUS

32" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus myndtækni, Contrast Plus og Progressive Scan, HD Ready, 3.200:1 skerpu, Anti Reflection og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnar-tólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 229.990

---

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Póllinn, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Bréf til Póllands

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VIRÐIR ERLENT VINNUAFL



Í Varsjá sitja tveir drengir í búningum frá enskum félagsliðum. Fótboltinn í pakkanum frá „Iceland“ kemur loks að góðum notum og bræðurnir rífast um hvor þeirra sé Gerrard og hvor Lampard. Boltanum er sparkað í vegg. Í eldhúsinu stendur móðir þeirra yfir potti með nýju kjöti og kartöflum, Peningarnir nægðu til að fylla ísskápinn næsta mánuðinn. Hún saknaði mannsins og vissi vel að hugur hans væri hjá henni. Hann kæmi í næstu viku. Stoppaði stutt en nærveran minnti á þá gömlu, góðu daga.

Einu sinni hitti ég Pólverja á bar sem leyfði sér að drekka syni sínum til heiðurs. Hann leit út fyrir að vera eldri en sextugt, var varla meira en fimmtugur og hafði nurlað nokkrum hundraðköllum saman fyrir einu fylleríi. Gat loks leyft sér að drekka einn eða tvo. Sonur hans hafði komist í tannlækninganám við háskólann í Varsjá fyrir ári síðan og þurfti peninga fyrir skólagjöldum. Tækifæri sem ekki var hægt að sleppa. Pabbinn ræddi málin við móðurina, fékk vinnu í gegnum atvinnurekanda á netinu og hélt til Íslands. Hann talaði litla íslensku en smá ensku og mér tókst einhvern veginn að skilja stoltið sem flæddi um æðar hans. „Ég vera hér til að borga háskóla,“ sagði hann og lyfti glasi. Félagarnir skáluðu í bjór og röltu síðan heim. Strákurinn hafði komist í gegnum fyrsta árið með glæsibrag. Aðeins fimm ár í viðbót á þessum volaða stað. Fimm ár til að gera stráknum kleift að opna sína eigin stofu.

Hér er fólk sem lætur sig hafa það að búa við bágbornar aðstæður í niðurnjörvuðum íbúðum í iðnaðarhverfum. Vinnur myrkranna á milli fyrir lítinn pening. Lætur hroka og hleypidóma íbúanna ekki fara í taugarnar á sér. Bara svo að þeir fái greidd laun sem eru send heim. Leggja grunninn að framtíð erfingjanna svo að þeir þurfi ekki einhvern tímann að rífa sig upp og flytjast á fjarlægar slóðir fyrir sín börn.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# MEISTARINN




## Meistaraspilið er komið í verslanir

Meistarinn er spil sem byggt er á samnefndum spurningaþætti Stöðvar 2. Spilið býður upp á fjölbreyttar spurningar þar sem keppendur geta sýnt snilli sína ásamt því að kalla fram hámarksspennu milli þeirra.

Hver verður meistarinn heima hjá þér?

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GOTT FÓLK McCANN

**!** **KL. 20.00**

*Sjötugasta og fjórða Skáldaspírukvöld Lafleur útgáfunnar verður haldið í Iðu. Skáldkonan Ásdís Óladóttir les úr fimmtu ljóðabók sinni, Margradda nóttum, sem út kom fyrir skömmu. Auk þess mun gítarleikarinn Jónas Elí leika nokkur vel valin lög.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Ræðir þýðingu öndvegisverka

Friðrik Rafnsson, bókmenntafræðingur og þýðandi, fjallar um skáldverkið Óbærilegan léttleika tilverunnar eftir Milan Kundera í fyrirlestraröðinni „Þýðing öndvegisverka“ á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur á morgun. Skáldverk þetta er af mörgum talið vera ein merkasta skáldsaga sem rituð var á 20. öld, margradda bókmenntaverk sem höfðar til margra þátta í lesandanum í senn, allt frá vitsmunalegri skemmtun til líkamlegrar munúðar. Hún kom fyrst út í París í febrúar 1984 og aðeins tveimur og hálfu ári síðar, í nóvember 1986, kom hún út hjá bókaútgáfu Máls og menningar hérlendis og hlaut afbragðsviðtökur íslenskra gagnrýnenda og lesenda. Um þessar mundir eru því rétt tuttugu ár liðin frá því skáldsagan kom fyrst út á íslensku. Í fyrirlestrinum rifjar Friðrik upp forsögu og ástæðu þess að hann réðst í að þýða Óbærilegan léttleika tilverunnar, hvernig hann vann það verk, hvaða þýðingavandi kom helst upp og það hvernig gekk að ná þessum fjölbreyttu eðliskostum skáldsögunnar yfir á íslensku.

Friðrik Rafnsson er bókmenntafræðingur og þýðandi. Hann hefur þýtt allmargar skáldsögur eftir Kundera, en einnig eftir Denis Diderot, Michel Houellebecq, Pascal Quignard, Tahar Ben Jelloun og fleiri.

Fyrirlesturinn flytur Friðrik í stofu 201 í Árnagarði á morgun og hefst hann kl. 16.30



**FRIÐRIK RAFNSSON, ÞÝÐANDI OG BÓKMENNTAFRÆÐINGUR** Spjallar um Óbærilegan léttleika tilverunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



### > Dustaðu rykið af …

tónsmíðum **Tom Waits** sem veitt geta kærkomna skammdegisstemningu. Nýlega kom út þriggja diska **box** með þrjátíu nýjum lögum auk nokkurra útgefinna **perlna**. Það ætti að duga fram í febrúar.

# Verðlaunamyndlýsingar

Björk Bjarkadóttir myndlistarkona hlaut íslensku myndskreytiverðlaunin sem kennd eru við Dimmalimm fyrir bókina Amma fer í sumarfrí. Verðlaunin voru afhent við opnun sýningarinnar Þetta vilja börnin sjá! í Gerðubergi á laugardag.





Björk var fjarri góðu gamni og tók Harpa Þórsdóttir við verðlaununum en Björk býr í Noregi. Þetta er í fimmta sinn sem verðlaunin eru veitt en að þeim standa, ásamt Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, Félag íslenskra bókaútgefenda, Myndstef og Penninn. Í dómnefndinni eru þau Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, Kalman le Sage de Fontenay auglýsingateiknari og Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona.

Í áliti dómnefndar sagði: „Frá upphafi hefur það verið yfirlýst markmið dómnefndar að veita verðlaunin íslenskri barnabók sem innihéldi frumsaminn, hugmyndaríkan og mannbætandi texta og myndir, helst þannig að myndirnar ykju við textann í stað þess að endurspegla hann, bók sem einnig stæði fyrir sínu sem prentgripur. Verðlaununum er síðan ætlað að hvetja bæði útgefendur og höfunda texta og mynda til frekari dáða. Það er álit dómnefndar að í ár sé meiri fagmennska ríkjandi í myndskreytingum íslenskra barnabóka en oft áður, og má vera að Dimmalimm eigi einhvern þátt í þeim framförum. Það má ekki síst þakka ýmsum forritum sem bjóðast innan tölvutækninnar. Um leið virðist tæknin leiða til nokkurrar einsleitni og skerðingar ímyndunaraflsins, þannig að svipuð höfundareinkenni eru á bókum eftir aðskiljanlega höfunda. Alltént voru það barnabækur með gamla laginu, teiknaðar og málaðar í höndunum, sem höfðuðu mest til dómnefndar, þar með talið auðvitað verðlaunabókin í ár.

Höfundur bókarinnar hefur vakið athygli dómnefndar allar götur frá því að stofnað var til Dimmalimm-verðlaunanna. Hann semur texta sína jafnan sjálfur, og meðfram þeim þróar hann sérkennilegan og ísmeygilegan frásagnarstíl sem fer bil beggja milli barnateikninga og evrópskrar myndlistar, ekki síst súrrealisma. Höfundurinn fer vel með rými bókarinnar, teygir myndir sínar og texta vítt og breitt um síður með skemmtilegum hætti, og hefur vit á að tæpa á margvíslegum þáttum þannig að glöggur lesandi verði að bera sig eftir þeim, í stað þess að láta allt liggja í augum uppi.“

Gerðuberg mun, í samstarfi við Borgarbókasafn, taka á móti um þúsund átta ára skólabörnum á sýninguna Þetta vilja börnin sjá! á næstu vikum. Fyrstu hóparnir komu í gærmorgun og skoðuðu sýninguna, kusu bestu myndskreyttu barnabókina, fóru í ratleik og fengu síðan upplestur úr þeirri bók sem hlaut flest atkvæði. Fullbókað er á sýninguna fram að jólum en nokkrir hópar til viðbótar komast að í janúar. **- pbb**



**BJÖRK BJARNADÓTTIR** Þekkt fyrir sérkennilegan og ísmeygilegan frásagnarstíl. FRÉTTABLAÐIÐ/BIRKIR



**SÖNGHÓPURINN TALLIS SCHOLARS** Er af mörgum talinn einn fremsti kammerkór heims. Hópurinn hefur starfað saman frá 1973 og sérhæfir sig í flutningi tónlistar frá endurreisnartímanum.

# Heiður og heilmikill skóli

**Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur og listrænn stjórnandi kammerkórsins Carminu, kom fram með hinni heimsþekktu söngsveit Tallis Scholars á tónleikum þeirra í Kaupmannahöfn um síðustu helgi. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi milli kóranna tveggja.**



**ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON** Söng á tónleikum Tallis Scholars í Kaupmannahöfn.

Tónleikarnir á sunnudag voru samstarfsverkefni dansks kórs, Musica Ficta, og breska kammerkórsins Tallis Scholars en tilgangurinn var að sögn Árna Heimis að flytja þar verk sem sjaldan heyrast sökum þess hversu umfangsmikil þau eru. „Við fluttum til að mynda verkið „Spem in alium“ eftir Thomas Tallis sem er skrifað fyrir fjörutíu sjálfstæðar raddir og verk eftir Ockeghem fyrir þrjátíu og sex raddir. Hið fyrstnefnda sungum við reyndar tvisvar, en í ólíkum uppsetningum fyrst það var búið að æfa það upp,“ segir hann og kímir. Auk þess sungu kórarnir einnig tvær stórar messur og önnur minni verk. Efnisskrá sem þessi eru vitaskuld fáheyrð en áhugasamir tónlistarunnendur geta notið þessarar viðamiklu efnisskrár hjá útvarpsstöðinni Danmarks Radio sem mun útvarpa tónleikunum á næstu dögum en hægt er að hlusta á flutning þeirra á netinu.

Árni Heimir hefur unnið töluvert með Tallis Scholars og þekkir stjórnanda hópsins, Peter Phillips, þar sem hann lærði hjá honum kórstjórn og endurreisnarsöng á sínum tíma.

„Þetta var reglulega gaman og mikill heiður fyrir mig, þetta er í fyrsta skipti sem ég syng með þeim á tónleikum í þeirra nafni,“ segir hann. Margir minnast tónleika Tallis Scholars í Langholtskirkju fyrr á þessu ári en þar söng Carmina-kórinn með þeim en félagi úr sveitinni, Andrew Carwood, stýrði einnig með Carminu-félögum á Sumartónleikum í Skálholti í ágúst. Árni Heimir stofnaði kammerkórinn Carminu sumarið 2004 með það að markmiði að flytja kórtónlist endurreisnarinnar á Íslandi. Meðlimir kórsins eru allir þrautþjálfaðir söngvarar og hafa hlotið mikilsverða reynslu innan annarra kóra. Þar sem heimur endurreisnarkóranna er ekki stór áréttar Árni Heimir að fólk sé fljótt að kynnast innan hans. „Þótt félagarnir í Tallis Scholars séu ótrúlega frægir og með farsælan frama eru allir tilbúnir að miðla af því sem þau kunna. Þetta er svo vingjarnlegt fólk líka og þau eru óspör á ráðleggingar. Þau gera auðvitað mest af því að ferðast um heiminn og syngja sína eigin tónleika en það eru nokkrir aðrir kórhópar sem eru í vinaklíkunni þeirra,“ segir hann og nefnir þar Carminu og Musica Ficta en stjórnandi hans Bo Holten og Peter Phillips eru gamlir vinir.

„Samstarf okkar við Tallis Scholars heldur áfram á næsta ári en í mars munum við frumflytja saman á Íslandi stórmessu eftir endurreisnarskáldið Victoria og svo er hugsanlegt að Peter Phillips komi hingað og stjórni okkur,“ útskýrir Árni Heimir. „Þetta var raunar hugmyndin að baki stofnun kórsins, að flytja inn eitthvað af þessari ótrúlegu þekkingu sem býr í þessu hæfileikafólki, vitneskjunni sem besta fólkið í bransanum hefur safnað sér því mörg þeirra hafa flutt þessa tónlist áratugum saman um allan heim.“

**kristrun@frettabladid.is**

# Umræðukvöld með Auði



Auður Jónsdóttir rithöfundur er komin til landsins og í kvöld mætir hún í Alþjóðahúsið til umræðna um nýja skáldsögu sína, Tryggðarpant, og stöðu fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi á Kaffi Kúltúra í Alþjóðahúsinu. Katrín Jakobsdóttir fjallar um Auði Jónsdóttur og Tryggðarpant og Auður Jónsdóttir les úr sögu sinni. Tatjana Latinovic, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna, talar fyrir hönd samtakanna. Katrín Jakobsdóttir stýrir pallborðsumræðum þar sem þátttakendur eru Auður, Tatjana, Amal Tamini og Sabine Leskopf. Dagskráin hefst klukkan 20.

Í gagnrýni í Fréttablaðinu í gær var því haldið fram af gagnrýnanda að Auður hafi samið tvær skáldsögur. Það er rangt eins og hollur lesandi benti ritdómara á: Skáldverk Auðar eru utan Tryggðarpants og Fólksins í kjallaranum, Allt getur gerst frá 2005. Algjört frelsi frá 2001 og Stjórnlaus lukka frá 1998. Það er hér með leiðrétt og beðist velvirðingar á þessari vangá.

**- pbb**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**Nám sem nýtist þér!**
**Skrifstofubraut I**

Er tveggja anna braut þar sem **höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Inntökuskilyrði:** Grunnskólapróf.
**Síðdegishópur. Kennsla hefst 8. janúar**

***Innritun stendur yfir núna!***
Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir, fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000, 824 4114.
Netfang. ik@mk.is




GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# Frelsi til að skipta ekki um skoðun

Á undan sinni samtíð – sönn skáldsaga, eftir Ellert B. Schram, er hálfkæringur og tómstundaiðja í rituðu máli. Svona dund til að drepa tímann. Kannski ofurlítill broddur í háðinu, kannski einhvers konar uppgjör við liðna tíð, en alls ekki illa meint. Enginn skyldi taka þessa sögu hátíðlega eða misskilja tiltækið og telja Ellert með rithöfundum. Bara alls ekki.

Ofangreind málsgrein er uppsuða úr orðum frá höfundi sem finna má aftast í bókinni. Þar segir Ellert afar afsakandi af tilurð bókarinnar og gerð. En óvart varpar höfundur þar ljósi á helsta galla þessarar annars ágætu bókar. Það hlýtur að teljast hæpið að bjóða lesendum upp á bók sem, ef marka má orð höfundar sjálfs, er hálfgerð hrákasmíð. Gengur eiginlega ekki upp að senda frá sér bók ef ekki fylgir hugur máli. Innbyggð mótsögn og orðin túlkast því sem hæverskugrobb.

Bókin rekur í stórum dráttum lífshlaup tveggja samtíðarmanna úr Reykjavík, jafnaldranna Guðbjörns Þórðarsonar og Eggerts Schevings. Eggert, sem höfundur augljóslega byggir á sjálfum sér, er sveimhugi. Flýtur með, lendir á þingi, verður ritstjóri fyrir tilviljun, er fótbolta- og félagsmálafrömuður með lágstemmt sjálfsmat. Guðbjörn, eða Búbbi, er hins vegar athafnaskáld með stóru A-i. Grósser af gamla skólanum. Ekkert lánast honum þó og ekki hleypur á snærið hjá Búbba eins og þeim Jóa í Gratís og Bjarnólfi sem á sínum tíma flæktist af illri nauðsyn með sitt hafurtask til Pétursborgar. Það þrátt fyrir að Búbbi hafi otað sínum tota og komið sér innundir hjá toppunum í samfélagi sem byggist á samansúrruðu og spilltu samtryggingarkerfi.

Ellert á ótrúlega auðvelt með að varpa ljósi á þjóðfélagsgerðina í gegnum þessa fulltrúa stríðskynslóðarinnar og þróun sem orðið hefur: Frá spilltu og lokuðu klíkusamfélagi í átt til frjálsræðis, einkavinavæðingar og misskiptingar. Ádeilan er hárbeitt á stundum þó sett sé fram á „léttum“ nótum. Eins og til dæmis þegar segir af því þegar Eggert skiptir um flokk. Fer úr Íhaldsflokknum og gengur til liðs við Breiðfylkinguna. Fremur þar með ófyrirgefanleg svik við málstaðinn um frelsi einstaklingsins. Því dyggir fótgönguliðar hins rótgróna flokkakerfis eiga ekki að bregða sér út af sporinu. Og ala þannig á ranghugmyndum kjósenda sem eru, þegar allt kemur til alls, meira í líkingu við sauðfénað en hugsandi verur. Fer á sína kró í kjörklefanum hvernig svo sem vindarnir blása.

„Svoleiðis gera menn ekki í frjálsu þjóðfélagi og allra síst ef þeir eru talsmenn einstaklingsfrelsis og alls ekki ef þeir vilja hafa eitthvert gagn af frelsinu. Frelsið er þvert á móti fólgið í því að nýta sér frelsi til að skipta aldrei um skoðun og þegja þá um það ef það hendir. Frjálshuga menn umgangast ekki fólk sem enn er svo vitlaust að yfirgefa flokka sem berjast fyrir frelsi. Það eru svik við málstaðinn um frelsi einstaklingsins.“ *(Bls. 142)*

Höfundur gerir sjálfum sér óleik með því að vísa til stórvirkja bókmenntasögunnar á borð við Don Kíkóta eftir Cervantes, Góða dátann Svejk eftir Hasek og Bör Börsson eftir Falkberget. Þó ljóst megi vera að Ellert ætlar sér engan samanburð við þessa höfunda vekur hann engu að síður upp slík hugrenningatengsl með því að nefna þessar bækur. Á undan sinni samtíð er ekki á pari við þau meistaraverk. Ekki síst vegna hiks og þess að ekki er ekið með lesendur alla leið – sett meira kjöt á beinin. Því ekki vantar efniviðinn, bókin er stórskemmtileg og athyglisverð á köflum auk þess sem Ellert býr yfir liprum, rembingslausum og skemmtilegum stíl. Þegar hann dregur upp næstu bók ætti hann að stíga skrefið til fulls með það í huga að skop er dauðans alvara. Þriðja stjarnan er því sett hér fram í þeirri vissu að ekkert er því til fyrirstöðu að Ellert miði sig frekar við Hasek en hálfkæring á borð við Þá hló þingheimur, sagnamanninn Örn Clausen eða Lífsins melódí eftir Árna Johnsen – með fullri virðingu.

**Jakob Bjarnar Grétarsson**




**BÆKUR**

**Á undan sinni samtíð**

Ellert B. Schram

Bókaútgáfan Æskan / Almenna útgáfan

★★★

Leikandi og skemmtileg saga sem varpar skemmtilegu og skýru ljósi á íslenska þjóðfélagsgerð. Lofsverðan brodd má finna í bókinni sem þó líður fyrir hæverskugrobb höfundar.



**ELLERT B. SCHRAM**



**PUPI AVATI** Nokkrar mynda hans eru sýndar á hátíðinni.

# Fettuchini og framhjáhald

Ítalir hafa oftar unnið óskarsverðlaun fyrir bestu erlendu mynd en nokkur önnur þjóð, þótt Frakkar hafi oftar verið tilnefndir. Þrátt fyrir það er sorglega sjaldgæft að ítalskar myndir rati hér í bíó. Úr því er þó bætt þessa dagana, því ítölsk kvikmyndahátíð stendur nú yfir í Háskólabíói. Sérstakri athygli er beint að leikstjóranum Pupi Avati.

Avati vakti fyrst athygli á sér sem einn handritshöfunda síðustu kvikmyndar Pasolini, 120 dagar Sódómu, sem enn þann dag í dag er hryllilegasta mynd sem gerð hefur verið og fær Hostel til að líta út eins og Mary Poppins.

Hún er þó ólík þeim myndum sem hér eru sýndar, sem eiga það flestar sameiginlegt að gerast í fallegu umhverfi Bologna og fjalla um óendurgoldna ást. Og ólíkt bandarískum bíómyndum er ástin ekki alltaf milli fallegs og ólofaðs fólks, heldur hefur fleiri víddir.

Útskriftarveislan (Festa di laurea) frá 1985 gerist rétt eftir stríð og segir frá manni sem enn er ástfanginn af konu er kyssti hann í stríðsbyrjun. Honum er falið að skipuleggja útskriftarveislu dóttur hennar, og sýnir myndin í skemmtilegu lokaatriði hvernig miklir harmleikir geta búið bak við hamingjusamar fjölskyldumyndirnar.

Myndin Sögur af stelpum og strákum (Storia di ragazzi e di ragazze) gerist fyrir stríð og segir einnig frá veislu, í þetta sinn trúlofunarveislu.

Langbest er þó myndin Með hjartað á öðrum stað (Il cuore altrove) frá 2003. Segir þar frá 35 ára gömlum hreinum sveini sem er sendur í afhommun frá Róm til Bologna. Faðir hans saumar kjóla á páfann og hefur lítið álit á norðurhéruðunum, kallar þau ýmist Þýskaland eða Norðurpólinn eftir því hvernig liggur á honum. Enn versnar það þegar sonurinn verður skotinn í blindri stúlku. Myndin sýnir hversu illa fer þegar menn verða ástfangnir af konum sem eru fyrir ofan þá í þjóðfélagsstiganum, og er þess vegna kærkomin tilbreyting frá Hollywoodvæmni.

**valurg@frettabladid.is**



**ÓSKAR ÁRNI ÓSKARSSON RITHÖFUNDUR** Hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör árið 2005.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ljóðstafur Jóns úr Vör

Lista- og menningarráð Kópavogs efnir til árlegrar ljóðasamkeppni undir heitinu „Ljóðstafur Jóns úr Vör“ og er skilafrestur til 15. desember. Þriggja manna dómnefnd mun velja úr þeim ljóðum sem berast og að venju eru veitt vegleg verðlaun fyrir hlutskarpasta ljóðið og fær skáldið einnig til varðveislu göngustaf sem á verður festur skjöldur með nafni þess í eitt ár.

Öllum skáldum er velkomið að senda ljóð í keppnina en skilyrði er að ljóðin mega ekki hafa birst áður. Ljóðum skal skilað með dulnefni og skal nafn, heimili og sími skáldsins fylgja með í lokuðu umslagi auðkennt með sama dulnefni. Bréfið skal merkja „Ljóðstafur Jóns úr Vör“, Tómstunda- og menningarsvið Kópavogs, b.t. Sigurbjargar H. Hauksdóttur, Fannborg 2, 200 Kópavogur.

Aðeins má senda eitt ljóð í hverju umslagi og þess vænst að ljóðunum sé skilað á pappírsstærðinni A-4 eða A-5.

Afhending verðlaunanna fer fram á afmælisdegi skáldsins Jóns úr Vör hinn 21. janúar 2007.

Nánari upplýsingar um ljóðasamkeppnina má finna á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is.

**- khh**

**Þegar gæðin skipta máli**
Lotus Professional borðpappírsvörur

**Til hátíðabrigða**

Í verslun RV að Réttarhálsi eru nú á tilboði Lotus LinStyle dúkar og servíettur í mörgum litum. Einnig eru á tilboði ýmsar gerðir af servíettum, diskamottum og „löberum“ með jólamynstri.

Takmarkað magn er í boði af sumum jólavarningi. Fyrstur kemur fyrstur fær.



**Halldór Sigdórsson**
aðstoðarverslunarstjóri hjá RV

**Á tilboði í nóvember 2006**
Lotus LinStyle servíettur, diskamottur, „löberar“ og dúkar

**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6219A


FROST EVENTS
BYLGJAN 989
IH ICELANDAIR HOTELS
& ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS
kynna með stolti
The European Divas
Frostroses 2006
Eleftheria Arvanitaki
Patricia Bardon
Sissel Kyrkjebø
Eivør Pálsdóttir
Ragnhildur Gísladóttir
ásamt Karlakórnum Fóstbræðrum, Drengjakór Reykjavíkur, sérstakri slagverkssveit, þekktum erlendum hljóðfæraleikurum og tæplega 60 manna stórhljómsveit Frostrósa skipaðri félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og nokkrum af okkar fremstu tónlistarmönnum.
STÆRSTU JÓLATÓNLEIKAR ALLRA TÍMA!
Í NÝJU LAUGARDALSHÖLLINNI 5. DESEMBER KL. 21:00
Vegna gífulegrar eftirspurnar: AUKATÓNLEIKAR – sama dag kl. 18:00
20% AFSLÁTTUR AF MIÐAVERÐI Í LOKAÐRI FORSÖLU VISA LÝKUR Í DAG, SUNNUDAG!
Forsalan stendur til kl. 22:00 í kvöld á www.frostid.is og www.midi.is. Einnig er tekið við pöntunum í gegnum síma milli kl. 10:00 og 17:00 í dag. Símanúmer miðasölu eru 517 1001 og 517 1010
ATH! að afslátturinn gildir eingöngu á aukatónleikana kl. 18:00!
MIÐAVERÐ FRÁ KR. 5.900,-
ALMENN MIÐASALA Á AUKATÓNLEIKANA HEFST Á MORGUN KL. 10:00!
500 MIÐUM HEFUR VERIÐ BÆTT VIÐ Á TÓNLEIKANA KL. 21:00 OG ER ÞVÍ ENN HÆGT AÐ FÁ MIÐA Á ÞÁ TÓNLEIKA
MIÐASALA Á FROSTID.IS, MIDI.IS,
Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT Á LANDSBYGGÐINNI
Sérstakur heiðursgestur:
Petula Clark
Nýja Laugardalshöllin verður færð í sannkallaðan jólabúning
alls koma fram yfir 200 manns á risasviði!
Gestasöngvari:
Jóhann Friðgeir


DAGUR RAUÐA NEFSINS
1. desember 2006
unicef
VIÐ ERUM EKKI BARA AÐ GRÍNAST
Okkur er líka dauðans alvara.
Með því að kaupa rautt nef gefurðu bágstöddum börnum líf.
Kauptu rauða nefið handa allri fjölskyldunni og horfðu á skemmti- og söfnunarþátt UNICEF sem verður í opinni dagskrá á Stöð 2, föstudagskvöldið 1. desember. Þá er líka tækifærið til að stækka fjölskylduna með því að gerast heimsforeldri!
Rauðu trúðanefin fást í verslunum Bónuss, 10-11, útibúum Glitnis og á bensínstöðvum Essó um allt land.
Mundu – hláturinn lengir lífið!
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
sagafilm
Esso
BÓNUS
10-11 ... þegar þér hentar
BAUGUR GROUP
FL GROUP
FONS
GLITNIR
SAMSKIP




# Sælir með söngkonuleysi

„Við erum bara búnir að vera í híði. 1500 dagar er eiginlega tíminn sem hefur liðið frá því að síðasta plata kom út,“ sagði Valur Heiðar Sævarsson, en hljómsveit hans, Buttercup, hefur nýverið gefið út plötuna 1500 dagar. Sveitin er nú söngkonulaus, og sagði Valur það leggjast vel í meðlimi. „Þetta er alveg flækjulaust, konur eru bara vesen,“ sagði Valur um söngkonuleysið og hló við. „Nei, við byrjuðum svona og vorum svona í þrjú ár svo við kunnum þetta alveg,“ sagði Valur. „Við höfum líka þróast út í svolítið rokkaðra þema, svo þetta hentar mjög vel.“

Rokkaðri hljómur sveitarinnar er meðal þess sem fékk kumpánana úr útvarpsþættinum Capone til að gefa plötunni fjórar stjörnur. „Við höfum nú ekki átt upp á pallborðið hjá þessum köppum,“ sagði Valur, aðspurður hvort dómurinn hefði komið honum á óvart. „Þetta er auðvitað ánægjulegt, þeir drulla að minnsta kosti ekki yfir okkur,“ sagði hann hlæjandi. „En við höfum sjálfir aldrei verið ánægðari með plötu,“ bætti hann við.

Buttercup hefur ekki uppi nein áform um að snúa aftur á sveitaballamarkaðinn. „Við fengum bara alveg nóg af því, þetta er ekki mjög heillandi til lengdar,“ sagði Valur, en sveitin stundaði sveitaböllin nánast linnulaust í fimm ár. „Við ætlum frekar að halda tónleika og svo erum við komnir með hugmynd að næstu plötu, sem verður vonandi ekki 1500 daga í gerjun,“ sagði Valur.



**ÍRIS KRISTINSDÓTTIR** Söng með Buttercup á árum áður, en meðlimir sveitarinnar eru í dag ánægðir með söngkonuleysið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VALUR HEIÐAR SÆVARSSON** Segir sveitina vera orðna rokkaðri og er hæstánægður með nýju plötuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Byrjuð að reykja

Fegurðardísin og leikkonan Scarlett Johansson er byrjuð að reykja sígarettur eins og strompur eftir að hún fékk fregnir af framhjáhaldi kærasta síns Josh Hartnett. Slúðurblöðin vestanhafs hafa verið full af fréttum af sambandi Harnett við dularfulla dökkhærða konu á meðan hann er við tökur í Ástralíu.

Nágrannar Johansson hafa kvartað mikið undan reykingalykt úr íbúð hennar en hún neitar að hafa opinn gluggann heima hjá sér og hefur svarað gagnrýni nágrannanna þannig: „Lesið þið ekki blöðin? Ég er að ganga í gegnum erfitt tímabil núna og má því reykja eins og ég vil.“



**Í ÁSTARSORG** Scarlett Johansson er í sárum þessa dagana vegna framhjáhalds kærasta síns Josh Hartnett og er byrjuð að reykja.

# Jeppinn fundinn

Jeppi fótboltamannsins Davids Beckham er loksins kominn í leitirnar, en honum var stolið í Madríd á haustmánuðum. Bíllinn fannst í Makedóníu og segir lögregla þar í landi að tveir búlgarskir glæpamenn hafi verið handteknir á bílnum. Lögreglan tók sérstaklega fram að ef Beckham vitji ekki bílsins muni hann verða seldur á uppboði eftir áramót.



**DAVID BECKHAM** Fær bílinn sinn aftur.

# Vegleg opnun á Domo

Nýjasta viðbótin í skemmtanaflóru landsins var opnuð með pomp og pragt á laugardagskvöld. Það er skemmtistaðurinn Domo sem er í Þingholtsstræti en áður var þar til húsa Sportkaffi. Það eru engir viðvaningar í skemmtistaðabransanum sem eiga staðinn en þeir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir tóku höndum saman með Kormáki Geirharðssyni og Skildi Sigurjónsyni. Kormákur og Skjöldur eiga fyrir Ölstofuna og Arnar og Bjarki eiga Hverfisbarinn en báðir staðirnir eru búnir að stimpla sig vel inn í skemmtanalíf landans.

Domo er glæsilegur staður og var fjölmenni mætt til að berja staðinn augum. Ef marka má mætinguna fyrsta kvöldið á Domo á staðnum eflaust eftir að vegna vel í komandi framtíð. Bogomil Font skemmti gestum fyrri part kvöldsins og svo var það hinn sívinsæli plötusnúður Margeir sem þeytti skífum fram á rauða nótt.



**STOLTIR EIGENDUR** Bjarki Gunnlaugsson, Rósant Birgir og Arnar Gunnlaugsson voru ánægðir með mætinguna í partíið en þeir félagar eiga saman Hverfisbarinn.



**BAUÐ GESTI VELKOMNA** Kormákur Geirharðsson kvaddi sér hljóðs með flauti og bauð gesti velkomna á Domo.



**Í SÍNU FÍNASTA PÚSSI** Þau Brynja Skjaldardóttir og Jón Felix Sigurðsson skemmtu sér vel í partíinu.



**EDDUVERÐLAUNAHAFI** Atli Rafn Sigurðarson leikari var í djúpum samræðum í opnunarteitinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



**Í STUÐI** Eyþór Guðjónsson var mættur með bros á vör ásamt vinkonu sinni.



**HERRA ÍSLAND** Kristinn Darri Röðulsson var mættur til að fagna Herra Ísland-titlinum sem hann vann fyrir helgi með vinum sínum.

# Á þrjár konur

Senegalski rapparinn Akon hefur viðurkennt fjölkvæni og kveðst eiga hvorki meira né minna en þrjár eiginkonur. Rapparinn játaði þetta í beinni útsendingu í viðtali á útvarpsstöð í New York en útgáfufyrirtæki hans hefur meinað honum að segja nokkuð meira um einkalíf sitt. „Ég hef efni á að eiga jafn margar konur og mér sýnist,“ sagði Akon meðal annars. „Pabbi á fjórar konur. Allir gera þetta í Afríku,“ sagði Akon og bætti við að samkvæmt reglum Kóransins yrði hann að vera jafn útbær á blíðu sína við þær allar og það gerði hann samviskusamlega.



**AKON** Kemur jafn vel fram við allar konurnar sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**TAKE THAT** Strákarnir í Thake That fóru beint á toppinn í Bretlandi með lagið sitt Patience.

# Take That í efsta sæti

Strákahljómsveitin Take That fór beint í efsta sæti breska smáskífulistans með lag sitt Patience. Þetta er nínunda topplag sveitarinnar og sú fyrsta í yfir áratug.

Á breska breiðskífulistanum fór önnur strákasveit, hin írska Westlife, á toppinn. Sló hún þar ekki ómerkari keppinautum við en Bítlunum, U2 og Oasis, sem allar voru að gefa út nýjar plötur.

Skammdegisvarnir

Látum ekki fylgifiska skammdegisins leggja okkur í rúmið. Styrkjum mótstöðuaflið, höldum heilbrigði og hreysti með varnarefnum náttúrunnar.




Láttu sérhæft starfsfólk okkar aðstoða þig við val á vítamínum.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

# Jólagleði hjá bókafólki

JPV útgáfa hélt sína árlegu jólagleði á föstudaginn og fagnaði útgáfu þessarar vertíðar. Fjöldi fólks lét sjá sig í gleðskapnum og sem fyrr fór mikið fyrir rithöfundum, bókarýnum og starfsfólki bókaverslana.



**HEILÖG ÞRENNING** Bubbi Morthens var hrókur alls fagnaðar og hélt sig í návígi við skáldævisöguritara sinn Jón Atla Jónasson. Engu minni völlur var svo á rithöfundinum Stefáni Mána sem er á stímandi siglingu með spennusögu sína Skipið.



**LJÓÐ BLANDA GEÐI** Anna Valdimarsdóttir kunni vel við sig í félagsskap heiðurshjónanna Kristínar Jóhannesdóttur og Sigurðar Pálssonar en ný ljóðabók hans, Ljóðorkusvið, kom út hjá JPV á dögunum.



**CORLEONE FEÐGAR** Jóhann Páll Valdimarsson og og sonur hans Egill Örn Jóhannsson léku á als oddi í teitinu og svifu foringjalegir á milli gesta, fóru yfir stöðu mála, sögðu gamansögur og báru sig vel í bóksölutaugaveikluninni sem brátt mun ná hámarki.



VAXTALAUST
JÓLATILBOÐ
MINNI 265 MB 533MHz
HARÐUR 40 GB DISKUR
ÞRÁÐLAUST NETKORT
0% VEXTIR
TASKA FYLGIR
TILBOÐ 6.099.-*
AIRIS Fartölva Airis Pragma N920
Vörunúmer: 448n920
• Örgjörvi: Intel Celeron M320 1,3GHz. 512kb CacheL2
• Skjár: 15.4" WXGA Widescreen
• Minni: 256MB 533MHz
• Harður diskur: 40GB (5400RPM)
• DVD skrifari: DVD-RW +R DL
• 4x USB 2.0
• Skjákort: SVGA ATI Mobility Radeon X200
• Stýrikerfi: Windows XP Home
• Þráðlaust netkort
• Ábyrgð: 2 ár
6.099.- Vaxtalaust 12 mán.*
69.990.- Staðgreitt
Vaxtalaust tilboð er miðað við jafnar mánaðarlegar greiðslur á Vísa skuldabréfi með viðbættu stimpil- og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt á samningstímann.
Tilboðin gilda í nóvember og desember 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.
1.999.-
Vefmyndavél með hljóðnema
1.990.-
Tölvuljós USB
2.990.-
Tengibox USB 2,0 HUB 4 Port
995.-
Heyrnartól með hljóðnema
Airis minnislyklar
Verð frá: 2.790.-
Airis harður diskur 80GB 2,5"
15.900.-
Fartölvu öryggislás
1.295.-
Skjáhreinsisett fyrir LCD skjá
1.290.-
Afgreiðslutímar
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-17
Sunnudaga frá 11-17
Sími: 550-4100
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga frá 11-21
Laugardaga frá 11-18
Sunnudaga frá 13-18
Sími: 550-4140
Office 1 Akureyri
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4150
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-14
Sími: 550-4160
Office 1 Ísafirði
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4170
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-14
Sími: 550-4180
www.office1.is
Office 1 Superstore
SKEMMTILEGIR JÓLAPAKKAR
A til Ö
Íslenska stafrófið
USB FISKABÚR
FJÖRUGIR FISKAR
Tengdu búrið við tölvuna







# Íslensk tónlist fær góðan stuðning

Samningur um rekstur útflutningsskrifstofu fyrir tónlist var undirritaður á dögunum. Felur hann í sér loforð um aukin fjárframlög til íslenskrar tónlistar.

„Þetta var stór dagur fyrir tónlistina á Íslandi því þarna sýndu menn hug sinn til þessarar greinar sem hefur stundum þótt dálítið afskipt. Afrakstur áratuga lobbíisma er að líta dagsins ljós,“ segir Jakob Frímann Magnússon, sem er á meðal þeirra sem hafa beitt sér í málinu.

„Þetta mun gefa henni skilyrði sambærileg við aðrar greinar. Það má segja þessum ágætu ráðherrum til hróss að þeir gerðu þetta glæsilega með hjálp Björgólfs Guðmundssonar [bankastjóra Landsbankans] og Samtóns [samtök réttarhafa tónlistar]. Nú er búið að mynda langþráð stoðkerfi sem verður að einhverju leyti til fulltingis því sjálfsprottna stoðkerfi sem Reykjavíkurborg, Samtónn og Flugleiðir bjuggu til með Loftbrú,“ segir hann.



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON** Jakob segir að langþráð stoðkerfi við tónlistina hafi loksins verið myndað.






# Óska eftir tíu milljónum

**Stjórn Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar, sem hefur hýst fjöldann allan af íslenskum hljómsveitum, hefur óskað eftir tíu milljónum frá Reykjavíkurborg til að halda rekstri stöðvarinnar áfram. Fái hún ekki stuðning verður starfseminni að Hólmaslóð 2 að öllum líkindum hætt í janúar.**

„Við erum að vinna í því að fá ríki og borg til að koma að þessu og styðja þetta eins og þau gera varðandi aðrar tómstundir fyrir ungt fólk,“ segir stjórnarmaðurinn Guðmundur Ingi Þorvaldsson. „Við erum búin að vera að byggja þetta upp í fjögur ár og hvorki ríki né borg hafa veitt þessu stuðning að einhverju ráði.“



**GUÐMUNDUR INGI ÞORVALDSSON** Guðmundur Ingi vill að Reykjavíkurborg styrki starfsemi Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar.

„Það var aldrei ætlunin að þetta yrði gróðastarfsemi eða að krakkarnir yrðu látnir standa straum af þessu. Það var alla tíð vonin að yfirvöld kæmu að rekstrinum. Hitt húsið var með svona aðstöðu til skamms tíma en hún var lögð niður,“ segir hann. „Það er gríðarleg þörf fyrir þetta,“ segir Guðmundur. „Ef starfsemin verður lögð niður verða 250 til 300 tónlistarmenn á götunni. Hlutir eins og Airwaves og fleiri ættu að sannfæra menn um að íslenskt tónlistarlíf á það skilið að verða tekið alvarlega.“

Vegna þrýstings frá stuðningsfólki Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar lagði Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi í gær fram fyrirspurn á fundi í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkur þar sem hann óskaði eftir greinargerð um stöðu málefna miðstöðvarinnar. Þar kemur fram að leita skuli leiða til að tryggja áframhaldandi starfsemi miðstöðvarinnar.

Í Tónlistarþróunarmiðstöðinni eru fimmtán fullbúin æfingarými og salur til tónleikahalds. Yfirleitt deila þrjár hljómsveitir hverju rými og æfa nú í húsinu um fimmtíu hljómveitir, eða um 250 manns. Félagsmenn í félagi um Tónlistarþróunarmiðstöð eru um 750 talsins og þeim fjölgar stöðugt. Hver hljómsveit borgar 25 þúsund krónur fyrir að fá að æfa í miðstöðinni. Staðan í dag er aftur að móti sú að afnotagjöldin og afnot af tónleikasalnum sem er í boði ná einungis yfir 50% af raunverulegum rekstrargjöldum.

Í húsnæði Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar er bannað að vera með áfengi. Þar er alltaf eftirlitsmaður, auk þess öryggiskerfi fylgist með því að allt gangi vel fyrir sig. **freyr@frettabladid.is**



**ÆFINGAHÚSNÆÐI** Fjölmargar hljómsveitir hafa nýtt sér æfingahúsnæði miðstöðvarinnar að Hólmaslóð 2.

# Hinn fullkomni glæpur og aðrar sögur

Á síðustu plötu The Decemberists var magnað átta mínútna langt lag sem heitir The Mariner´s Revenge Song. Þar nær Colin Meloy að vefja með ævintýralegum hætti tóna utan um frábæra sögu um sjómann sem hefnir sín á öðrum sjóara en sá hafði átt þátt í að móðir þess fyrrnefnda framdi sjálfsmorð nokkrum árum áður. Útsetning þess er stórkostleg, eins og hún sé unnin fyrir leikhús. Sló mig alveg utan undir og gerði mig að einskærum aðdáanda þessarar sveitar. Sú plata var án efa með athyglisverðari útgáfum síðasta árs.

Ég vonaði að The Decemberists myndi hella sér meira í svipaða hluti. Að Colin myndi fara lengra með þessar tilraunir sínar, að „tónsetja“ sögur eins og fyrir útvarpsleikrit. Hefði sáttur beðið í lengri tíma eftir slíku, en óvænt mætir sveitin aftur til leiks með nýja plötu, aðeins nokkrum mánuðum frá síðustu útgáfu.

Þó að The Crane Wife fari ekki eins langt í að „tónsetja“ sögur, eins og ég vonaði, þreifar Meloy þó svo sannarlega fyrir sér í útsetningum. Hann er orðinn ótrúlega fær lagahöfundur og útsetjari, og smellpassar inn í nýju „gerð úr við“ indístefnuna sem nú ræður ríkjum eftir að listamenn á borð við Sufjan Stevens, Devendra Banhart og Joanna Newsom byrjuðu að þreifa fyrir sér í því að útsetja fyrir fleiri hljóðfæri en sín eigin.

Tónlist The Decemberists er iðulega dramatísk, falleg og undir áhrifum frá keltneskri þjóðlagahefð. Þetta er þó ekkert írskt pöbbarokk fyrir sprelligosa, eins og Paparnir spila, heldur öllu yfirvegaðra og nær grasrótinni. Sveitin hoppar stundum úr einu yfir í annað en Á Crane Wife er þó nokkuð meira um poppsmíðar en á síðustu plötu. Best tekst sveitinni upp í lögunum Yankee Bayonet og hinu fáránlega grípandi The Perfect Crime no. 2.

Þetta er tónlist sem ætti að eiga vel við þá sem heilluðust af fyrri plötu The Magic Numbers. Mjög aðgengilegt og lýtalaust þó að þetta komi úr svolítið skringilegri átt.

Colin er yfirleitt í hlutverki sögumanns í lögum sínum, er ljóðrænn og notar afar lærð orð hér og þar, og gæti þess vegna hæglega orðið hetja hjá orðelskum nemum í bókmenntafræðinni.

The Crane Wife er ágætis fylgifiskur plötunnar frá því í fyrra og greinilegt að það verður léttara og léttara yfir þessari skemmtilegu sveit. **Birgir Örn Steinarsson**



**TÓNLIST**

**The Crane Wife**

The Decemberists

★★★

The Decemberists ná að fylgja síðustu plötu listavel eftir, þó að það séu aðeins nokkrir mánuðir á milli útgáfnanna.







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 6 - 9 | B.i. 16 | BÖRN | kl. 6 - 8 | B.i.12 |
| MÝRIN | kl. 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 6 | B.i. 12 |
| SCANNER DARKLY | kl. 8 - 10:10 | B.i.16 | | | |

- ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ -
23. NÓV - 3. DES.

SÝNINGARTÍMAR
STORIA DI RAGAZZI E DI RAGAZZE
(saga um stráka og..)
Sýnd kl. 8
DA ZERO A DIECI
(frá einum upp í tíu)
kl. 5:50 og 10:10

Morgunbladid BÝÐUR ÁSKRIFENDUM SÍNUM
2 fyrir 1 í bíó
Á ALLAR MYNDIR SEM SÝNDAR ERU Á ÍTÖLSKU KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI
GEGN FRAMVÍSUN MIÐA SEM VAR FRAMAN Á MOGGANUM Á LAUGARDAGINN

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | FLY BOYS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| CASINO ROYALE | kl. 4:30 – 7:30 – 10:30 | B.i.14 | THE DEPARTED | kl. 7:30 - 10:30 | B.i. 16 |
| CASINO ROYALE VIP | kl. 4:30 – 7:30 – 10:30 | | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| THE GRUDGE 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 16 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 | B.i. 12 |
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 5:50 - 8 | Leyfð | |
| THE GRUDGE 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 16 | |
| THE DEPARTED | kl. 8 | B.i. 16 | DIGITAL |
| JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð | |
| ADRIFT | kl. 10:10 | B.i.12 | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 8 | Leyfð |
| CASINO ROYALE | kl. 7 - 10 | B.i. 12 |
| FLYBOYS | kl. 10:10 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GRUDGE 2 | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| VEGGIE TALES M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| ADRIFT | kl 10 | B.i.12 |

Þriðjudagar eru bíódagar
2 fyrir 1 í Sambíóin
fyrir viðskiptavini sparisjóðsins
SPARISJÓÐURINN

www.sambioin.is 575 8900


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Britney Spears hefur algerlega spilað út eftir að hún ákvað að skilja við Kevin Federline. Um helgina skemmti hún sér vel og lengi með Paris Hilton á heitustu klúbbunum í Los Angeles. Britney var ekki að stressa sig mikið þótt ljósmyndarar tækju myndir af henni nærbuxnalausri að stíga úr limósíum á ferð milli skemmtistaðanna og klæðnaður hennar þótti mjög druslulegur. „Hún virtist alveg ákveðin í að sýna Kevin að hún væri komin aftur á markaðinn,“ sagði einn heimildarmaður Daily Mail.



Daniel Craig neitaði að lita hár sitt dökkt til að taka að sér hlutverk James Bond. Leikarinn hefur nú upplýst að bæði leikstjóri myndarinnar og framleiðendur hafi beðið hann um að lita á sér hárið en hann hafi ekki tekið það í mál. „Ég bauðst í staðinn til að vera mjög stuttklipptur svo ég virkaði hörkulegri,“ segir Craig.



Leikkonan Catherine Zeta-Jones er farin að vinna á veitingastað. Ástæðan er sú að hún vill undirbúa sig sem best fyrir næsta kvikmyndahlutverk sitt. Hin 37 ára gamla fegurðardís mun leika meistarakokk í næstu mynd sinni en er sjálf svo lélegur kokkur að hún taldi nauðsynlegt að fá leiðsögn fagmanna. Zeta-Jones er svo lélegur kokkur að hún kveikti í pönnu í fyrsta skipti sem hún eldaði fyrir eiginmann sinn, Michael Douglas.



Noel Gallagher úr hljómsveitinni Oasis segist ætla að gefa út sólóplötu. Noel, sem er 39 ára, segist þegar vera búinn að semja lögin á plötuna og það sé aðeins tímaspursmál hvenær hann hvíli sig á Oasis og taki upp sólóplötuna. „Það kemur að þessu, enda er lífið stutt og enginn okkar yngist. Ég ætla að gefa út sólóplötu meðan ég lít enn sæmilega út.“


# Er þér óhætt á flugi?

- Vissir þú að geislun á fjögurra tíma flugi í 37 þúsund feta hæð jafngildir einni röntgenmyndatöku á brjósti ?
- Vissir þú að þú ert að verða fyrir 20 til 25% súrefnisskorti í flugi ?
- Hvernig líður þér á fundi eftir fjögurra tíma flug ?
- Hvað er til ráða ?



Miðvikudaginn **29. nóvember**, klukkan 20:00 mun breski læknirinn, **Dr. Farrol Kahn,** forstjóri Aviation Health í Bretlandi halda fyrirlestur á **Hótel Loftleiðum** í þingsölum 1- 4.

Dr. Kahn stofnaði Aviation Health árið 1996, en sú stofnun hefur haft það að leiðarljósi að rannsaka hver áhrifin eru af flugi og ferðalögum á líkamlega og andlega heilsu fólks.

Dr. Kahn hefur skrifað fjölda bóka um þetta málefni og verið ráðgjafi hinna ýmsu flugfélaga og flugvalla. Hann var sérstakur ráðgjafi World Health Organation, árið 2001 í tengslum við áhættu á myndun blóðtappa í flugi. Einnig hefur hann unnið fyrir EU og samgöngunefnd á vegum bandaríska þingsins.

Fyrirlesturinn er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Fyrirlesturinn er í boði

Suðurflug ehf.
South Air Iceland

## > Eiður semur við Adidas á ný

Eiður Smári Guðjohnsen, landsliðsfyrirliði í knattspyrnu og leikmaður Barcelona, skrifaði í fyrradag undir nýjan samning við íþróttavörurisann Adidas. Hann hefur verið á samningi við fyrirtækið undanfarin ár en mun samkvæmt nýja fyrirkomulaginu eingöngu leika í Predator-fótboltaskónum til ársins 2010 og væntanlega taka þátt í auglýsingaherferðum fyrirtækisins. Meðal þeirra sem eru á mála hjá Adidas má nefna David Beckham, Kaka, Michael Ballack, Raul, Steven Gerrard, Lionel Messi og Xavi.



**sport**

sport@frettabladid.is

TEITUR ÞÓRÐARSON: ORÐAÐUR VIÐ MOLDE Í NOREGI

# *Ekkert hæft í þessum fregnum*



Verdens Gang sagði frá því í gær að forráðamenn Molde væru nú með Teit Þórðarson í smásjánni og til greina kæmi að ráða hann sem þjálfara liðsins. Molde féll úr norsku úrvalsdeildinni í haust en ætlar sér að koma sér umsvifalaust aftur upp. Marel Baldvinsson leikur með félaginu.

„Þetta er bara orðrómur og veit ég ekki hvaðan hann kemur," sagði Teitur við Fréttablaðið í gær en hann er þjálfari KR og hefur gegnt þeirri stöðu undanfarið ár.

„Ég var í Noregi um helgina þar sem ég flutti fyrirlestur á þjálfararáðstefnu og hvort þessi frétt tengist því eitthvað veit ég ekki. Það er ómögulegt að vita hvaðan þessar sögur koma, oft skapast þær út frá engu."

Hann útilokar ekki að fara aftur til Noregs að þjálfa í framtíðinni en að engar áætlanir séu uppi um að gera það á næstunni.

„Ég er gífurlega ánægður með það sem við erum að gera hér hjá KR og það er mikill hugur í mönnum. Molde er góður klúbbur en ég hef ekki talað við neinn þar og þar af leiðandi finnst mér þetta ekki vera tímabær umræða."

Í febrúar næstkomandi fer Teitur með KR á æfingamót á La Manga þar sem fjögur norsk úrvalsdeildarlið mæta einnig til leiks. Þau eru Rosenborg, Vålerenga, Brann og Lilleström.

„Þetta eru fjögur bestu liðin í Noregi og mér fannst mikilvægt að KR fengi þarna tækifæri til að mæta þessum góðu liðum. Norska knattspyrnusambandið á hálft æfingasvæðið á La Manga og er gífurlega vel staðið að öllum málum þar. Ég held að ég hafi farið þangað á hverjum vetri öll mín ár í Noregi."

Alls munu átta lið taka þátt í æfingamótinu og verður liðunum skipt í tvo riðla. KR tók þátt í mótinu síðastliðinn vetur sem reyndist gefa góða raun. Fimm Íslendingar leika með norsku liðunum sem mæta til leiks. Það eru Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason, Ármann Smári Björnsson, Viktor Bjarki Arnarsson og Árni Gautur Arason.

# Minni liðin hafa úr meira fé að spila en áður

**FH, KR og Valur fá flesta stærstu bitana á leikmannamarkaðnum. Minni liðin hafa engu að síður oft og tíðum verið að bjóða álíka vel í leikmenn og virðast mörg hver hafa úr nægum fjármunum að spila. Dæmi eru um að minni liðin hafi boðið leikmanni hátt í hálfa milljón í mánaðarlaun en án árangurs. Flest liðin standa ágætlega við gerða samninga og minni dráttur er á greiðslum en áður.**

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið hefur á undanförnum vikum tekið ítarleg viðtöl við marga af eftirsóttustu knattspyrnumönnum landsins. Tilgangur viðtalanna var að komast til botns í hinum sérstaka íslenska leikmannamarkaði sem enginn veit mikið um. Ekki einu sinni leikmennirnir sjálfir. Hvað eru leikmenn að fá í laun? Hvaða lið borga best? Hvernig samningar eru í boði hjá hverju félagi? Hvaða félög brjóta félagaskiptareglurnar? Er verið að greiða leikmönnum „svart" og hvaða lið á flesta peningana eru meðal þeirra spurninga sem Fréttablaðið spurði leikmennina að.

Fréttablaðið mun alla þessa viku birta greinar sem ætlað er að varpa ljósi á leikmannamarkaðinn. Þær upplýsingar sem koma fram í greinunum eru alfarið fengnar frá leikmönnunum sjálfum. Í dag skoðum við laun og starfsaðferðir þeirra liða sem virðast ekki hafa sama fjármagn undir höndum og turnarnir þrír – FH, KR og Valur.

### Ekkert bruðl hjá ÍA

ÍA er stærsta liðið fyrir utan turnana þrjá. Félagið hefur verið í fjárhagsvandræðum síðustu ár og menn þar á bæ sýna meira aðhald í rekstri en oft áður. Fáir leikmenn liðsins eru á háum launum en með liðinu spila bræður sem hafa lifibrauð sitt af boltanum og þeir hafa ekki farið leynt með það. ÍA greiðir þó ekki laun bræðranna heldur einstaklingar og fyrirtæki.

ÍA hefur ekki mikið á milli handanna og það sást bersýnilega þegar félagið gafst upp í baráttunni um Reyni Leósson og Hafþór Ægi Vilhjálmsson. ÍA var einfaldlega ekki tilbúið að greiða þessum leikmönnum sömu laun og þeir fá hjá núverandi vinnuveitendum. ÍA vildi ekki eyða peningum sem það á ekki. Grunnurinn er þó að styrkjast hjá félaginu og KB banki hallar sér í ríkari mæli að félaginu.

Þær breytingar eru að verða á rekstri félagsins að greiðslurnar verða árangurstengdari í framtíðinni. Guðjón Þórðarson vill hafa hvetjandi kerfi fyrir sitt lið og hefur haft hönd í bagga með hvernig launamálum verður háttað í framtíðinni hjá félaginu.

### Fram ætlar ekki að falla aftur

Framarar hafa tapað miklu fé á undanförnum árum en það stöðvar liðið ekki á markaðnum. Framarar eru brenndir eftir fallið og ætla sér ekki að falla aftur. Þeir eru því til í að teygja sig nokkuð langt eftir réttu mönnunum. Þeir eru til í að greiða réttu mönnunum 300 þúsund í fastagreiðslu plús bónusa eins og staðan er í dag.

Keflvíkingar eru með marga snjalla leikmenn á sínum snærum sem flestir eru á frekar lágum launum. Það var völlur á Keflvíkingum á sínum tíma þegar félagið fékk Guðjón Þórðarson til starfa. Keflavík gat þó ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar á þeim tíma gagnvart Guðjóni.

Keflavík hefur reynt við marga stórlaxana síðustu ár án árangurs. Félagið hefur teygt sig hæst upp í 400 þúsund á mánuði plús fríðindi fyrir þá allra bestu en það kemur sjaldan fyrir að Keflavík bjóði svo vel. Félagið ku standa við gerða samninga í dag og enginn dráttur á greiðslum.



### Dráttur á greiðslum í Grindavík

Það á aftur á móti ekki við hjá nágrannafélaginu Grindavík. Þar hafa menn verið í vandræðum síðustu ár með að greiða leikmönnum sínum laun á réttum tíma. Grindvíkingar greiða þó ekki mörgum leikmönnum mjög há laun. Þeir bestu hjá liðinu hafa verið að fá um 200 þúsund krónur í fastagreiðslu á mánuði og svo hafa sömu menn fengið um 25 þúsund krónur fyrir spilaðan leik og sú upphæð hækkaði í 40 þúsund fyrir sigur. Grindvíkingar hafa boðið leikmönnum sínum ýmis fríðindi og til að mynda hafa leikmenn fengið að borða frítt nokkrum sinnum í viku á veitingastaðnum Brim sem er með venjulegan heimilismat á borð við fisk með kartöflum.

### Blikar vel stæðir

Breiðablik hefur eytt miklu þótt vitað sé að félagið sé ágætlega stætt fjárhagslega og nýleg sala á Marel Baldvinssyni hefur sett félagið í góða stöðu en norskir fjölmiðlar greindu frá því að Molde hefði greitt á milli 20-30 milljónir króna fyrir Marel.

Hluti af þeirra vanda er sá að bestu leikmennirnir hafa takmarkaðan áhuga á að spila með Blikunum. Breiðablik er vant að bjóða sterkum leikmönnum 250 þúsund krónur í fastagreiðslu á mánuði. Þá erum við að tala um fyrsta tilboð þannig að Blikar eru til í að fara hærra og þeir hafa óskað eftir gagntilboðum frá leikmönnum eftir slíkt tilboð.

Blikarnir hafa verið duglegir að hafa samband við fjölskyldur leikmanna og er eitt af fáum liðum sem hefur sett sig í beint samband við móður leikmanns. Blikarnir hafa að sama skapi stundum sýnt þá kurteisi að biðja félög um leyfi til að ræða við leikmann. Slíkum bónum virðist alltaf vera hafnað af félögunum en það hefur ekki stöðvað Blika eða önnur félög hingað til. Kurteisin er þó alltaf vel metin.

Víkingar hafa einnig reynt við marga leikmenn á lausu án árangurs. Líkt og Blikar hafa þeir verið að bjóða betri leikmönnunum 250 þúsund í fastagreiðslu á mánuði. Þeir hafa síðan óskað eftir gagntilboði. Víkingarnir bjóða einnig bónus fyrir sigurleik sem og jafntefli.

### Fylkismenn seilast langt

Fylkismenn hafa boðið allt frá 150-350 þúsund í fastagreiðslu á mánuði til leikmanna síðustu ár. Athygli vekur að Fylkir býður ekki eins háan bónus og önnur lið í svipuðum styrkleikaflokki og það hefur komið leikmönnum á óvart að Árbæingar séu ekki með meira hvetjandi kerfi. Fylkir hefur þó verið að bjóða leikmönnum undirskriftagreiðslur sem eru allt að einni milljón króna.

Fylkismenn eru samt grimmir á markaðnum og seilast langt eftir þeim mönnum sem þeir vilja fá. Til að mynda hafði formaður meistaraflokksráðs karla samband við föður eins samningsbundins leikmanns í júlí síðasta sumar þegar mótið var rétt hálfnað. Flest önnur félög nota einfaldlega utanaðkomandi aðila í álíka símtöl eða leikmenn síns félags. Aðferð formannsins dugði ekki til þar sem leikmaðurinn samdi við annað félag á endanum.

*Á morgun: Valur*



ÍÞRÓTTALJÓS
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
henry@frettabladid.is



VISA Lán er hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

+ Staðgreiðsluverð
+ Lægri vextir
+ Lægri kostnaður
+ Til allt að 36 mánaða
+ Framlengdur ábyrgðartími
+ Flutningstrygging
+ Vildarpunktar

VISA Lán
– HAGSTÆÐAR AFBOGANIR

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

# Góð byrjun




## www.visir.is

## Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni

Þú gætir unnið flugmiða fyrir tvo með Iceland Express,
Nokia síma, áskrift hjá Digital Ísland, glaðning frá 66°Norður
og gjafakörfur frá Nóa Síríus.




Iceland Express · Nói Síríus · digital ísland · PlayStation · NOKIA · 66° NORÐUR

vísir
Fyrstur með fréttirnar!



**EGGERT MAGNÚSSON** Var kynntur fyrir stuðningsmönnum West Ham um síðustu helgi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eggert Magnússon:

## Hittir ráðherra í næstu viku

**FÓTBOLTI The Guardian segir frá því að Eggert Magnússon, verðandi stjórnarformaður West Ham, muni í næstu viku hitta Tessu Jowell, menningarmálaráðherra Breta, sem og Richard Caborn íþróttamálaráðherra að máli vegna Ólympíuleikvangsins sem verið er að byggja fyrir leikana í Lundúnum árið 2012.**

**Eggert segir að félagið vilji flytja heimavöll sinn á leikvanginn að leikunum loknum og vilji ræða leiðir þannig að slíkt fyrirkomulag muni hagnast báðum aðilum.** - esá



**SAHA** Misnotaði víti. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson:

## Saha og Ronaldo ráða sjálfir

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson knattspyrnusjtóri Manchester United hefur lagt það í hendur Louis Saha og Cristiano Ronaldo að útkljá sín á milli hver á að vera vítaskytta liðsins.

Saha misnotaði víti gegn Celtic í Meistaradeildinni sem kostaði liðið dýrmæt stig í keppnini.

„Þetta er undir þeim sjálfum komið,“ sagði Ferguson. „Stundum leikur annar þeirra betur en hinn og þá er það ef til vill skynsamlegt að sá sem á betri dag taki vítið. Ég sagði reyndar við Louis að ef honum vantar upp á eitt mark í þrennu í einum leik skuli hann taka vítið.“ - esá

Tor Lian, forseti Evrópska handknattleikssambandsins:

# HM á að vera á fjögurra ára fresti

**HANDBOLTI** Evrópska handknattleikssambandið, EHF, hefur komið þeim skilaboðum til IHF að HM í handbolta eigi að fara fram á fjögurra ára fresti, ekki tveggja ára eins og verið hefur. Þetta segir Tor Lian, forseti EHF.

„Staðreyndin er sú að á fjórum árum eiga sér stað fimm stórmót í handbolta,“ sagði Lian við þýska fréttastofu um helgina. Hann sér fyrir sér að hægt væri að breyta þessu eftir Ólympíuleikana í Lundúnum árið 2012.

Evrópumeistaramótið yrði áfram á tveggja ára fresti og þá alltaf á milli heimsmeistaramóts og ólympíuleika.

Þá er einnig mikið deilt um fyrirkomulagið á undankeppnum fyrir HM og ólympíuleika. Alþjóðasambandið setur reglur um slíkar forkeppnir en Lian segir að það eigi að vera undir hverju álfusambandi komið hvernig fyrirkomulaginu skuli vera háttað.



**HEIMSMEISTARAR** Spánverjar urðu heimsmeistarar í fyrra þegar mótið var haldið í Túnis. NORDIC PHOTOS/AFP

„Þetta er ekkert nema valdarán,“ sagði Norðmaðurinn Lian. „Og við sættum okkur ekki við það.“ - esá

Helgi Valur Daníelsson:

## Orðaður við Viking í Noregi

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Helgi Valur Daníelsson var í gær orðaður við norska úrvalsdeildarliðið Viking sem Birkir Bjarnason leikur með. Liðið slapp naumlega frá falli í haust en hið sama er ekki hægt að segja um Öster, lið Helga Vals í Svíþjóð. Hann hefur áður sagt að hann hafi takmarkaðan áhuga á að leika með félaginu í sænsku 1. deildinni en hann er samningsbundinn Öster til ársins 2008. Hann er sömuleiðis sagður hafa vakið áhuga tveggja annarra norskra félaga.

Helgi Valur kom til Öster frá Fylki fyrir ári síðan. - esá

# Ísland mætir Aserbaídsjan í dag

**Íslenska kvennalandsliðið í handbolta kom í gærmorgun til Valcea í Rúmeníu eftir sólarhringslangt ferðalag. Í dag hefst þar keppni í riðli Íslands í forkeppni heimsmeistarakeppninnar í handbolta.**

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta etur í dag kappi við landslið Aserbaídsjans. Leikurinn fer fram í Rúmeníu og er fyrsti leikur liðsins í undankeppni HM.

Liðið kom til Rúmeníu aðfaranótt mánudagsins og það var þreytt landslið kvenna sem renndi upp að hótelinu í Valcea. Ferðalagið hófst í Laugardalnum klukkan hálf sex á sunnudagsmorgun og kom ekki á hótelið fyrr en klukkan sex að staðartíma, eða fjögur að íslenskum tíma.

Fyrst var flogið frá Keflavík til London þar sem liðið þurfti að bíða eftir tengiflugi til Búkarest, höfuðborgar Rúmeníu. Seinkun var á fluginu til Búkarest og liðið þurfti að bíða á Heathrow-flugvelli í London í átta klukkutíma.



**TÍMINN NÝTTUR** Íris Björk Símonardóttir nýtti hverja mínútu vel á Heathrow-flugvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DAGUR

Ýmislegt var gert til að drepa tímann og m.a. stóðu þær Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Margrét Ragnarsdóttir fyrir spurningakeppni þar sem Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson, aðstoðarþjálfari liðsins, fór með sigur af hólmi. Einnig mátti víða sjá landsliðskonur læra af kappi en margar hverjar eru í námi og prófin taka fljótlega við þegar heim er komið.

Vélin komst loks í loftið en þegar til Búkarest var komið beið liðsins þriggja tíma rútuferð til Valcea þar sem hópurinn dvelur. Þegar þangað var komið var klukkan sex að morgni og hvíldin því kærkomin, enda rúmlega 22 klukkutíma ferðalag að baki.

Dagurinn í gær fór því aðallega í afslöppun, göngutúra og ein æfing var seinnipartinn í gær. Það gefst þó ekki langur tími til að ná úr sér ferðaþreytunni því í dag mæta íslensku stelpurnar liði Aserbaídsjans.



**GÖNGUTÚR** Íslenska landsliðið fór í göngutúr í Valcea í Rúmeníu eftir góða hvíld. Ekki veitti af því ferðalagið frá Íslandi tók sólarhring. FRÉTTABLAÐIÐ/DAGUR

Júlíus Jónasson, þjálfari íslenska liðsins, og Finnbogi Sigurbjörnsson, aðstoðarmaður hans, sögðust lítið vita um lið Aserbaídsjans. „Við vitum í rauninni sáralítið um liðið sjálft. Ég talaði við Miglius, þjálfara karlaliðs HK, en hann þekkir þjálfara Aseranna og hann vissi af því að Aserbaídsjan væri búið að gefa rússneskum og hvít-rússneskum leikmönnum vegabréf til að spila með landsliðinu,“ sagði Finnbogi.

„Það hefur ekki verið hlaupið að því að fá upplýsingar um þetta lið þannig að við rennum eiginlega blint í sjóinn. En ég er samt nokkuð viss um að það sama sé upp á teningnum hjá þeim. Við komum örugglega til með að fara rólega í leikinn og reyna að lesa leik þeirra. Það er líka oft þannig í fyrsta leik á svona móti,“ sagði Júlíus um andstæðinga íslenska liðsins í dag.



FORKEPPNI HM
DAGUR SVEINN DAGBJARTSSON
skrifar frá Rúmeníu
dagur@frettabladid.is




France Football kynnti kjör landsliðsþjálfara á knattspyrnumanni ársins:

# Cannavaro bestur árið 2006

**FÓTBOLTI** Fyrirliði heimsmeistara Ítalíu, Fabio Cannavaro, var kjörinn besti knattspyrnumaður ársins af landsliðsþjálfurum heimsins en France Football stendur fyrir kjörinu ár hvert.

Cannavaro fór frá Juventus að loknu heimsmeistaramótinu í sumar til Real Madrid en félagið var dæmt niður í Seríu B vegna hneykslismálsins sem skók knattspyrnuheiminn á Ítalíu í sumar.

Með Juventus vann hann ítalska meistaratitilinn í vor annað árið í röð en titlarnir voru reyndar báðir dæmdir af félaginu vegna fyrrgreinds hneykslis.

„Ég fer auðvitað með bikarinn aftur til Madríd en það væri einnig gaman að fara með hann til Tórínó,“ sagði Cannavaro. „Ég átti frábært tímabil með Juventus, spilaði 37 leiki og skoraði fjögur mikilvæg mörk. Þetta er einnig viðurkenning fyrir afrekið sem við unnum á HM.“

Markvörður Ítala og Juventus, Gianluigi Buffon, varð annar í kjörinu og Thierry Henry hjá Arsenal þriðji. Þeir fengu einir fleiri en hundrað stig en næstir komu þeir Ronaldinho og Zinedine Zidane.

Cannavaro sagði einnig að félagar sínir hjá Juventus hefðu átt ríkan þátt í árangri sínum.

„Það er þeim að þakka að ég hef náð að kalla fram mitt besta á vellinum. Ég vil því þakka félögum mínum hjá Juventus og öllum samstarfsfélögum mínum í ítalska landsliðinu.“



**CANNOVARO** Ánægður með gullboltann svokallaða. NORDIC PHOTOS/AFP

Cannavaro er sjötti leikmaður Real Madrid frá upphafi sem hlýtur verðlaunin en hann minntist einnig á Napólí, borgina þar sem hann ólst upp og lærði að spila knattspyrnu.

„Ég væri einnig til í að sýna íbúum Napólí bikarinn því það er mjög sérstök borg, það er staðurinn þar sem ég ólst upp. Ég var vanur að spila fótbolta á götum borgarinnar. Mér þætti mjög vænt um að sýna bikarinn öllum krökkunum sem eiga erfitt uppdráttar.“

Hann bætti þó við að hann ætti enn langt í land með að ná Argentínumanninum Diego Maradona í vinsældum þar.

„Diego er mjög sérstök persóna í Napólí. Ég er mjög stoltur fyrir hönd borgarinnar að hafa unnið þessi verðlaun en get þó varla sagt að ég sé nálægt Maradona í metum borgarbúa.“ - esá

Sepp Blatter, forseti FIFA, segir það mikilvægt að hindra ekki flæði knattspyrnuleiks:

# Dómarar eiga ekki að styðjast við upptökur

**FÓTBOLTI** Sepp Blatter, forseti FIFA, segir að svo lengi sem hann er við stjórnvölinn munu myndbandsupptökur aldrei verða notaðar til að skera úr um vafaatriði í miðjum knattspyrnuleik. „Við eigum aldrei að stöðva knattspyrnuleik til að horfa á upptökur til að sjá hvað gerðist,“ sagði Blatter.

Hann sagði þó að tæknin myndi nýtast knattspyrnunni vel þegar kæmi að því að úrskurða um hvort boltinn færi yfir marklínuna í slíkum vafaatriðum. Annaðhvort með því að setja stafræna flögu í boltann eða setja myndavél meðfram marklínunni.

Hann sagði að þessi tækni yrði notuð á heimsmeistaramóti knattspyrnufélaga sem fer fram í Tókíó í desember á næsta ári.

Talið er að ummæli Blatter séu mikil vonbrigði fyrir forráðamenn ensku úrvalsdeildarinnar sem eru taldir vilja nota myndbandsupptökur til að aðstoða dómara til að taka erfiðar ákvarðanir. Mikill meirihluti knattspyrnustjóra í deildinni og þjálfara mun vera fylgjandi þeirri þróun.

Forráðamenn FIFA koma næst saman í mars næstkomandi og segir Blatter það líklegt að sambandið muni hafna öllum hugmyndum um myndbandstækni.

„Það myndi fjarlægja hvatvísina og það sem er heillandi við knattspyrnuna. Við verðum að halda mannlegu andliti á íþróttinni. Svo lengi sem ég verð forseti eru engar líkur á því að myndbandstæknin verði notuð.“

Þá hvatti hann einnig ríkustu félög heims til að hætta að kaupa alla bestu knattspyrnumenn heimsins til sín. FIFA hefur samið tillögu sem hefur verið kölluð „sex plús fimm“ og segir til um að minnst sex leikmenn verði að vera „heimamenn“.

- esá



**SEPP BLATTER** Hefur sterkar skoðanir á knattspyrnunni. NORDIC PHOTOS/BONGARTS



**RUMMENIGGE** Segir önnur félög í G14 vera eigingjörn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Karl-Heinz Rummenigge:

## Ósáttur við G14

**FÓTBOLTI** Bayern München íhugar nú að draga sig úr G14-samtökunum sem eru félagasamtök ríkustu félaga Evrópu. Karl-Heinz Rummenigge, stjórnarformaður félagsins, var ómyrkur í máli gagnvart hinum félögunum og sagði að spænsk, ensk og ítölsk félög væru eingöngu að hugsa um eigin hagsmuni.

„Við erum ekki hrifnir af því að borga árlegt félagsgjald, mæta á fundi og ræða málin og svo gerist ekki neitt,“ sagði Rummenigge. „Ég efast um að G14 þjóni sínum tilgangi mikið lengur. Það er of lítið að gerast og engin samskipti við UEFA eða FIFA.“

- esá



**SARRIUGARTE** Rekinn eftir slæmt gengi Bilbao í haust. NORDIC PHOTOS/AFP

Athletic Bilbao:

## Ráku þjálfarann

**FÓTBOLTI** Felix Sarriugarte var í gær rekinn sem knattspyrnustjóri spænska úrvalsdeildarliðsins Athletic Bilbao en liðið tapaði um helgina fyrir Sevilla, 3-1. Gengi liðsins hefur verið slakt það sem af er tímabili og er það meðal neðstu liða.

„Eftir að hafa fundað í dag ákvað stjórn félagsins að Sarriugarte skyldi hætta sem knattspyrnustjóri liðsins,“ sagði í tilkynningu sem birtist á heimasíðu félagsins. Sarriugarte tók við liðinu í sumar og hefur Jose Manuel Esnal, fyrrum stjóri Alaves, verið orðaður við starfið.

- esá

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Iceland Express-deild kv.*

ÍS-HAMAR 95-59

**Stig ÍS**: Stella R. Kristjánsdóttir 22, Lovísa A. Guðmundsdóttir 16 (8 frák., 6 stoðs.), Tinna B. Sigmundsdóttir 16, Þórunn Bjarnadóttir 14 (6 frák.), Helga Jónasdóttir 8 (15 frák.), Jófríður Halldórsdóttir 8, Hafdís Helgadóttir 7 (7 frák.), Berglind K. Ingvarsdóttir 4.

**Stig Hamars**: Dúfa Ásbjörnsdóttir 25, Ragnheiður Magnúsdóttir 11, Fanney L. Guðmundsdóttir 8, Íris Ásgeirsdóttir 7, Álfhildur Þorsteinsdóttir 4, Bjarney Ægisdóttir 2, Jóhanna Sveinsdóttir 1, Hafrún Hálfdánardóttir 1 (8 frák.).

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **HAUKAR** | **6** | **6** | **0** | **584-371** | **12** |
| KEFLAVÍK | 6 | 5 | 1 | 557-386 | 10 |
| **GRINDAVÍK** | **6** | **4** | **2** | **474-420** | **8** |
| ÍS | 7 | 3 | 4 | 459-497 | 6 |
| **HAMAR** | **7** | **1** | **6** | **433-603** | **2** |
| BREIÐABLIK | 6 | 0 | 6 | 338-568 | 0 |



## > Rachel McAdams

Hún er að verða eftirsóttasta leikkona í Bandaríkjunum í dag. Vakti fyrst athygli í myndinni „Mean Girls“ sem er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó. Hefur einnig leikið í frábærum myndum eins og „The Notebook, Red Eye og The Family Stone.“



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR VILL FÁ CARRIE AFTUR Á SKJÁINN**

## *Góðir stelpuþættir heyra sögunni til*

í síðustu viku sagði ég skilið við hina hefðbundnu sjónvarpsdagskrá. Enda voðalega lítið í boði annað en raunveruleikaþættir og endursýningar á súrum gamanþáttum með dósahlátri. Ég ákvað að nýta tímann á meðan húsbóndinn var fjarri og er búin að vera upptekin við að rifja upp kynni mín af stúlkunum í Beðmálum í borginni með hinum ofurskemmtilega penna Carrie Bradshaw í broddi fylkingar.

Ég hef auðvitað séð alla þessa þætti áður en núna er ég orðin eldri og reyndari og því get ég skilið öll vandamálin sem Samantha, Miranda, Charlotte og Carrie þurfa að kljást við. Ekki skemmir heldur fyrir að alltaf er spennandi að fylgjast með hvaða fatnaði Sarah Jessica Parker klæðist því stílisti hennar, Patricia Fields, er goðsögn í tískuheiminum. Hugmyndasmiður þáttana var því snillingur að mínu mati, blandaði saman öllu sem stelpum finnst skemmtilegt án þess að þættirnir urðu innantómir að neinu leyti. Ef ég hugsa til baka þá hefur ekki komið neinn þáttur sem er jafn góður og Sex and the City síðan Carrie og vinkonurnar sögðu skilið við skjáinn. Á meðan þátturinn var til sýninga var ekki talað um annað í saumaklúbbum og á kaffihúsum borgarinnar en hvað nú?



**GOTT SJÓNVARPSEFNI** Beðmál í borginni var hinn fullkomni stelpuþáttur.

Enginn góður þáttur með alvörukonum og raunverulegum vandamálum, sem er sorglegur og fyndinn í senn hefur komið upp á yfirborðið síðustu ár. Búið er að eyðileggja hugtakið stelpuþættir með innantómum stelpuþáttum þar sem söguhetjan er heimsk og óaðfinnanlega sæt eða taugaveikluð kona með alltof stíliseruð vandamál í bland við hinn ódauðlega dósahlátur. Hvað er í raun stelpuþáttur? Ef marka má auglýsingar sjónvarpsstöðvanna eru stelpuþættir innantómir raunveruleikaþættir og annað afþreyingarefni.

Sjónvarpsdagskráin versnandi fer og þangað til að eitthvað breytist ætla ég að halda áfram að velta mér upp úr strákavandamálum og finna svörin við spurningum Carrie Bradshaw, aftur og aftur.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Queer Eye...** SKJÁR EINN



▶ **00.40 Hercule Poirot** STÖÐ 2



▶ **23.30 Örninn** SJÓNVARPIÐ



▶ **18.00 Mean Girls** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **00.25 Four Kings** SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Magga og furðudýrið (12:26)** (Maggie and the Ferocious Beast)
**18.25 Safnamýsnar (3:6)** Finnskur brúðumyndaflokkur.
**18.30 Kappflugið í himingeimnum (12:26)** (Oban Star-Racers)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Veronica Mars (13:22)** (Veronica Mars II) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
**21.00 Svona var það (20:22)** (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð um ungt fólk á áttunda áratugnum. Meðal leikenda eru Mila Kunis, Wilmer Valderama, Danny Masterson og Laura Prepon.
**21.25 Nærmynd** Þáttaröð um norræna kvikmyndaleikstjóra. Í þessum þætti er fjallað um Svíann Pernillu August.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Rose og Maloney (2:3)** (Rose and Maloney) Bresk þáttaröð um rannsóknarlögreglukonuna Rose og félaga hennar Maloney sem glíma við dularfull sakamál. Aðalhlutverk leika Sarah Lancashire og Philip Davis.
▶**23.30 Örninn (5:8)** (Ørnen) Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn, Hallgrím Örn Hallgrímsson. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**0.30 Kastljós**
**1.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Against the Ropes**
**8.00 Seabiscuit**
**10.15 Virginia´s Run**
**12.00 Mean Girls**
**14.00 Seabiscuit** Sannsöguleg stórmynd sem var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna.
**16.15 Virginia´s Run** (Hestastelpan)
▶**18.00 Mean Girls** (Vondar stelpur)
**20.00 Against the Ropes**
**22.00 Home Room**
**0.10 Elsker dig for evigt (Open Hearts)**
**2.00 Road House**
**3.50 Home Room**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið** Fjölbreyttur fréttatengdur dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það semer efst á baugi hverju sinni. Umsjónarmenn eru Heimir Karlssonog Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirrý.
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Martha**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Silfur Egils**
**15.25 Meistarinn (21:22) (e)**
**16.15 Nornafélagið**
**16.40 Mr. Bean**
**17.00 Shin Chan**
**17.25 Músti**
**17.30 Bold and the Beautiful**
**17.55 Neighbours**
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Simpsons (8:21)**
**20.05 Amazing Race** (Kapphlaupið mikla) (Sleep Deprivation Is Really Starting To Irritate Me) Kapphlaupið mikla er nú hafið í níunda sinn. Sem fyrr þeysast keppendur yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að verða fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Að þessu sinni hefst kapphlaupið í Denver þar sem ellefu lið hefja leik.
**20.50 NCIS (21:24)** (Glæpadeild sjóhersins) (Bloodbath) (21:24) Á meðan rannsókn stendur yfir á ósköp venjulegu morðmáli hjá NCIS-teyminu kemst í hann krappan Abby þegar sönnunargagn verður henni næstum að bana. Kemur þá í ljós að morðið var sett á svið af einhverjum sem vill Abby feiga. 2005. Bönnuð börnum.
**21.35 Prison Break (7:22)**
**22.20 Inspector Linley Mysteries (8:8)** (Morðgátur Linleys varðstjóra)
**23.10 Numbers (6:24)**
▶**23.55 Thief (1:6)**
**0.40 Poirot - Sad Cypress**
**2.15 Tears of the Sun** (Stranglega bönnuð börnum)
**4.10 Ísland í bítið (e)**
**5.30 Fréttir og Ísland í dag**
**6.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og tekið einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**20.30 The Hills** Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla.Með skólanum hefur hún ráðið sig í vinnu hjá hinu vinsæla tímariti Teen Vogue.
**21.00 So You Think You Can Dance 2** Keppnin harðnar enn og nú verður keppendum fækkað úr 6 í 4.
**22.00 Rescue Me** Þriðja serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð númer 62. Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem angrar þá. Ekki hjálpar það til að mennirnir eru enn að takast á við afleiðingar 11.september sem hafði mikil áhrif á hópinn, en þar féllu margir félagar þeirra í valinn. Denis Leary fer með aðalhlutverkið í þessari frábæru þáttaröð.
**22.50 24 (23:24)** Bönnuð börnum.
**23.35 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider.
**0.00 My Name is Earl (e)**
▶**0.25 Four Kings - NÝTT (e)** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York.
**0.50 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**1.15 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum.
**1.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.45 Innlit / útlit (e)**
**15.00 Just Deal (e)**
**15.30 One Tree Hill (e)**
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri Skjás Eins.
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 Out of Practice (e)**
▶**20.00 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við og skoða hús, híbýli og flotta hönnun. Áhorfendur fá tækifæri til að taka þátt í fjörinu því Þórunn mun m.a. heimsækja fólk sem vill breyta og bæta á heimilinu. Nadia sýnir áhorfendum hvernig þeir geta gert hlutina sjálfir og bendir á einfaldar lausnir á meðan Arnar Gauti sér um allt sem viðkemur hönnun, jafnt nýrri sem eldri. Þetta er áttunda árið sem þátturinn er á dagskrá og hann batnar með hverju ári.
**22.00 Close to Home** Lögfræðidrama af bestu gerð. Annabeth Chase er ungur saksóknari sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi.
**23.00 Everybody Loves Raymond**
**23.30 Jay Len**
**0.15 Survivor: Cook Islands (e)**
**1.15 Surface - lokaþáttur (e)**
**2.05 Beverly Hills 90210 (e)**
**2.50 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)**
**14.00 Tottenham - Wigan (frá 26. nóv)**
**16.00 AC Milan - Messina (frá 25. nóv)**
**18.00 Þrumuskot (e)**
**19.00 Að leikslokum (e)**
**19.50 Watford - Sheff. Utd. (b)**
**22.00 Liverpool - Man. City (frá 25. nóv)**
**0.00 Ítölsku mörkin (e)**




Glæný Línuýsa **890** kr.
Lúðusneiðar **1680** kr.
Laxaflök **1380** kr.
Saltfiskur **1180** kr.
Sigin Grásleppa **1180** kr.
Saltaðar kinnar **690** kr.

Stór humar
Hörpuskel
Risarækjur
Túnfisksteikur
Þorskhnakkar
Heitreykt Ýsa

*Stærsta og flottasta fiskborð landsins*

**HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

## Í KVÖLD

### So You Think You Can Dance

**SIRKUS KL. 21.00**



Spennan eykst enn í danskeppninni So You Think You Can Dance. Eftir snilldartilþrifin sem dansararnir sex sem eftir eru sýndu í gær er ómögulegt að segja til um það hvaða tveir munu hverfa af braut í kvöld. Hér verður líka um að ræða eitt stærsta augnablik í þættinum til þessa því nú þarf dómnefndin að leysa það vandasama verk að skera úr um það hvaða fjórir dansarar eiga skilið að fara alla leið í úrslitaþáttinn.

Hér er um að ræða aðra seríuna af So You…, þætti sem byggir á sömu uppskrift og Idol-þættirnir, enda koma þeir úr smiðju sömu höfunda og bjuggu upphaflega til breska Pop Idol og American Idol. Kynnir í þáttunum er hin breska Cat Deeley.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Fréttatímanum**

**Á STÖÐ 2 KL. 18.18**

„Frá og með deginum í dag lengist fréttatími Fréttastofu Stöðvar 2 og hefst fyrr en verið hefur. Hér eftir hefjast fréttir Fréttastofu Stöðvar 2 kl. 18.18 á Stöð 2 og Sirkus. Áður en sjálfar fréttirnar hefjast kl. 18.30 verður boðið upp á ítarlegar veðurfréttir - sem og krakkaveðrið sem slegið hefur í gegn í Íslandi í bítið. Þar verður einnig íþróttayfirlit og farið yfir það helsta sem í boði verður í Íslandi í dag."



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **7.30** Fréttayfirlit **8.00** Fréttir **8.30** Fréttayfirlit **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stelpulitir
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Seiður og hélog
**15.00** Fréttir
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Perlur Tékklands
**21.00** Afsprengi
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.40 Gillette Sportpakkinn**

**18.10 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum.

**19.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni.

**19.30 Íþróttahetjur** Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum.

**20.00 X-Games 2006. þáttur 3**

**20.55 Mourinho´s Ultimate** (Mourinho´s Ultimate) Einstakur sjónvarpsþáttur um forvitnilega keppni sem fram fór í akademíu Davids Beckham í apríl 2006. Fjórtán lið reyna með sér í ýmsum þrautum þar sem reynir á liðsheildina, líkamann og hugann. Á meðal fyrirliða liðanna eru þekktir knattspyrnukappar: Beckham, Frank Lampard, Steven Gerrard, Ledley King, Gary Neville, Jermaine Defoe, Dibril Cisse, Keiran Richardson, Damien Duff, Kieron Dyer, Arjen Robben, Shaun Wright Phillips og Ashley Cole.

**21.45 Ensku mörkin** Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum.

**22.15 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 06/07)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Marcipankonditoriet **12.05** Sten på sten **12.20** Livet på skinner **12.50** Desperate boligdrømme **13.20** Rabatten **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Smæk for Skillingen **15.30** En lille reminder **15.40** SPAM **16.00** Insektoskop **16.05** Lucky Luke **16.30** Store Nȼrd **17.00** Lille Nørd **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Hvad er det værd **19.00** Hammerslag **19.30** Danskernes Krønike - Vores kærlighed **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Komplottet i Kreml **22.55** Ørnen **23.55** Clement Kontra

## NRK 1

**11.05** Finansdebatten **12.00** Siste nytt **12.05** Finansdebatten **13.00** Siste nytt **13.05** Finansdebatten **13.40** Distriktsnyheter **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Robotboy **14.45** Robotboy **15.00** Siste nytt **15.03** Sport uten grenser **15.15** Siger i blikket **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** V-cup skiskyting **16.55** Nyheter påtegnspråk **17.00** Postmann Pat **17.15** Konrad katt **17.25** Robotgjengen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: Magasin **18.55** Tinas mat **19.25** Brennpunkt **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Utsyn: ? leve med aids **23.05** Jazz: Saksofonisten Barney Wilen **0.00** Larry Sanders-show

## SVT 1

**11.05** Planeten **13.20** Driver dagg faller regn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Les petits animaux sauvages **16.05** Jeunes à Marseille **16.15** Bajo el cielo de Madrid **16.20** Anima más **16.25** Les petits animaux sauvages **16.30** Krokodill **17.00** Världens största kör **17.10** Sagoboken **17.25** Storasyster och lillebror **17.30** Allt och lite till **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Trackslistan **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Cuppen **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Kobra **22.50** Yizo, Yizo **23.15** Sändning från SVT24


Vorum að taka upp vönduð eikarhúsgögn frá Christian Harold









Leðursófasett á tilboði.
verð frá 179.000.-

GP gæðahúsgögn
Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

Opið virka daga: 10-18
lau 11-16 sun 13-16

**HRÓSIÐ ...**



*... fá Ilmur Kristjánsdóttir og aðrir leikarar og skemmtikraftar sem leggja góðu málefni lið í umfangsmikilli sjónvarpsútsendingu á Degi rauða nefsins á föstudaginn.*

# Hirðgítarleikari X-Factor

Gítarleikarinn Friðrik Karlsson hefur unnið náið með Bretanum Simon Cowell, Idol-dómaranum illkvittna, sem nokkurs konar hirðgítarleikari X-Factor-þáttanna á Englandi.

Hann segir það fínt að vinna með Cowell þótt það sé svolítið erfitt. „Hann er alltaf eins og hann er í sjónvarpinu,“ segir Friðrik og hlær. „Þótt maður geri eitthvað flott þá passar það kannski ekki og hann virðist alltaf vita það. Hann virðist vera ótrúlega hittinn á hvað virkar og hvað fólk vill,“ segir hann, við upptökur fyrir þær hljómsveitir sem hann er með í sigtinu.

Friðrik hefur einnig unnið fyrir Cowell að öðrum verkefnum. Hefur hann m.a. spilað undir á plötum hljómsveitanna Westlife og Il Divo sem hafa báðar selt milljónir platna á ferli sínum.

Friðrik hefur haft í nógu að snúast síðan hann flutti til Englands fyrir ellefu árum. Hefur hann spilað á um 400 plötum og komið við sögu í um fimmtíu lögum sem hafa komist á topp breska vinsældalistans. Á meðal þeirra sem hann hefur unnið með undanfarin ár eru Madonna, Ronan Keating, Clay Aiken, Jose Carreras, Tom Jones, Andrew Loyd Webber og fótboltaruddinn fyrrverandi Vinnie Jones. Jafnframt er stutt síðan hann spilaði undir hjá þeim Lionel Ritchie og Rod Stewart sem voru gestir í X-Factor-þættinum. Að auki er hann að ljúka við að taka upp nýjustu plötu Garðars Cortes fyrir Bretlandsmarkað.

Friðrik, sem er orðinn einn virtasti hljóðversgítarleikari Bretlands, segist þess vegna geta hætt að spila ef hann vill. „Ég þarf ekkert á því að halda lengur til að lifa af því. En ég ætla að halda áfram á meðan ég hef gaman af því. Ég er alveg sestur að þarna og býst ekki við því að flytja aftur til Íslands,“ segir Friðrik, sem ætlar að setjast í helgan stein í húsi sínu á Spáni þegar fram líða stundir. Ítarlegra viðtal við Friðrik um nýjustu plötur hans verður birt á morgun. **-fb**



**SÁTTUR VIÐ FRIÐRIK** Simon Cowell, sem er einn áhrifamesti maðurinn í breska tónlistarbransanum, er hæstánægður með vinnubrögð Friðriks.



**FRIÐRIK KARLSSON** Hefur starfað mikið fyrir Simon Cowell undanfarin ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**LÁRÉTT** **2** dund **6** tveir eins **8** ll **9** frjó **11** klaki **12** spergill **14** yndi **16** hvað **17** knæpa **18** heyskaparamboð **20** bardagi **21** vera til.

**LÓÐRÉTT** **1** fugl **3** utan **4** sundra **5** umrót **7** verkfæri **10** hrópa **13** umfram **15** nótt **16** innri forstofa **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** dútl, **6** úú, **8** tvo, **9** fræ, **11** ís, **12** aspas, **14** nautn, **16** ha, **17** krá, **18** orf, **20** at, **21** lifa.

**LÓÐRÉTT:** **1** dúfa, **3** út, **4** tvístra, **5** los, **7** úrsnari, **10** æpa, **13** auk, **15** nátt, **16** hol, **19** ff.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Silvio Berlusconi.
2. Breiðablik.
3. Kristinn Daði Röðulsson.

## ELÍSABET RONALDSDÓTTIR: HLUTUR KVENNA RÝR Á EDDUNNI

# Kemur til greina að endurskoða Edduverðlaunin

Rýr hlutur kvenna á nýafstaðinni Eddu-verðlaunahátíð vakti mikla athygli og hefur nú leitt til þess að konur innan kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar sitja á rökstólum og íhuga sinn hlut. Fjórar konur hlutu verðlaun á hátíðinni þótt lítið hafi verið fjallað um viðurkenningu þeirra en þetta voru þær Lilja Pálmadóttir og Agnes Johansen en þær framleiddu Mýrina ásamt Baltasar Kormáki; Harpa Elísa Þórsdóttir, einn framleiðenda Stelpnanna, sem var kosinn skemmtiþáttur ársins og Nína Dögg Filippusdóttir fyrir handritið að Börnum ásamt leikhópnum Vesturporti. Þegar verðlaunahafarnir söfnuðust saman upp á svið var hins vegar engin kona, eingöngu karlar með styttu.

Elísabet Ronaldsdóttir, formaður fagfélags kvenna í kvikmyndum og sjónvarpi, segir að hún finni vissulega fyrir óánægju meðal kvenna en þetta sýni jafnframt stöðu kvenna innan þessa geira. „Það hlýtur að vera takmark okkar allra að breyta þessu enda varla gott að saga þjóðarinnar skuli vera séð í gegnum auga annars kynsins,“ segir Elísabet sem bætir því að þegar hætt var að verðlauna leik fyrir bæði kyn hafi hlutur kvenna minnkað til muna. „Þetta er hins vegar samfélagsvandamál og endurspeglast víðar en í þessum geira,“ bætir hún við.

Björn Brynjúlfur Björnsson, formaður íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar, tekur undir orð Elísabetar og segir hlut kvenna hafa verið nokkuð rýran á þessu ári. „Það er ekki gott ástand að við skulum vera með svona fáar konur og við þurfum að reyna að bregðast við þessu með einhverjum hætti,“ segir Björn sem áréttar þó að verið sé að fara yfir þessa hluti og umræðunni verði haldið lifandi fram að næstu hátíð. Þar til fyrir þremur árum var sá háttur hafður á að verðlaunað var fyrir kven- og karlhlutverk en horfið hefur verið frá því. Björn Brynjúlfur segir ástæðurnar tvær: annars vegar að reynt hafi verið að stytta beinu útsendinguna og sum árin væru kvenhlutverk einfaldlega ekki jafn áberandi eða bitastæð. Í ár hafi hins vegar konur verið mjög áberandi í tveimur kvikmyndum, Börnum og Blóðböndum, og segir Björn það vel koma til greina að haga útnefningunum eftir árfari eða breyta þessu jafnvel alveg. „Þetta er þó hins vegar eins og í prófkjörum, það er ekki hægt að skikka fólk til að kjósa konur þótt allir vilji að það sé gert.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**NÍNA DÖGG** Fékk Edduna ásamt leikhópnum Vesturport fyrir handritið að kvikmyndinni Börn.



**LILJA PÁLMADÓTTIR** Var ein þeirra fjögurra kvenna sem unnu til Eddu-verðlauna en hún framleiddi Mýrina, bestu mynd ársins, ásamt Agnesi Johansen og Baltasar Kormáki.

**ELÍSABET RONALDSDÓTTIR** Segir konur vera uggandi yfir heldur fátæklegri útkomu þeirra á Eddu-verðlaunahátíðinni.



**BJÖRN BRYNJÚLFUR** Segir málið vera til skoðunar og ýmsar breytingar komi til greina fyrir næstu hátíð.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hannes – nóttin er blá, mamma, einblöðungur **Óttars Martins Norðfjörð** um ævi **Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar** hefur slegið óvænt í gegn. Í síðustu viku klifraði ritið alla leið í 9. sæti metsölulista Eymundsson og stefnir að öllum líkindum hærra í þessari viku. Á fréttasíðu Nýhils, nyhil.blogspot.com, segir að meðal þeirra sem keypt hafa „bókina“ sé **Gísli Marteinn Baldursson**, borgarfulltrúi og fyrrum lærisveinn Hannesar. Reyndar voru þeir félagar saman á ferð í Pennanum-Eymundsson í Austurstræti, þegar Gísli ákvað að bregða á leik og gefa lærimeistaranum eintak af ævisögunni. Borgarfulltrúanum til undrunar afþakkaði prófessorinn hins vegar gjöfina, sennilega vegna þess að Óttar er þegar búinn að senda honum eintak.





Það gustar af **Ævari Erni Jósepssyni** spennusagnahöfundi um þessar mundir. Nýjasta bók hans, Sá yðar er syndlaus er, hefur vakið hrifningu gagnrýnenda og ganga sumir svo langt að krýna hann glæpasagnakonung Íslands. Þá hefur bók hans Blóðberg verið tilnefnd til Glerlykilsins, norrænu glæpasagnaverðlaunanna. Ekki aðeins bókaunnendur hafa fallið unnvörpum í stafi yfir verkum Ævars, því að sögn hafa kvikmyndaframleiðendur, innlendir sem erlendir, sýnt áhuga á að koma hugverkum hans á hvíta tjaldið. Sjálfur verst hann allra frétta og er þögull sem gröfin. **- bs**




**Nóvember–mars**

**GOLF SHERATON REAL DE FAULA**

Glænýtt og stórglæsilegt golfhótel með öllum þægindum: Rúmgóð herbergi með háhraðanettengingu, útsýni yfir hafið eða golfvöllinn, þrír veitingastaðir og tveir barir. Áhugaverð svæði allt um kring. Tveir frábærir golfvellir, annar er par 72 og hinn par 62. Breiðar brautir, krefjandi flatir og glæsilegt útsýni yfir Miðjarðarhafið. Einstök lífsreynsla fyrir alla golfara, reynda sem byrjendur.

**Verð á mann í tvíbýli í viku:**

**86.487 kr.**

**2.–4. febrúar**

**LIVERPOOL–EVERTON**

Orrustan um Liverpool! Þegar Liverpool og Everton mætast fer allt á annan endann í borginni og þá er aðeins eitt sem skiptir máli: Ertu blár eða rauður? Liðin mættust fyrr á þessu tímabili á Goodison Park í dramatískum leik sem endaði með 3–0 sigri Everton. En nú er komið að leik þessara skemmtilegu liða á Anfield og það er næsta víst að heimamenn ætla sér að ná fram hefndum.

**Verð á mann í tvíbýli:**

**84.900 kr.**

**PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI**

**Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100**

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


# Sirrý og Heimir sýna jólaandann í verki

„Við viljum minna á það að desember er tími samhjálpar,“ segir Sigríður Arnardóttir, Sirrý, annar umsjónarmanna Íslands í bítið, sem ásamt Litaveri stendur fyrir jólaleik í anda þáttanna Extreme Makeover: Home Edition, sem sýndur er á Stöð 2.

„Við bjóðum fólki semsagt að senda okkur í þættinum línu og benda okkur á fjölskyldur sem því finnst eiga skilið að íbúðin þeirra sé tekin í gegn og segir okkur söguna á bakvið.“

Skilafresturinn rennur út 1. desember en þá munu Sirrý og Heimir Karlsson fara vandlega yfir bréfin og ákveða hver hreppir hnossið. „Þá mæta starfsmenn Litavers á svæðið og taka íbúðina í gegn; mála íbúðina í hólf og gólf, teppaleggja, setja á veggfóður, dúkaleggja og svo framvegis. Á meðan fylgjumst við með öllu saman, ræðum við fólkið og sýnum íbúðina fyrir og eftir breytingar.“

Sirrý bendir á að í allsnægtarþjóðfélaginu Íslandi séu þeir til sem ekki hafa efni á að halda húsnæði sínu við. „Með þessu viljum við vekja fólk til umhugsunar um hvort það geti ekki gert eitthvað til að rétta öðrum hjálparhönd. Fyrir marga er mun mikilvægara að vera rétt hjálparhönd en að fá eitthvað glingur.“

Sirrý segir það fara eftir því hversu vaskir starfsmenn Litavers verða hvenær þátturinn verður á dagskrá en vonast til að geta gert veglegan jólaþátt úr þessu. Þeir sem vilja benda á fólk í leikinn geta sent línu á netfangið bitid@365.is. **-bs**

**SIRRÝ OG HEIMIR** Efna til jólaleiks í samstarfi við Litaver.



# MAJONES JÓL



# STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

**heldur**

# ÚTGÁFU- OG JÓLATÓNLEIKA




**RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR**
**MIÐVIKUD. 29. NÓV. KL. 20:30**

Einsöngvari:
## BOGOMIL FONT

Stjórnandi:
## SAMÚEL J. SAMÚELSSON

**Skemmtileg jólaplata**
**sem kemur öllum í gott jólaskap**
**- líka þeim sem vilja það ekki!**

**Aðgangur ókeypis**

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

# Jólin koma

Á fyrstu búskaparárunum hafði ég sterkar skoðanir á öllu sem leit að húshaldi. Með arf kynslóðanna eins og blýlóð á bakinu fannst mér skylda að elda frá grunni næringarríkar máltíðir daglega. Ég straujaði vitaskuld sængurfötin svo og alla aðra vefnaðarvöru, tók slátur og gerði ærlegar hreingerningar minnst vikulega. Heimilið hefði fengið ágætiseinkunn í heimilisfræðiprófi á sjötta áratugnum. Eiginmannsefni mitt hringlaði þarna samt dálítið hissa, verandi alinn upp af bóhemískum foreldrum sem gerðu ekki veður út af smámunum.

**ÞEGAR** fyrstu jólin nálguðust hrúguðust upp verkefnin. Tók ég mið af húsfreyjum sem ráku stór heimili og setti markið á minnst átta smákökusortir. Vegna mikilla anna við gluggaþvotta og silfurfægingu urðu þær hinsvegar ekki fleiri en þrjár, sem var dálítið leiðinlegt. Verra var að verkefnalistinn ætlaði aldrei að styttast, sífellt bættust við nýjar skyldur: Handgerð jólakort, flóknar jólaskreytingar og ýmis námskeið í borðskreytingum og konfektgerð.

**HVÖRFIN** í framvindu þessarar sjálfskúgunar urðu á Þorláksmessu þegar ég brast í grát á öxl eldri systur minnar yfir öllu því sem mér tækist auðsjáanlega ekki að inna af hendi fyrir jól. Af undarlegum ástæðum fannst henni örvænting mín bara krúttleg. Hún tók hinn óralanga verkefnalista, reif hann snyrtilega og setti í ruslið. Þá var það afgreitt.

**ÁRUM** síðar er þessi reynsla enn kennslustund í kæruleysi. Þegar umhverfið byrjar að kalla á allt sem þarf fyrir jólin. Endilega að ganga frá nýju innréttingunum fyrir hátíðarnar, skreppa á jólahlaðborð, tónleika, skipta um bíl og hárgreiðslu. Einmitt núna þegar framkvæmdir við nýtt húsnæði fjölskyldunnar standa sem hæst gæti ég alveg farið á taugum yfir því að hafa hvorki baðkar né sturtu í bili.

**NÚ** lærum við hina bráðskemmtilegu útsjónarsemi að skreppa í sturtu hvar og hvenær sem færi gefst. Tólf smákökusortir eru eiginlega ekki eins mikilvægar og áður, þaðan af síður borðskreytingar fyrir lengra komna. Nú spekúlerum við í hvort við eigum að fara öll í sömu heimsóknina til að baða okkur á aðfangadag eða skipta liði. Ætli Vesturbæjarlaugin hafi opið yfir hátíðarnar?

www.volkswagen.is




3,8% vextir
Afborgun 31.690 kr. á mánuði*

**Volkswagen Passat Comfortline** er glæsilegur bíll sem uppfyllir kröfur vandlátustu ökumanna um þægindi, öryggi og akstureiginleika. Búnaðurinn talar sínu máli: Sex þrepa Tiptronic sjálfskipting, ESP stöðugleikastýring, þokuljós í framstuðara, rafrænn stöðuhemill, akstursölva, Climatic loftfrískunarbúnaður/kæling (A/C), fjarstýrð opnun á farangursgeymslu, krómpakki, rafstýrður mjóhryggsstuðningur í bílstjórasæti, hiti í framsætum, hraðastillir (cruise control), armpúði á milli fram- og aftursæta, langtímaþjónusta (Extra long life service), 8 hátalarar (að framan og aftan) og margt fleira. Komdu og kynnstu honum af eigin raun.

**Verð 2.850.000 kr.** **Passat Comfortline, 2,0 FSI® 150 hestöfl, sjálfskiptur.**

*Miðað við 20% útborgun og gengistryggðan bílasamning hjá SP-Fjármögnun. Gildir til 31. desember.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7132

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

FRJÁLSI

FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

Fíton/SÍA